

Litlu atriðin sem **skipta öllu máli**

fjölskyldan



Atli Freyr Arnarson kolféll fyrir *Lady Gaga*

fólk 54



Ævintýri Lilju Katrínar

sjónvarp 28



spottið 16


# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarútgáfa

**26. mars 2011**

71. tölublað 11. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




**Vanefndir VG**

*Atli Gíslason rekur aðdraganda úrsagnar sinnar úr þingflokki VG.*

stjórnmál 18

**Byrjaði að tefla sex ára**

*Veronika Steinunn er komin í hóp bestu skákkvenna Íslands.*



krakkasíðan 38

**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu

Fjölskyldan | Allt | Allt atvinna




HESTADAGAR Í REYKJAVÍK 2011

26. MARS - 2. APRÍL

Hneggjandi skemmtilegt gaman!

Sérblaðið **Hestadagar** fylgir Fréttablaðinu í dag.




**VATNIÐ SEM ÞARF Í EINA BJÓRFLÖSKU** Í Norræna húsinu stendur nú yfir norræn sýning um matvæli. Þar má meðal annars sjá hve mikið magn af vatni þarf til að búa til hálfan lítra af bjór. Þá er líka meðtalið allt það vatn sem þarf til að vökva akrana þar sem kornið er ræktað sem þarf til bjórframleiðslunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sex þúsund lán enn í óvissu

**Flest fjármálafyrirtæki hafa lokið endurútreikningi gengislána. Íslandsbanki á þó enn eftir að skila endurútreikningi um sex þúsund lána. Umboðsmaður skuldara segir erfiðustu og flóknustu lánamálin eftir.**

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki hefur enn ekki skilað endurútreikningi þriðjungs gengistryggðra húsnæðis- og bílalána viðskiptavina sinna þótt mánuður sé liðinn frá því að frestur bankans til þess rann út lögum samkvæmt. Engin viðurlög eru við drætti á endurútreikningnum.

Endurreikna þurfti um 17 þúsund gengistryggð lán samkvæmt upplýsingum frá bankanum. Búið er að endurreikna um 11 þúsund þeirra en um 6 þúsund eru eftir.

Gengistryggð lán voru dæmd ólögleg í Hæstarétti í júní í fyrra. Í lok desember var lögum um vexti og verðtryggingu frá 2001 breytt á Alþingi en samkvæmt þeim bar fjármálafyrirtækjum að hafa frumkvæði að uppgjöri lánanna. Lögin tóku gildi 28. desember en samkvæmt þeim áttu fjármálafyrirtækin að senda viðskiptavinum sínum útreikning á nýjum höfuðstól eigi síðar en 60 dögum eftir að nýju lögin tóku gildi. Uppgjör lána átti að fara fram innan 30 daga frá endurútreikningi. Sá dagur rennur upp á morgun.

> **22** þúsund er um það bil sá fjöldi gengislána sem þurfti að endurreikna hjá þremur stærstu bönkunum.

Erlend lán Íslandsbanka voru talsvert fleiri en hjá hinum stóru viðskiptabönkunum. Að sögn Kristjáns Kristjánssonar, upplýsingafulltrúa Landsbankans, er búið að gera upp öll þau 2.800 húsnæðislán í erlendri mynt sem voru hjá bankanum. Eftir er að reikna um eitt prósent 2.300 erlendra lána hjá Arion banka. Svipaða sögu er að segja hjá fjármögnunarfyrirtækjum í eigu bankanna.

„Ég hef heyrt að það séu erfiðustu og flóknustu málin sem eru eftir," segir Ásta Sigrún Helgadóttir, umboðsmaður skuldara. Hjónaskilnaðir, framsal á samningum og fleira flækir uppgjörin. Hún segir frestinn sem fjármálafyrirtækjunum var gefinn hafa verið til viðmiðunar. Legið hafi fyrir að útreikningar yrðu flóknir.

„Við gerum ráð fyrir að fjármálastofnanir og þrotabú sem eru með svona lán fari eftir ákvæði laganna. Fjármálaeftirlitið á að sjá til þess að fyrirtækin fari að lögum og virði góða viðskiptahætti," segir Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra.

**- kh, jab**


**Kosningar 2011**

**Nú göngum við til kosninga. Láttu þig málið varða, VR er félag okkar allra.**



VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR

## SPURNING DAGSINS



*Gunnar, er þetta nokkuð að fara fyrir ofan garð og neðan?*

„Nei, og er ekki best að sem flestir rækti garðinn sinn?"

Gunnar Hersveinn er upplýsingafulltrúi hjá Reykjavíkurborg, sem býður nú upp á fjölskyldugarða til leigu í stað skólagarða.

Þrír menn dæmdir til að greiða 1,2 milljónir í miskabætur:

# Fimm í fangelsi eftir skotárás

**DÓMSMÁL** Fimm karlmenn hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Reykjavíkur til fangelsisvistar vegna skotárásar í Bústaðahverfi á aðfangadag á síðasta ári. Sjötti maðurinn var sýknaður.

Sá sem hlaut þyngsta dóminn, Kristján Haukur Einarsson, var dæmdur í tveggja og og hálfs árs fangelsi. Ívar Kolbeinsson fékk tveggja ára fangelsi. Sá þriðji fékk eitt ár, sá fjórði fimm mánuði og sá fimmti fjóra mánuði.

Þrír mannanna, sem allir eru á þrítugs- og fertugsaldri, voru jafnframt dæmdir til að greiða húsráðandanum í Bústaðahverfi hálfa milljón króna í skaðabætur og eiginkonu hans 700 þúsund.



**SKOTÁRÁS** Tveimur skotum var skotið í útidyrahurðina.

Upphaf þessa máls var að tveir mannanna komu að húsi í Bústaðahverfi á aðfangadagsmorgun og vildu ræða við húsráðanda. Hann vildi ekki hleypa þeim inn en rak járnstöng út um bréfalúguna sem hafnaði á höfði annars aðkomumanna. Skömmu síðar sneru mennirnir aftur ásamt fleiri mönnum og höfðu þeir þá haglabyssu meðferðis. Tveir þeirra skutu sínu skotinu hvor í útidyrahurð hússins. Lögreglu bar brátt að og handsamaði hún mennina.

Atlagan var rakin til fíkniefnamála. Dómurinn ákvað að haglabyssan skyldi gerð upptæk. - jss

Varð úti í Reykjavík:

# Fannst látinn úti á Granda

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður um fertugt lést þegar hann varð úti í Reykjavík. Maðurinn fannst látinn í gærmorgun á Granda, en þar eru gámahús á vegum Reykjavíkurborgar.

Friðriki Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, segir bráðabirgðaniðurstöður krufningar benda til þess að maðurinn hafi látist af völdum ofkælingar.

Hann segir að það sé frekar óalgengt að fólk verði úti í Reykjavík. - jhh

Stjórnartillaga til þingflokka:

# Þjóðaröryggisstefna mótuð

**STJÓRNMÁL** Tillaga utanríkisráðherra um þingsályktun um mótun öryggisstefnu Íslands í þjóðaröryggismálum var rædd á fundi ríkisstjórnarinnar í gær.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Tillagan verður lögð fram á þingflokksfundum í næstu viku, en efnislega vill utanríkisráðuneytið ekki gefa upplýsingar um tillöguna fyrr en hún hefur verið kynnt þingflokkunum.

Utanríkisráðherra hefur þó áður boðað þverpólitíska vinnu um mótun heildstæðrar stefnu í varnar- og öryggismálum, sem byggð verði á nýrri og breiðari nálgun á öryggishugtakinu eins og það var útlistað í skýrslu áhættumatsnefndar til utanríkisráðherra fyrir tæpum tveimur árum. - gb

Leita leiða til að laga fjárhag:

# Sala virkjana ekki áformuð

**ORKUMÁL Ekki hefur komið til tals að Orkuveita Reykjavíkur selji Landsvirkjun einhverjar af virkjunum sínum, eins og fram kom í fjölmiðlum í gær. Þetta segir Bjarni Bjarnason, forstjóri OR.**

**Bjarni segir að staða Orkuveitunnar sé vissulega erfið, og leitað sé allra leiða til að laga fjárhaginn, en sú leið að selja einhverjar af virkjunum fyrirtækisins hafi ekki verið skoðuð.**

**Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, tekur í sama streng. Hann segir slík kaup á virkjunum ekki hafa verið skoðuð hjá Landsvirkjun, og engar viðræður séu í gangi eða séu fyrirhugaðar við Orkuveituna.** - bj

# Viðamesta þýðing íslenskrar ritsögu

**Um sextíu manns vinna að nýjum þýðingum á öllum Íslendingasögunum á dönsku, norsku og sænsku. Saga forlag stendur að þýðingunum, sem eru þær umfangsmestu í íslenskri bókmenntasögu. Kostnaður er um 200 milljónir króna.**

**MENNING** Stefnt er að því að allar Íslendingasögurnar komi út í nýjum þýðingum á norsku, dönsku og sænsku árið 2012. Útgáfan var kynnt á kynningarfundi á Hótel Loftleiðum í gær.

Um er að ræða umfangsmesta þýðingarverkefni í sögu íslenskra bókmennta, jafnvel í heiminum að mati Jóhanns Sigurðssonar, útgefanda hjá Sögu forlagi, sem stendur að verkefninu.

„Við þekkjum að minnsta kosti engin dæmi um verkefni þar sem heil bókmenntagrein er þýdd yfir á þrjú tungumál í einu."

Útgáfan fylgir í kjölfar heildarútgáfu sagnanna á ensku frá 1997 en sú þýðing liggur einnig til grundvallar þýskri þýðingu Íslendasagnanna sem kemur út í tengslum við bókamessuna í Frankfurt í haust.

Ákveðið var að ráðast í heildarþýðingu Íslendingasagnanna yfir á Norðurlandamálin árið 2004. Fyrstu árin fóru í fjármögnun verksins undir forystu Jóhanns. Fyrsta styrkinn fékk verkefnið frá Alþingi 2007 og fóru hjólin þá að snúast. Gerðir voru samningar við ríflega 60 manns, sem vinna að þýðingunum og hafa sérstakir ritstjórar verið ráðnir í hverju landi.

Efnahagshrunið setti aftur á móti strik í reikninginn.

„Við vorum langt komin með fjármögnun þegar hrunið reið yfir. Þá misstum við bæði bakhjarla, sem sáu sér ekki fært að standa við sitt og hrun krónunnar varð til þess að samningar við þýðendur og ritstjóra hækkuðu um helming," segir Jóhann, en heildarkostnaður verksins er um 200 milljónir króna.



**RISAVERKEFNI Í ÍSLENSKRI BÓKMENNTASÖGU** Jón Gunnar Jörgensen, annar ritstjóra norsku þýðingarinnar, og Jóhann Sigurðsson, útgefandi hjá Sögu forlagi, vinna að heildarþýðingu Íslendingasagna yfir á Norðurlandamálin. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> Við þekkjum að minnsta kosti engin dæmi um verkefni þar sem heil bókmenntagrein er þýdd yfir á þrjú tungumál í einu.
>
> **JÓHANN SIGURÐSSON** ÚTGEFANDI

Brugðist var við með því að leita til stofnana og fyrirtækja á Norðurlöndum, sem Jóhann segir að hafi brugðist vel við, auk fyrirtækja hér heima sem leggja verkefninu lið.

„Fjármögnunin er mjög langt á veg komin; við erum ekki alveg komin fyrir vind en sjáum í mark. Þar skiptir ekki síst máli að þetta er gert af bullandi hugsjón ritstjóranna og fleiri sem að þessu verkefni standa."

Nú stendur yfir viðamikill yfirlestur á þýðingunum, samræming og annar frágangur á atriðum á borð við kveðskap sagnanna og þekktustu orðtök. Útgáfustjóri norrænu þýðinganna er Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor á Árnastofnun, og með honum í ritnefnd eru fyrrverandi forstöðumenn Árnastofnunar, Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason, Örnólfur Thorsson forsetaritari og Viðar Hreinsson, ritstjóri ensku heildarútgáfunnar.

bergsteinn@frettabladid.is



**HJÓNABAND** Sífellt færri Danir ganga í hjónaband.

Hjónavígslur í Danmörku:

# Færri giftingar en síðustu 20 ár

**DANMÖRK Um 31 þúsund pör gengu í hjónaband í Danmörku í fyrra, en það er 6 prósenta samdráttur frá fyrra ári og fæstu giftingarnar frá árinu 1989. Þetta kemur fram hjá tölfræðistofnun Danmerkur.**

**Karlar eru að meðaltali 34,6 ára þegar þeir ganga fyrst í hjónaband, en konur 32,1 árs. Það er óbreytt frá fyrra ári og í fyrsta sinn frá árinu 1966 sem meðalaldur hækkar ekki milli ára.**

**Þá fækkaði hjónaskilnuðum nokkuð, en í fyrra skildu 14.460 pör að skiptum. Um helmingur skilnaðarpara fór hvort í sína áttina eftir níu ár eða minna.** - þj

Samkomulag í sjónmáli:

# Nató tekur við stjórn árása

**LÍBÍA, AP** Kanadíski herforinginn Charles Bouchard hefur fengið það hlutverk að stjórna árásum Atlantshafsbandalagsins á Líbíu.

NATO tekur við yfirstjórn hernaðaraðgerðanna af Bandaríkjunum á allra næstu dögum.

Bandaríkin munu þó líklega auka enn þátttöku sína í hernaðinum. - gb




Fjölmenn mótmæli víða í Mið-Austurlöndum að loknum föstudagsbænum:

# Hörð átök brutust út í Sýrlandi

**SÝRLAND, AP** Átök brutust út víða í Sýrlandi í gær milli stuðningshópa stjórnarinnar og andstæðinga hennar, sem fjölmenntu þúsundum saman út á götur eftir föstudagsbænir.

Herinn jók svo enn á ofbeldið með því að beita skotvopnum á mótmælendur í nokkrum borgum. Í borginni Daraa náði hópur mótmælenda byssum af hermönnum og rak þá út úr borginni.

Óeirðirnar í gær eru þær mestu sem orðið hafa í landinu svo árum skiptir. Mótmælendurnir krefjast þess að Bashar Assad forseti segi af sér.

Mikil ólga er enn víða í Mið-Austurlöndum. Í Jórdaníu kom einnig til átaka milli mótmælenda, sem krefjast umbóta, og stuðningsmanna stjórnvalda.

Í Jemen er sívaxandi þrýstingur á Ali Abdullah Saleh að segja af sér. Í gær sagðist hann reiðubúinn til þess, svo fremi sem hann geti skilið landið eftir í öruggum höndum, eins og hann orðaði það.



**HERMENN Í SÝRLANDI** Veifuðu myndum af Bashar Assad forseta. NORDICPHOTOS/AFP

Átök brutust einnig út í Barein í gær og jafnvel í Sádi-Arabíu héldu nokkur hundruð sjía út á götur að lýsa yfir stuðningi við trúbræður sína í Barein. - gb



Allir blómvendir
Aðeins
**1190kr**
Túlipanar, liljur, rósir og blönduð búnt.

# Blómaportið
alla föstudaga og laugardaga

# VOR Í LOFTI
## frábær afsláttur

**20%** AFSLÁTTUR
ÖLL FRÆ
VORLAUKAR
MOLD



**FRÆ**
Eitt mesta úrval landsins!
Kryddjurtir
Matjurtir
Sumarblóm

Græna þruman
**Blómaáburður.** 1 ltr.
10220742
799kr
~~949kr~~

Luktir verðdæmi.

| | | |
|---|---|---|
| Tré/járn, lítil | 12435903 | 1.990kr |
| Tré/járn, miðst. | 12435902 | 2.990kr |
| Tré/járn, stór. | 12435901 | 4.990kr |



Laufhrífa
Plast
5084338
795kr

Hekkklippur
IKRA Rafmagns, 520W
5083755
6.995kr





Silkiblóm í potti
1990kr

KAFFI GARÐUR Skútuvogi
opið laugardag 12:00-16:00
**Gurótakaka og kaffi**
290kr



blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

## GENGIÐ 25.03.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,03 | 114,57 |
| Sterlingspund | 183,57 | 184,47 |
| Evra | 161,43 | 162,33 |
| Dönsk króna | 21,641 | 21,767 |
| Norsk króna | 20,468 | 20,588 |
| Sænsk króna | 17,972 | 18,078 |
| Japanskt jen | 1,4028 | 1,4110 |
| SDR | 180,82 | 181,90 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

215,9525

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þingmenn allra flokka vilja að staðir gefi upp hitaeiningar í skyndibitaréttum:

# Liður í að bæta neysluvenjur

**ALÞINGI** Þingmenn allra flokka sem sæti eiga á Alþingi vilja að skyndibitastöðum verði gert að birta með áberandi hætti upplýsingar um hitaeiningainnihald skyndibitarétta sem þeir hafa á boðstólum.

„Eins og allir sjá hefur verið vaxandi neysla á skyndibitum hér eins og á öðrum Vesturlöndum,“ segir Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins. Hún er fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu um málið sem lögð hefur verið fram á Alþingi.

„Skyndibitar eru yfirleitt mjög hitaeiningaríkir, og þeir eru ein af ástæðunum fyrir því að Íslendingar stefna í mikinn heilsufarsvanda,“ segir Siv.

Hún segir líklegt að fyrst um sinn muni reglurnar ná til stærri skyndibitakeðja. Hún vilji þó að allir staðir sem selja umtalsvert magn af skyndibitum þurfi að upplýsa um hitaeiningamagnið.

Siv segir að séu neytendur upplýstir sé líklegra að þeir velji léttari rétti. Einnig sé líklegra að skyndibitastaðirnir bjóði upp á heilsusamlegri rétti þurfi þeir að gefa upp hitaeiningafjöldann í réttum sínum. - bj



**SKYNDIBITAR** Íslendingar njóta þess vafasama heiðurs að vera fjórða feitasta þjóðin í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hálfs árs barn slapp vel:

## Ölvaður ók á barn og flúði

**DANMÖRK** Betur fór en á horfðist þegar ölvaður maður ók skellinöðru á barnavagn í Óðinsvéum á fimmtudag. Hálfs árs gömul stúlka sem var í vagninum þeyttist tíu metra vegalengd, en lenti sem betur fer á grasbala við göngustíg og meiddist ekkert.

Ökumaðurinn hélt áfram, en var hundeltur af akandi og hjólandi vegfarendum. Eftirförinni lauk þegar hann féll af baki og var handtekinn. Maðurinn var mjög drukkinn og með eiturlyf innanklæða. - þj

Lög um staðgöngumæðrun:

## Frumvarp ekki talið tímabært

**ALÞINGI Meirihluti félags- og tryggingamálanefndar Alþingis telur að frumvarp um lögleiðingu staðgöngumæðrunar sé ekki tímabært. Nefndin skilaði áliti til heilbrigðisnefndar í vikunni.**



SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður félags- og tryggingamálanefndar, segir meirihlutann telja að ekki eigi að samþykkja þingsályktunartillögu um lögleiðingu óbreytta.**

**„Það þarf að skoða ýmsar hliðar á þessu máli og fara yfir löggjöf í nágrannalöndum okkar áður en ákvarðanir eru teknar,“ segir Sigríður Ingibjörg.** - sv

### ÁRÉTTING

Vegna fréttar í blaðinu í gær um tryggingar skartgripa hjá VÍS skal ítrekað að úr og skartgripir eru tryggðir í F plús og teljast til persónulegra muna. Hins vegar eru takmörk á bótum vegna þessara muna, þannig að þær nema að hámarki fimm prósentum af heildar vátryggingafjárhæðinni.

### LEIÐRÉTTING

Mishermt var í Fréttablaðinu í gær að til stæði að stjórnlagaráð tæki til starfa seint í apríl. Hið rétta er að til stendur að það hefji störf fyrri hluta apríl.

Í leiðara blaðsins í gær var eitt pens sagt rúmlega 18 krónur. Þarna fór komman á flakk; pens er rúmlega 1,8 krónur. Beðist er velvirðingar á klaufaskapnum.

# Tæp fimm ár gætu liðið uns höft víkja

**Samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans verða fyrst afnumin gjaldeyrishöft á eignum erlendra aðila í krónum en síðan á innlendum aðilum. Óskað verður heimildar til að halda höftunum til ársloka 2015 ef þörf krefur.**

**EFNAHAGSMÁL** „Markmiðið er að setja fram trúverðuga heildarmynd um afnám hafta,“ sagði Árni Páll Árnason, viðskipta- og efnahagsráðherra, þegar áætlun sem ríkisstjórnin hefur samþykkt um afnám gjaldeyrishafta var kynnt í gær.

Seðlabankinn vann áætlunina í samvinnu við efnahags- og viðskiptaráðuneytið, fjármálaráðuneytið og Fjármálaeftirlitið. Í henni er gert ráð fyrir afnámi gjaldeyrishaftanna í tveimur megin hlutum og að Alþingi samþykki heimild til að viðhalda höftunum til ársloka 2015. „Engar líkur eru á að höftin geti horfið áður en núverandi lagaheimild rennur út hinn 31. ágúst næstkomandi án þess að tekin verði óverjandi áhætta hvað varðar gengi krónunnar og stöðugleika fjármálakerfisins,“ segir í áætluninni.

Í fyrri hluta áætlunarinnar á, í smáum skrefum, að afnema höft á svokölluðum aflandskrónum, það er að segja eignum erlendra aðila í íslenskum krónum. Þær eru taldar nema um 465 milljörðum króna. Reyna á að beina aflandskrónunum inn í íslenskt efnahagslíf og í langtímafjármögnun ríkissjóðs. Þeim sem eftir standa verður boðið að selja krónur fyrir erlendan gjaldeyri gegn greiðslu „útgöngugjalds“ eða að skipta á skuldabréfum ríkissjóðs í krónum og skuldabréfi ríkissjóðs í erlendum gjaldeyri.

„Við vitum ekki hvað fyrsti áfanginn gengur hratt fyrir sig, það verður bara að koma í ljós,“ sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri, sem kvað ýmis skilyrði nú betri en þau hafi verið. „Öllum áhyggjum af greiðslufalli ríkissjóðs hefur verið eytt fullkomlega.“

Í áætluninni segir að meiriháttar skref verði þó vart tekin fyrr en ríkissjóður hafi með lántöku sýnt fram á getu til þess að endurfjármagna erlend lán. „Það hefur tafist, meðal annars vegna hinnar óleystu Icesave-deilu. Verði lögunum um ríkisábyrgð hafnað er líklegt að annar áfangi áætlunarinnar og síðari hluti fyrri áfanga hennar tefjist.“

Síðari hluti áætlunarinnar lýtur að því að aflétta gjaldeyrishöftum á innlenda aðila sem eiga krónur. „Í þessum áfanga er hættan á óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði að óbreyttu mun meiri en í fyrri áfanganum,“ segir í áætluninni.

Viðskipta- og efnahagsráðherra lagði mikla áherslu á að til þess að áætlunin væri trúverðug þyrfti tímarammann að vera rúmur. Til dæmis gæti komið til ákvörðunar um aðild að Evrópusambandinu á árinu 2013. Þá væri mikilvægt að hafa tíma til að bregðast við niðurstöðu þjóðarinnar í því efni, á hvorn veginn sem hún yrði.

„Við vonumst auðvitað til að þetta geti gengið hraðar og við þurfum ekki að nýta allan tímann,“ sagði Árni Páll Árnason. gar@frettabladid.is



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON OG MÁR GUÐMUNDSSON** Viðskipta- og efnahagsráðsherra og seðlabankastjóri kynntu í gær áætlun um afnám gjaldeyrishaftanna sem hér hafa verið við lýði frá því í lok nóvember 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Könnun fyrir Áfram Ísland:

## Meirihluti fyrir Icesave-lögum

**STJÓRNMÁL** Alls ætla 56 prósent Íslendinga örugglega eða líklega að segja já í væntanlegri þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-lögin. Á móti ætla 44 prósent að kjósa gegn lögunum. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar sem Capacent gerði fyrir hóp fólks sem kallar sig Áfram-hópinn.

Könnunin var gerð dagana 17. til 24. mars. Af 1.271 manns úrtaki svaraði 791. Í könnun sem Viðskiptablaðið birti í síðustu viku mældist fylgi við Icesave-lögin 52 prósent. Áfram-hópurinn segir nýrri könnunina því sýna að bilið sé „aftur að breikka á milli þeirra sem ætla að kjósa með Icesave-samningnum og þeirra sem eru á móti honum.“ - gar

Kjarnaofnar enn til vandræða:

## Geislavirkt vatn lekur frá verinu

**JAPAN, AP Stöðva þurfti tímabundið vinnu við að kæla niður ofna kjarnorkuversins í Fukushima í gær þegar ljóst virtist að geislavirkt vatn læki út úr einum ofnanna.**



NAOTO KAN FORSÆTISRÁÐHERRA

**Svo virtist sem gat hefði komið á stálgeymi ofnkjarnans, hugsanlega þegar sprenging varð þann 14. mars.**

**Staðfest tala látinna var í gær komin yfir tíu þúsund og þúsunda var enn saknað. Margir hafast enn við í neyðarskýlum og á hundruðum þúsunda heimila hefur fólk verið án rafmagns og heits vatns í hálfan mánuð.** - gb


Rýmingarsala á málverkum



Gallery Art2b Opið Alla daga frá 12:00 til 18:00

Kauptún 3 - Garðabær - s: 533 22 00 - www.art2b.is


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**HÆGUR VINDUR** af vestri á landinu næstu daga. Þokuloft einkum vestan til á landinu í dag en nokkuð bjart veður eystra. Útlit fyrir bjartara veðri á morgun. Hitinn verður víðast á bilinu 1-8°C að deginum til en má búast við næturfrosti þar sem léttir til.




Á MORGUN
Hæglætis veður.

MÁNUDAGUR
3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 6° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 14° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 4° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 5° |
| París | 19° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




**RAFBÍLL**
frá Northern Lights Energy

**Blöðrur, sleikjó og sundpokar, fyrir börnin**
meðan birgðir endast.

**Pylsur, Coke og kökur á tilboðsverði**

Dregið á klukkustundar fresti um skemmtilega vinninga
**LUKKULEIKUR**
Þú gætir unnið
10.000 kr. inneignarkort á N1
Porta-Chef ferðagrill
DVD ferðaspilari
hjólastillingu
skrifborðsstól
eða verkfærasett

Lækkaðu eldsneytiskostnaðinn eftirminnilega í dag

# SPARDAGUR N1

Komdu á Spardag N1 í dag og kynntu þér leiðir til að lækka eldsneytiskostnaðinn. Sérfræðingar okkar veita góð ráð og sýna leiðir til að draga úr eldsneytisnotkun. Einnig kynnum við nýja orkugjafa eins og metan og bíódísel ásamt fjölvirkum bætiefnum í bensín og dísel sem draga úr eyðslu. Skemmtileg dagskrá og allir velkomnir milli 10 og 16.

**LIFANDI TÓNLIST**



## Frábær dagskrá og tilboð í stórverslun N1 Bíldshöfða 9

| 99 kr. | 50 kr. | 25% | 20% | 20% | 20% | 25% |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Pylsa og Coke | Kaffi og kaka | afsláttur af Turtle Wax bónvörum | afsláttur af mótorolíum | afsláttur af tjöruhreinsi | afsláttur af rúðuvökva | afsláttur af ilmkertum |

**Kynning á metani, bíódísel og fjölvirkum bætiefnium**

WWW.N1.IS

N1

Meira í leiðinni

**KJÖRKASSINN**



*Er rétt hjá Reykjavíkurborg að breyta skólagörðunum í fjölskyldugarða?*

| | |
|---|---|
| Já | 39,8% |
| Nei | 60,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Var rétt hjá Alþingi að setja á fót stjórnlagaráðið sem samþykkt var?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Ríkið sýknað af milljóna skaðabótakröfu konu sem fór í ófrjósemisaðgerð:

# Brenndu tvö göt á görn í aðgerð

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið hefur verið sýknað af sjö milljóna skaðabótakröfu konu sem lenti í því að tvö göt voru brennd á görn hennar í ófrjósemisaðgerð á spítala.

Ófrjósemisaðgerðin fór fram með þeim hætti að brennt var fyrir eggjaleiðarana. Önnur aðferð og hættuminni er möguleg í sama tilgangi og felst hún í því að klemma fyrir eggjaleiðarana.

Konan fór í aðgerðina í nóvember 2002 og var útskrifuð síðar sama dag. Tíu dögum síðar var hún aftur lögð inn, mikið veik og komin með lífhimnubólgu. Hún fór í aðgerð þar sem götin á görninni komu í ljós. Var garnabútur fjarlægður og endarnir saumaðir saman.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Sýknaði ríkið af skaðabótakröfu konunnar.

Árið 2003 þurfti hún aftur að leggjast á spítala vegna garnastíflu. Konan vildi sækja bætur vegna saknæmrar og ólöglegrar háttsemi en bótaskyldu ríkisins var vísað á bug og fór málið því fyrir dómstóla.

Í niðurstöðu dómsins segir meðal annars að ekki hafi verið um saknæmt gáleysi að ræða er rafmagnstöngin rakst í garnir konunnar, heldur „sjaldgæft óhappatilvik“. Þá hefði konunni mátt vera fullljóst í hverju aðgerðin væri fólgin og hvaða afleiðingar hún gæti haft, þar sem hún hefði ritað undir eyðublað þar að lútandi. - jss

Betri aðlögun skilar árangri:

# Fækkun glæpa hjá nýbúum

**DANMÖRK** Hlutfall afbrotamanna í hópi nýbúa í Danmörku og afkomenda þeirra hefur dregist verulega saman.

Árið 1990 reyndust 11 prósent af annarri kynslóð innflytjenda hafa gerst brotleg við lög en nú er samsvarandi hlutfall 5 prósent.

Þessi breyting er rakin til betri aðlögunar innflytjenda að dönsku samfélagi. Þó er þessi hópur þrefalt líklegri til að brjóta af sér en fólk af dönskum uppruna, þar sem opinberar tölur sýna að 1,4 prósent þess hafa brotið lög. - þj

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

**Framboðsfundur**

**Kynningarfundur með frambjóðendum til formanns Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík þann 29. mars kl. 16:30-17:30.**

**Hægt verður að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vefsvæði félagsins www.hjukrun.is**

**Kjörnefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga**

# Telur Bændasamtökin hafa of stórt hlutverk

**Ríkisendurskoðun segir óæskilegt að Bændasamtök Íslands annist bæði framkvæmd og eftirlit með stjórnsýsluverkefnum. Endurskoða þurfi fyrirkomulagið og mikilvægt sé að stjórnvöld efli eftirlit með framlögum til landbúnaðar.**

**LANDBÚNAÐUR** Bændasamtökum Íslands hefur verið falið of víðtækt hlutverk í stjórnsýslu landbúnaðarmála og þurfa stjórnvöld að endurskoða fyrirkomulagið og efla eftirlit með framlögum til landbúnaðar. Þetta er mat Ríkisendurskoðunar í skýrslu um útvistun opinberra verkefna til Bændasamtakanna, sem kom út í gær.

Þar segir að með því að fela samtökunum fag- og fjárhagslega framkvæmd landbúnaðarverkefna séu stjórnvöld og Alþingi einnig að fela þeim, að nokkru leyti, opinbert vald, meðal annars „í ákvörðunum um opinberar greiðslur til bænda, útreikningi, afgreiðslu og eftirliti með framkvæmd þeirra“.

Þá sitji fulltrúar samtakanna í nefndum og ráðum sem taki ákvörðun á þessum sviðum, veiti stjórnvöldum ráðgjöf og annist þess utan hagskýrslugerð fyrir landbúnaðinn.

Þetta telur Ríkisendurskoðun að sé óæskilegt þar sem möguleiki er á hagsmunaárekstrum.

Bændasamtökin fá á þessu ári 399 milljón krónur í framlög frá ríkinu.

Í skýrslunni eru fjórar ábendingar frá Ríkisendurskoðun til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Þær lúta að því að takmarka stjórnsýsluverkefni Bændasamtakanna og efla eftirlit ráðuneytisins með framlögum til landbúnaðar. Þá er lagt til að fyrirkomulagi hagskýrslugerðar verði breytt til að tryggja óhlutdrægni, jafnvel verði komið á stofnun á vegum ráðuneytisins sem afli og vinni úr upplýsingum á sviði landbúnaðar.

Ráðuneytið verði einnig að eyða óvissu um lögboðnar skyldur samtakanna.



**BÆNDAHÖLLIN** Ríkisendurskoðun telur að Bændasamtökum Íslands hafi verið falið of víðtækt hlutverk í stjórnsýslu landbúnaðarmála og endurskoða þurfi fyrirkomulagið. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

> Við hefðum ekkert á móti því að losna við eitthvað af þessum verkefnum.
>
> **HARALDUR BENEDIKTSSON**
> FORMAÐUR BÆNDASAMTAKA ÍSLANDS

Loks er þeim tilmælum komið til Matvælastofnunar að hún annist sjálf stjórnsýluverkefni á ábyrgðarsviði sínu í stað þess að útvista þeim til Bændasamtakanna.

Í athugasemdum sínum við ábendingum Ríkisendurskoðunar tekur ráðuneytið undir mörg atriði og segir meðal annars að eftirlit með ráðstöfun fjármuna hafi verið aukið síðustu tvö ár og vilji sé til frekari úrbóta. Auk þess sé nauðsynlegt sé að bæta hagskýrslugerð og Hagstofa Íslands vinni nú að því verkefni.

Hins vegar tekur ráðuneytið ekki undir þá skoðun Ríkisendurskoðunar að framsal verkefna til Bændasamtakanna sé óæskilegt. „Þvert á móti geti verið sterk rök fyrir því að þetta sé árangursríkt fyrirkomulag.“

„Við erum bara að framfylgja þeim lögum sem eru í gildi og þeim samningum sem gerðir hafa verið,“ sagði Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

„Við hefðum ekkert á móti því að losna við eitthvað af þessum verkefnum, en það er ekki okkar heldur ráðuneytisins að svara því hvort annað fyrirkomulag væri betra. Okkar keppikefli er ekkert annað en að þetta sé bæði ódýrt og skilvirkt,“ segir Haraldur Benediktsson. thorgils@frettabladid.is

„Ég segi já vegna þess að með því að klára þetta mál getum við einbeitt okkur að öðrum verkefnum sem koma okkur áfram í baráttunni gegn atvinnuleysinu.“

Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs



Já er leiðin áfram!

ÁFRAM!

www.afram.is

*ÁFRAM er hreyfing einstaklinga sem telja hagsmunum Íslands best borgið með því að Icesave-lög Alþingis (lög nr. 13/2011) haldi gildi sínu. Auglýsingar og annað starf hreyfingarinnar eru greidd með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. ÁFRAM - Laugavegi 3 - 101 Reykjavík - afram@afram.is*

Krafa fórnarlambs eineltis á bæjarstjórnarskrifstofum Seltjarnarness ekki uppfyllt:

# Eineltið ósannað segir bæjarstjórnin

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Seltjarnarness segir hvorki efni né ástæðu til að verða við kröfum Ólafs Melsteð, fyrrverandi starfsmanns á bæjarskrifstofunni, um að Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra væri vikið úr starfi.

Ólafur taldi Ásgerði hafa lagt sig í einelti í starfi. Undir það tóku dómkvaddir matsmenn. Þeir töldu þó Ásgerði ekki hafa brotið gegn Ólafi nema í þremur tilvikum af 27 sem hann tiltók.

Ólafur krafðist þess í kjölfarið að honum yrðu greiddar skaða- og miskabætur, að bæjarstjórn veitti Ásgerði formlega áminningu og viki henni síðan úr starfi.

Bæjarstjórn segist hafa farið yfir forsendur og niðurstöðu matsgerðarinnar vegna eineltisins. „Telur bæjarstjórn allan rökstuðning skorta fyrir því hvað það var í háttsemi bæjarstjóra sem féll undir skilgreiningu eineltishugtaksins í skilningi laga. Vegna þessa álítur bæjarstjórn niðurstöður matsgerðarinnar ekki sýna, svo hafið sé yfir vafa, að bæjarstjóri hafi lagt Ólaf í einelti,“ segir bæjarstjórnin, sem kveður réttast að málið fari fyrir dómstóla. „Með því móti er eingungis unnt að tryggja sanngjarna og og réttláta málsmeðferð.“ - gar



**SELTJARNARNES** Bæjarstjórn Seltjarnarness segir rök dómkvaddra matsmanna fyrir því að bæjarstjóri hafi lagt starfsmann í einelti ekki fyrir hendi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**Framtíðarreikningur Íslandsbanka er frábær fermingargjöf.**

Með honum geta foreldrar, ömmur, afar, frændur eða frænkur tryggt fermingarbarninu veglegan sjóð sem losnar við 18 ára aldur, um það bil þegar næstu stóru áfangar í lífinu blasa við. Hann ber ávallt hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans og er því framúrskarandi valkostur fyrir langtímasparnað.

Hægt er að stofna og leggja inn á Framtíðarreikning í útibúum Íslandsbanka.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki



J.S.Bach BWV 245
JÓHANNESARPASSÍA

Hallgrímskirkja Reykjavík
Föstudaginn 1. apríl 2011 kl. 20
Laugardaginn 2. apríl 2011 kl. 17

Menningarhúsið Hof Akureyri
Sunnudaginn 3. apríl 2011 kl. 17
Minningartónleikar um Áskel Jónsson söngstjóra f. 5. apríl 1911.

Miðasala í Hallgrímskirkju · Sími: 510 1000 · Miðaverð: 4.900 kr./3.900 kr.
Miðasala Hofi Akureyri · Sími: 450 1000 · Miðaverð: 3.900 kr.
www.menningarhus.is www.listvinafelag.is

Listvinafélag Hallgrímskirkju - 29. starfsár

Lögreglan handtók tvo karlmenn í iðnaðarhúsnæði í Kópavogi í gær:

# Fundu byssur, kókaín og stera

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan stöðvaði kannabisræktun í iðnaðarhúsnæði í Kópavogi síðdegis í fyrradag.

Við húsleit fundust tuttugu kannabisplöntur og var ræktunin vel á veg komin. Á sama stað var einnig lagt hald á tvö skotvopn, haglabyssu og riffil.

Karlmaður um þrítugt, sem kom á vettvang á meðan á leitinni stóð, var handtekinn. Í fórum hans fundust um 25 grömm af kókaíni. Í framhaldinu var farið til húsleitar hjá leigutaka húsnæðisins, karlmanns á svipuðum aldri. Í híbýlum hans í Grafarvogi fundust á fjórða tug ampúlla af sterum og um tuttugu kannabisplöntur en kannabisræktunin var haganlega falin í bílskúr við heimili mannsins. Málin teljast upplýst.



**KÓKAÍN** Annar mannanna var með umtalsvert magn af kókaíni í fórum sínum.

Fyrrnefndar aðgerðir eru liður í að hamla gegn sölu og dreifingu fíkniefna en sem fyrr minnir lögreglan á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Fíkniefnasíminn er samvinnuverkefni lögreglu og tollyfirvalda og er liður í baráttunni við fíkniefnavandann.

- jss

# Færri feður í orlof eftir efnahagshrun

**Efnahagshrunið hafði mikil áhrif á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi kemur fram í nýrri skýrslu á vegum velferðarráðuneytisins. Hlutfall atvinnulausra kvenna hefur farið hækkandi og færri feður fara í fæðingarorlof en áður.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Mun færri feður nýta sér fæðingarorlof eftir efnahagshrunið en áður. Á síðustu þremur árum hefur hámark á fæðingarorlofsgreiðslum verið lækkað í þrígang og er hámarkið nú 300 þúsund krónur. Orlofsgreiðslum til feðra hefur fækkað um níu prósent frá árinu 2008, en greiðslum til mæðra fjölgað um 4,5 prósent.

Um helmingur feðra lenda í hámarkinu á móti 20 prósent mæðra. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu, Konur í kreppu?, sem er samantekt á opinberum tölulegum gögnum á áhrifum efnahagshrunsins á velferð kvenna. Þær Eygló Árnadóttir og Eva Björnsdóttir tóku skýrsluna saman fyrir hönd velferðarvaktarinnar, stýrihóps sem skipaður var af ráðuneytinu til að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum efnahagsástandsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu.

„Skoða þyrfti kynjamun á þeim hópi foreldra sem þurfa að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og detta á meðan út af vinnumarkaði með tilheyrandi tekjutapi. Telja má að þarna séu konur í miklum meirihluta,“ segir í skýrslunni. Tekjutap fjölskyldna er líklegra til að verða meira ef faðir fer í fæðingarorlof heldur en móðir. Viðhorf til feðra í orlofum eru einnig ólík innan vinnustaða, en í rannsókn á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum og fleiri frá árinu 2004 töldu 46 prósent atvinnurekenda að erfitt væri fyrir karlmann að taka þriggja mánaða fæðingarorlof, en 26 prósent að erfitt væri fyrir konu að taka sex mánaða orlof.

Kynjahlutfall atvinnulausra hér á landi hefur nú jafnast mun meira út heldur en var stuttu eftir efnahagshrunið. Niðurskurður hjá hinu opinbera hefur meiri áhrif á atvinnustöðu kvenna en karla þar sem konur eru yfirgnæfandi meirihluti ríkisstarfsmanna og þá sérstaklega í umönnunarkerfinu; 82 prósent af heilbrigðisstarfsfólki eru konur og 78 prósent grunnskólakennara.

Í umsögn Kennarasambands Íslands til menntaráðs Reykjavíkur um tillögur að sameiningu leik- og grunnskóla í Reykjavík segir að breytingarnar hafi í för með sér að 60 leikskólastjórnendum og 13 grunnskólastjórnendum verði sagt upp störfum. Þar af eru konurnar 70 og karlarnir 3.

sunna@frettabladid.is



**FJÖLSKYLDUSTUND** Fjöldi þeirra feðra sem taka sér fæðingarorlof hefur dregist saman um tæp tíu prósent eftir efnahagshrunið. Hlutfall mæðra í orlofi hefur hækkað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fóstureyðingar ekki færri síðan 1991

Efnahagshrunið virðist ekki hafa haft neikvæð áhrif á frjósemi í landinu. Fjöldi fæðinga hefur aukist jafnt og þétt síðan árið 2003 en árin 2008 og 2009 voru þriðju fjölmennustu fæðingarár sögunnar frá því að mælingar hófust. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni fæddust 5.027 börn á Íslandi árið 2009 en árið 2007 voru þau 4.560.

Í skýrslu velferðarvaktarinnar kemur fram að fóstureyðingum stúlkna á aldrinum 15 til 19 ára hafi fækkað mikið árið 2009 og hafi þær ekki verið færri síðan árið 1991. Fæðingum hjá þessum aldurshópi fækkaði einnig í kreppunni. Þó fjölgaði fóstureyðingum árið 2009, að undanskildum fyrrgreindum hópi. Mest fjölgaði fóstureyðingum meðal 25 til 29 ára kvenna, alls voru þær 244 árið 2009 og hafa aldrei verið fleiri í þeim hópi.

Mun fleiri karlar fara í ófrjósemisaðgerðir en konur. Aðgerðunum hefur fækkað síðan árið 2000, en þá var hlutfall kvenna 67,5 prósent. Nú hafa hlutföllin snúist við því hlutfall karla er nú orðið 70 prósent.

## Fjöldi greiðslna til fæðingarorlofs

| | Konur | Karlar |
|---|---|---|
| 2008 | 32.083 | 18.204 |
| 2009 | 33.565 | 17.994 |
| 2010 | 33.521 | 16.586 |

„Ég...tel að það sé ekki bein lagaskylda á okkur að borga þetta en ég tel hins vegar að áhættan af slíku dómsmáli sé það mikil að við eigum ekki að taka hana.“

Ragnar Hall hæstaréttarlögmaður
Kastljós 20.2.2011





Já er leiðin áfram!
ÁFRAM!

www.afram.is

*ÁFRAM er hreyfing einstaklinga sem telja hagsmunum Íslands best borgið með því að Icesave-lög Alþingis (lög nr. 13/2011) haldi gildi sínu. Auglýsingar og annað starf hreyfingarinnar eru greidd með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. ÁFRAM - Laugavegi 3 - 101 Reykjavík - afram@afram.is*

FRÁBÆR TILBOÐ Á LAUGARDAG
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
Opið laugardag til kl. 16

HÚSGAGNAHÖLLIN

# Marstilboð

SPILUM SAMAN

## MJÚKT OG ÞÆGILEGT FYRIR ÞIG OG ÞÍNA Í MARS!



25% AFSLÁTTUR

NÝTT

134.990
FULLT VERÐ: 179.990



**MELBOURNE** svefnsófi. Svart eða lilla áklæði. B:242 D:91/168 H:85 Dýna:147x200. Fæst með vinstri og hægri tungu.



LA-Z-BOY 25% AFSLÁTTUR

74.990
FULLT VERÐ: 99.980

**ASPEN** La-z-boy, fæst með svörtu, rauðu, natur og rústrauðu áklæði. B:85 D:85 H:100 cm.



35% AFSLÁTTUR

99.990
FULLT VERÐ: 159.990

**STING** 3 sæta sófi, Antrazit áklæði. B:222 D:90 H:82 cm. Fæst einnig 2 sæta. B:167 D:90 H:82 cm. Kr. **69.990** fullt verð kr. ~~119.990.~~



40% AFSLÁTTUR

49.990
FULLT VERÐ: 89.990

**WAVE** svefnsófi, Hawaii orange áklæði. B.198 D. B:196 D:130 H:42 cm.



LA-Z-BOY 20% AFSLÁTTUR

87.980
FULLT VERÐ: 109.980

**RIALTO** La-z-boy, fæst með brúnu, natur og rústrauðu áklæði. B:80 D:90 H:150 cm.



NÝTT

20% AFSLÁTTUR

87.990
FULLT VERÐ: 109.990

**CLEVELAND** 3 sæta sófi, Chilli svart áklæði. B:208 D:86 H:81 cm. Fæst einnig 2 sæta. B:179 D:86 H:81 cm. Kr. **79.990** fullt verð kr. ~~99.990.~~



35% AFSLÁTTUR

90 X 200 cm
með 25 mm latex yfirdýnu:

27.990
ÁÐUR: 42.980

**NOCTURNE 315** með þykkri yfirdýnu, 25 mm svampur, millistíf dýna. Frotte áklæði sem hægt er að þvo við 60 gráður. Tvöfalt gormakerfi. Efra kerfi inniheldur 114 Bonell gorma á m². Neðra kerfi inniheldur 150 Bonell gorma á m². Verð er án fóta.



20% AFSLÁTTUR

94.990
FULLT VERÐ: 119.990

**ALICIA** svefnsófi. Fæst með gráu og grænu áklæði. B:157 D:85 H:90. Dýna: 130x200 cm.



LA-Z-BOY 35% AFSLÁTTUR

69.990
FULLT VERÐ: 109.980

**MARTINI** La-z-boy, fæst með natur áklæði. B:84 D:80 H:101 cm.

EXPO - www.expo.is

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

## VEISTU SVARIÐ?




**1** *Í hversu mörg sumur höfðu Skólagarðar Reykjavíkur verið starfandi áður en þeim var lokað?*

**2** *Hvaða tveir karlmenn voru nýverið kjörnir í stjórn UN Women á Íslandi?*

**3** *Hvaða þungarokkssveit ætlar að halda tónleika á Litla-Hrauni?*

**SVÖR**

*1. 63 sumur. 2. Ólafur P. Stephensen og Magnús Árni Magnússon. 3. Today is the Day.*

Umhverfisstofnun segir starfsleyfi aflþynnuverksmiðju þríbrotið:

# Becromal lofar umbótum strax

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun hefur gefið fyrirtækinu Becromal Iceland við Akureyri frest til 4. apríl til að skila áætlun um úrbætur eftir að aflþynnuverksmiðja þess gerðist brotleg við þrjú ákvæði starfsleyfis. Verksmiðjan hefur verið starfandi frá árinu 2009.

Eins og fram hefur komið reyndist sýrustig frárennslis frá verksmiðjunni vera yfir mörkum, auk þess sem mælingum var ábótavant og ekki hafði verið staðið rétt að tilkynningum á frávikum og bilunum í mengunarvarnarbúnaði.



**FRÁ KROSSANESI** Verksmiðjan hefur frest til 4. apríl til að skila áætlun um úrbætur.

Umhverfisstofnun segir í tilkynningu að ekki sé útilokað að gripið verði til frekari aðgerða. Stofnunin sé að skoða málið nánar.

Í tilkynningu frá stjórn Becromal segir að brugðist verði nú þegar við athugasemdum Umhverfisstofnunar og ítrekar stjórnin áherslu fyrirtækisins á að vinna að úrbótum með fagaðilum og hagsmunaaðilum.

Meðal annars segist stjórnin munu hafa daglegt eftirlit með framvindu úrbóta. Þá verði gerð ítarleg úttekt á öllum öryggis- og umhverfisþáttum verksmiðjunnar, meðal annars með sýnatöku úr sjó og úttekt á verkferlum. **- þj**

Leiksýning grunnskólabarna:

# Undranótt í Iðnó frumsýnt

**MENNING** Nemendur úr 7. bekk Melaskóla frumsýna í Iðnó í dag leikritið Undranótt í Iðnó. Verkið er samið af börnunum og er afrakstur höfundasmiðju sem Listasmiðja Velferðarsjóðs barna hefur staðið fyrir. Verkið er undir stjórn Ingu Bjarnason, Margrét Kristín Blöndal samdi tónlist og Alda Sigurðardóttir hannaði búninga í samvinnu við börnin.

Frumsýning er í dag klukkan 15, og sýning fyrir almenning á morgun og verða miðar seldir við innganginn. **- þj**

**BANDARÍKIN**

### Kjarreldar í Colorado

Ríflega 8.500 manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín í Denver í Colorado-ríki í Bandaríkjunum vegna mikilla kjarrelda sem þar geisa. Eldurinn hafði í gær breiðst út um 6,5 ferkílómetra svæði. Fjölmennt slökkvilið barðist við eldana en mikill vindur gerði mönnum erfitt um vik. Ekki er vitað um slys á fólki en íbúðarhús voru víða í hættu.

**SKIPULAGSMÁL**

### Mátti koma fyrir potti

Raðhúsaeigandi í Fossvogi mátti koma fyrir heitum potti þótt ekki hafi allir eigendur húsa í lengjunni veitt samþykki. Þetta segir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, sem þar með ógildir synjun byggingarfulltrúa á að veita leyfi fyrir pottinum. Nágranni taldi laugina verðfella sína eign þar sem hún væri svo langt úti í lóðinni að hún sæist út um stofugluggann í húsi hans.

Bifvélavirki og flugáhugamaður segir flugvél Flugfélags Íslands dauðagildru:

# Uppfyllir allar evrópskar kröfur

**SAMGÖNGUR** Jón Jónsson, flugáhugamaður og bifvélavirki, segir í grein í Fréttablaðinu í gær að Dash-8, flugvél Flugfélags Íslands, sé „fljúgandi dauðagildra“.

Vélin sem brotlenti í Grænlandi í byrjun mars var af gerðinni Dash-8 og bendir Jón á það í grein sinni. Hann segir öryggisatriðum í vélum af þessari gerð verulega ábótavant og hefur sent Flugmálastjórn Íslands bréf í tvígang þar sem hann bendir meðal annars á að neyðarútgangar séu við þau svæði sem algengast er að kvikni í við brotlendingu. Svör frá Flugmálastjórn eru þau að vélin uppfylli evrópska staðla.

„Það er notalegt til þess að vita að maður getur þá fullkomlega löglega brunnið til bana inni í Dash-8,“ segir Jón í grein sinni.

Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, tekur í sama streng og Flugmálastjórn og segir þá einu Dash-8 vél fyrirtækisins áfram verða notaða.

„Flugmálastjórn er okkar eftirlitsaðili og við heyrum undir evrópsku eftirlitsstofnunina. Þessi vél er samþykkt samkvæmt öllum evrópskum



**DASH-8** Flugfélag Íslands rekur nú aðeins eina Dash-8 vél eftir að önnur þeirra brotlenti á Grænlandi í byrjun mánaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

stöðlum,“ segir Árni. „Þessi vél er mjög víða notuð í Evrópu, þannig að ég gef ekki annað út vegna þessarar greinar.“

Dash-8 vél Flugfélagsins flýgur bæði til Grænlands og í innanlandsflugi hér á landi. **- sv**


VORHÁTÍÐ
Skráning í sumarbúðir
KFUM og KFUK hefst í dag
kl. 12:00 á www.kfum.is
og á Holtavegi 28.

Í Sunnuhlíð, Akureyri hefst skráning kl. 14

NÁTTÚRUVERNDARSJÓÐUR
PÁLMA JÓNSSONAR
STOFNANDA HAGKAUPS



Auglýst er eftir umsóknum um styrki

*Virðing · Vægi · Verðmæti*

Markmið sjóðsins er að auka almenna þekkingu á íslenskri náttúru svo að umgengni okkar og nýting á verðmætum hennar geti í ríkari mæli einkennst af virðingu og skynsemi. Samhliða er leitast við að bæta tengsl Íslendinga við náttúru landsins og efla með því gott hugarfar, mannlíf og atvinnustarfsemi í sátt við umhverfið.

Markmiði þessu verði náð með því að styrkja verkefni sem fást við sköpun og miðlun þekkingar um náttúruna í víðum skilningi. Farvegurinn getur verið í gegnum listir, hvers kyns fræði og vísindi.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar. Skilafrestur er 20. apríl. Heildarúthlutun á þessu ári nemur allt að 25 milljónum króna. Umsóknareyðublöð og allar nánari upplýsingar má fá á vefsíðu sjóðsins: *www.natturuverndarsjodur.is*.

Umsóknir sendist sjóðnum í **Pósthólf 10, 550 Sauðárkróki.**


NJÓTTU SUMARSINS
TILBOÐSDAGAR
PALOMINO COLT
2.390.000.
*Afsláttur -200.000.
Verð kr. 2.190.000.
PALOMINO YEARLING 102
2.650.000.
*Afsláttur -200.000.
Verð kr. 2.450.000.
ÆGIR TJALDVAGN
með fortjaldi
1.279.000.
*Afsláttur -200.000.
Verð kr. 1.079.000.
ILUSION i780 HÚSBÍLL
12.490.000.
*Afsláttur -400.000.
Verð kr. 12.090.000.
COMBI-CAMP VALLEY
með fortjaldi/yfirbreiðslu
1.690.000.
*Afsláttur -200.000.
Verð kr. 1.490.000.
KÍKTU VIÐ OG GERÐU GÓÐ KAUP
* Afsláttur gildir fyrir þá sem panta fyrir 15. apríl 2011
Opið
Mán - föstudaga 09:00-18:00
Laugardaga 11:00-16:00
SEGLAGERÐIN ÆGIR
Eyjarslóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

Heilsa&hamingja
Smáralind 25. - 27. mars

Kynntu þér bókina um Betri næringu – betra líf




Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir verður í básnum hjá Eymundsson á sýningunni **Heilsa&hamingja** sem haldin verður í Smáralind um helgina. Hún mun kynna betur bókina sína og gefa góð heilsubætandi ráð.

**Kolbrún verður á staðnum á milli kl. 15.00 og 16.00 bæði á laugardag og sunnudag. Frír aðgangur.**

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872



# Samstarf evruríkja sett í fastari skorður

**Leiðtogar Evrópusambandsins samþykktu í gær heildarreglur um björgun evruríkja úr efnahagsvanda. Þeir segja nýju reglurnar marka tímamót, en stjórnarkreppa í Portúgal varpaði skugga á leiðtogafundinn í Brussel sem lauk í gær.**

**FRÉTTASKÝRING**
Hvaða aðgerða ætlar ESB að grípa til?

Leiðtogar Evróupsambandsins hafa samþykkt aðgerðir, sem eiga að tryggja stöðugleika á evrusvæðinu þrátt fyrir efnahagsvanda einstakra ríkja.

Aðgerðirnar fela annars vegar í sér nýjan neyðarsjóð með 500 milljörðum evra, eða ríflega 80.000 milljörðum króna, sem á til frambúðar að taka við af bráðabirgðasjóðnum, sem settur var á stofn á síðasta ári.

Hins vegar fela þær í sér strangari reglur um samstarf í efnahagsmálum til að tryggja meiri aga í ríkisfjármálum og örva jafnframt hagvöxt. Reglurnar ná til evruríkjanna sautján og sex annarra Evrópusambandsríkja, þar á meðal Danmerkur, sem ákvað að vera með. Fjögur ESB-ríki standa þó áfram utan við þetta samstarf, þar á meðal Bretland og Svíþjóð.

Leiðtogarnir sögðust ánægðir með niðurstöðuna, sem hefur kostað töluverð innbyrðis átök.

„Evrópa hefur gert nákvæmlega það sem gera þurfti,“ sagði Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti, hróðugur mjög. „Ég sé ekki hvað við hefðum getað gert meira á þessu stigi, sem þýðir þó ekki að innan fárra mánaða verðum við ekki með nýjar hugmyndir í handraðanum.“

Fjárhagsvandræði Portúgals og afsögn ríkisstjórnarinnar þar í landi nú í vikunni varpaði þó skugga á leiðtogafundinn í Brussel. Jose Socrates forsætisráðherra sagði af sér á miðvikudagskvöld eftir að þingið í Portúgal hafnaði sparnaðaraðgerðum, sem stjórnin hugðist fara út í til að styrkja efnahagslífið.

Í gær tók þingið í Portúgal ákvörðun um að efna til kosninga frekar en að mynda nýja ríkisstjórn undir forystu stjórnarandstöðunnar. Portúgal hefur þó ekki enn tekið ákvörðun um að leita til Evrópusambandsins um hjálp út úr efnahagsvandanum, sem orðinn er afar knýjandi.

Leiðtogar Evrópusambandsins segjast þó sannfærðir um að geta hjálpað Portúgal út úr vandanum, gerist þess þörf, með svipuðum hætti og þeir komu Írlandi og Grikklandi til bjargar.

„Ef Portúgal biður um hjálp verður að reikna með því að það gerist fljótlega, og að þá muni björgunarvarnirnar duga til,“ sagði Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, en hann er helsti talsmaður leiðtoga evruríkjanna. gudsteinn@frettabladid.is


**ELDARNIR SLÖKKTIR** Eldar loguðu í Brussel í gær, kveiktir af mótmælendum meðan leiðtogafundurinn stóð yfir. Slökkviliðsmenn voru mættir til vinnu en regnið virðist hafa hjálpað eitthvað til. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Finnar tefja afgreiðslu Evrópusambands

Ein stærsta snurðan sem hljóp á þráð leiðtogafundar Evrópusambandsins stafar af tregðu finnsku stjórnarinnar til að fallast á aukna fjárhagslega ábyrgð Finnlands á hugsanlegum aðgerðum til bjargar evruríkjum í vanda.

Finnska stjórnin hefur þó fullan hug á að styðja aðgerðirnar. Vandinn er sá að þingkosningar verða í Finnlandi 17. apríl næstkomandi.

Lítill flokkur finnskra þjóðernissinna, sem nefnist Sannir Finnar, hefur hins vegar vaxið mjög í skoðanakönnunum undanfarið og mælist nú með nærri tuttugu prósenta fylgi.

Sá flokkur er algerlega andvígur því að Finnar taki á sig aukna fjárhagslega ábyrgð í Evrópusamstarfi, og virðist sá málflutningur hans njóta vaxandi fylgis meðal kjósenda.

Finnska stjórnin er því talin hafa lagt ríka áherslu á það að ekkert yrði endanlega ákveðið um fjárhagslegan hlut Finna í aðgerðunum fyrr en að loknum þingkosningum heima fyrir.

„Okkur gefst gullið tækifæri til þess að hraða uppbyggingu og vexti í atvinnulífinu og skapa skilyrði fyrir bætt lífskjör. Ég vil halda áfram og er ekki í vafa um að betra er að segja já en nei.“

Sigsteinn P. Grétarsson, forstjóri Marel á Íslandi



Já er leiðin áfram!
ÁFRAM!

www.afram.is

*ÁFRAM er hreyfing einstaklinga sem telja hagsmunum Íslands best borgið með því að Icesave-lög Alþingis (lög nr. 13/2011) haldi gildi sínu. Auglýsingar og annað starf hreyfingarinnar eru greidd með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. ÁFRAM - Laugavegi 3 - 101 Reykjavík - afram@afram.is*




Til leigu - Blómaskálinn Vín, Eyjafirði

Í aðeins 10 mín. akstursfjarlægð frá Akureyri, við hliðina á Jólahúsinu er til leigu 582 fm húsnæði, blómaskáli og veitingasalur með eldunaraðstöðu. Húsnæðið býður uppá marga nýtingarmöguleika fyrir veitingasölu, verslun, veisluþjónustu, markaði og sýningar.

Möguleiki er að leigja einnig 135 fm sér hús í burstabæjarstíl sem þarfnast viðgerðar.

Eignirnar verða til sýnis laugardaginn **2. apríl n.k. á milli kl.13.00 og 16.00**.

**Frekari upplýsingar veitir Sigrún Þorgrímsdóttir í síma 575 4059 eða í sigrunbt@byr.is**





Tilboð **9.900 kr.**
Sennheiser **RS-120**
11.900 kr.

Sennheiser **Sport**
7.980 kr.

Tilboð **6.900 kr.**
Sennheiser **HD-228**
8.900 kr.

Tilboð **8.900 kr.**
Sennheiser **HD-238**
11.900 kr.

Adidas **HD-220**
9.900 kr.

Tilboð **7.800 kr.**
Sennheiser **HD-418**
9.800 kr.

Tilboð **13.900 kr.**
Sennheiser **HD-515**
17.900 kr.

Sennheiser **HD-201**
4.600 kr.

Tilboð **17.900 kr.**
Sennheiser **RS-160**
21.900 kr.

Tilboð **16.900 kr.**
Sennheiser **HD-555**
21.900 kr.

# Tilboð sem hljóma vel

Heyrnartólin frá **Sennheiser** eru þýsk gæðavara og skila tónlistinni nákvæmlega eins og hún á að hljóma. Þau henta öllum fermingarbörnum og nú færðu Seinnheiser heyrnartól á sérstöku fermingartilboði hjá okkur næstu vikurnar.

**Velkomin í Pfaff – þar sem fermingargjafirnar fást.**

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is

PFAFF

VERÐLAUNAÁRIÐ 2011:

# FJÓRFÖLD VIÐURKENNING



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 54316 03/11

**ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI** ÁRSINS
**ÞEKKINGARVERÐLAUN** FVH
**MARKAÐSFYRIRTÆKI** ÁRSINS
**VEFVERÐLAUN** EXPÓ



**ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI ÁRSINS 2011**
Samtök verslunar og þjónustu hafa valið Icelandair þjónustufyrirtæki ársins 2011. Tilnefningin var kynnt nú á föstudag á þjónusturáðstefnu Samtaka atvinnulífsins og Samtaka verslunar og þjónustu.

**ÞEKKINGARVERÐLAUN FVH 2011**
Icelandair hlaut Þekkingarverðlaun Félags viðskipta- og hagfræðinga árið 2011 sem voru afhent á Íslenska þekkingardeginum 24. febrúar 2011. Við sama tækifæri var Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair, valinn viðskiptafræðingur ársins.

**MARKAÐSFYRIRTÆKI ÁRSINS 2011**
Í könnun Capacent og Ímark á meðal markaðsstjóra hjá íslenskum fyrirtækjum var Icelandair valið markaðsfyrirtæki ársins 2011.

**VEFVERÐLAUN EXPÓ 2011**
Besti fyrirtækjavefur fyrir fyrirtæki með fleiri en 50 starfsmenn.

**Við hjá Icelandair erum stolt af árangrinum af markvissri stefnumótun í markaðs- og þjónustumálum.**

**VIÐ ÞÖKKUM FYRIR OKKUR OG VONUM AÐ VIÐSKIPTAVINIR ICELANDAIR NJÓTI ÞESS ÁFRAM AÐ FLJÚGA MEÐ OKKUR.**

ICELANDAIR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Af hverju lætur ASÍ svona við ríkisstarfsmenn?

## Staðið með skattgreiðendum

Stéttarfélög opinberra starfsmanna annars vegar og Alþýðusambandið hins vegar eru komin í hár saman vegna minnisblaðs, þar sem ASÍ og Samtök atvinnulífsins útlista hugmyndir sínar um sameiginlegt lífeyriskerfi landsmanna.

Í minnisblaðinu er reifuð sú grundvallarhugmynd að lífeyriskerfi opinberra starfsmanna verði sjálfbært, þ.e. að iðgjöldin standi undir lífeyrisgreiðslum eins og í lífeyrissjóðum almenna vinnumarkaðarins, í stað þess að bakábyrgð launagreiðandans, skattgreiðenda, þurfi að koma til. Það þýði m.a. að réttur opinberra starfsmanna til töku lífeyris verði miðaður við 67 ár eins og á almenna markaðnum, hætt verði að miða eftirlaun þeirra við laun eftirmanna, ríkisábyrgð á lífeyrisréttindum verði afnumin og ávinnsla réttinda tengd aldri.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


ASÍ vill síðan að lífeyrisréttindi í landinu verði „jöfnuð upp á við“, þ.e. að lífeyrisréttur á almenna markaðnum verði færður að því sem gerist hjá opinberum starfsmönnum. Atvinnurekendur vilja fyrst sjá að kerfi opinberra starfsmanna geti staðið undir sér sjálft.

Forsvarsmenn þriggja stærstu samtaka opinberra starfsmanna skrifuðu harðorða grein í Fréttablaðið í fyrradag og sögðu m.a. „alvarlegt að ASÍ skuli taka sér stöðu við hlið atvinnurekenda í kröfum sínum, ekki við hlið annarra félaga sinna í baráttu fyrir bættum réttindum launafólks“.

Þetta er athyglisverð staðhæfing. ASÍ tekur sér einmitt stöðu með launafólki í þessu máli, því að allir launamenn eru skattgreiðendur. Hjá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna hefur nú safnazt upp 500 milljarða króna halli, þ.e. munur á því sem sjóðirnir munu þurfa að greiða í lífeyri og því sem þeir munu eiga til að standa undir greiðslunum. Bilið verða skattgreiðendur að brúa.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, svaraði í Fréttablaðinu í gær og minnti á að forysta sambandsins hefði fallizt á þá kröfu opinberra starfsmanna að ekki yrði hróflað við þegar áunnum réttindum. Hins vegar myndi reikningurinn vaxa þjóðinni yfir höfuð ef haldið yrði áfram á sömu braut, öll réttindi sem opinberir starfsmenn gætu áunnið sér í framtíðinni teldust þegar áunnin réttindi og skuldasöfnun opinberu lífeyrissjóðanna héldi áfram. Gylfi segir réttilega að forsvarsmenn opinberra starfsmanna verði að svara því hvernig eigi að greiða þennan reikning og um leið að verja samfélagslega þjónustu og þar með störf opinberra starfsmanna.

Foringjar opinberra starfsmanna segja í grein sinni að betri lífeyrisréttindi þeirra hafi löngum verið notuð til að réttlæta lægri laun en á almenna vinnumarkaðnum. Launafólk hljóti að gera kröfu um sömu lífeyrisréttindi og sömu launakjör. Það er réttmæt krafa, og raunar er bráðnauðsynlegt að borga opinberum starfsmönnum samkeppnishæf laun til að fá hæft fólk til starfa við almannaþjónustu.

Um leið og kjörin yrðu jöfnuð, yrði hins vegar að afnema sérstaka vinnumarkaðslöggjöf fyrir opinbera starfsmenn, þar sem er meðal annars miklu meiri uppsagnarvernd og miklu minni sveigjanleiki en á almenna markaðnum. Sú tvískipting vinnumarkaðarins sem hér hefur þróazt er til mikillar óþurftar.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



”Semjum frið“



Heiða Kristín Helgadóttir
Framkvæmdastjóri Besta flokksins



Já er leiðin áfram!

ÁFRAM!

www.afram.is

*ÁFRAM er hreyfing einstaklinga sem telja hagsmunum Íslands best borgið með því að Icesave-lög Alþingis (lög nr. 13/2011) haldi gildi sínu. Auglýsingar og annað starf hreyfingarinnar eru greidd með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. ÁFRAM - Laugavegi 3 - 101 Reykjavík - afram@afram.is*





AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Sterkari, veikari eða dauð?

Eftir að tveir þingmenn höfðu sagt sig úr þingflokki VG í byrjun vikunnar staðhæfðu talsmenn ríkisstjórnarinnar að hún væri sterkari fyrir vikið. Stjórnarandstaðan fullyrti á hinn bóginn að hún væri veikari. Sennilega á þó hvorug fullyrðingin beint við.

Vandi þessarar ríkisstjórnar hefur aldrei verið hausafjöldi til að verjast vantrausti. Þrátt fyrir atburði þessarar viku bendir ekkert til að ríkisstjórnin rati í slíkan vanda fyrr en í kosningum. Klípa stjórnarinnar hefur alltaf verið málefnaleg. Málefnagjáin milli flokkanna er einfaldlega óbrúanleg. Þess vegna hefur stjórnin verið óstarfhæf.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Dæmi eru að stjórnir hafi setið lengi eftir að þær voru málefnalega dauðar. Ríkisstjórnin lítur greinilega svo á að það sé ekki vandamál. Þorri þjóðarinnar upplifir ástandið hins vegar eins og hverja aðra stjórnmálakreppu. Því fylgja réttmætar áhyggjur um þjóðarbúskapinn.

Einföld rýning í stefnuskrá VG leiðir í ljós að flokkurinn er á pappírunum svo langt til vinstri að málamiðlanir eru hverjum forystumanni ofviða. Sumir þeirra eru hins vegar í hjarta sínu nær því að vera vinstri kratar en forstokkaðir sósíalistar og geta því samviskunnar vegna gert málamiðlanir. Þó að málamiðlanirnar í þeim anda séu samþykktar á flokksfundum liggur grundvallarstefnan alltaf á bakvið og veldur smám saman pólitískri spennu sem á endanum brýst út með einhverjum hætti. Það gerðist í vikunni.

## Ný „óróleg deild“

Eðli máls samkvæmt varð VG að gefa meira eftir í málefnum við stjórnarmyndunina. Þar féllst VG á efnahagsáætlun sem Sjálfstæðisflokkurinn hafði unnið með AGS og hafði að geyma mestu íhaldsúrræði í sögu íslenskra stjórnmála. Fyrir framtíðina er afleiðingin sú að í mörg ár eftir að VG hverfur úr ríkisstjórn mun gagnrýni úr þeirri átt á aðhald í ríkisfjármálum hljóma eins og klingjandi málmur og hvellandi bjalla.

Aðferð forystumanna VG til að draga úr málefnaspennunni gagnvart vinstri vægnum hefur verið sú að að hindra eða tefja framgang margra þeirra mála sem þeir höfðu samið um. Aðferðafræði stjórnsýslunnar býður upp á fjölmargar leiðir í þeim efnum.

Þannig hefur Samfylkingin orðið að kyngja raunverulegu stoppi í þróun orkufreks iðnaðar. Hún hefur þurft að sætta sig við skattheimtuleiðir með neikvæðum áhrifum á atvinnulífið. Hún hefur þurft að sætta sig við tafaleiki í viðræðum um ESB-aðildina. Hún þarf að sætta sig við að ríkisstjórnin hefur ekki stefnu í peningamálum sem er sá ás sem efnahagsendurreisnin snýst um.

Ástæðurnar fyrir því að ekki er unnt að koma á sátt um nýja útfærslu á stjórnkerfi fiskveiða er hins vegar að finna innan Samfylkingarinnar. Þar er á ferðinni „óróleg deild“ sem nýtur verndar forsætisráðherra. Að því leyti er forsætisráðherrann sjálfur nú meiri Þrándur í Götu málefnalegs árangurs í stjórnarsamstarfinu og á vinnumarkaðnum en þingmennirnir tveir sem fóru úr þingflokki VG.

Þessi málefnaspenna hefur veikt stjórnina svo að hún getur ekki sótt og varið Icesave-málið sem hún er þó sammála um. Forystumenn launafólks og atvinnulífs líta á kreppu ríkisstjórnarinnar sem hindrun í kjarasamningum fremur en efnahagskreppuna. Það lýsir vel dýpt vandans.

## Fyrstur kemur, fyrstur fær

Eðlilega líta menn fyrst til Framsóknarflokksins þegar spurt er hvort unnt sé að leysa stjórnmálakreppuna. Forysta hans hefur hins vegar fylgt sömu línu og VG-þingmennirnir tveir sem fóru og Hreyfingin að sjávarútvegsstefnunni undanskilinni. Þannig útvíkkuð stjórn myndi því ekki hafa önnur áhrif en fjölga í gömlu „órólegu deildinni“ á ný.

Þá er eftir sá möguleiki að mynda raunverulega nýja ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins með báðum eða öðrum hvorum stjórnarflokkanna. Fyrst málefnabilið milli VG og Samfylkingarinnar er of breitt eins og í ljós hefur komið á það öllu fremur við gagnvart Sjálfstæðisflokknum.

Tvennt þarf að breytast eigi að vera mögulegt að mynda stjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. „Órólega deild“ forsætisráðherra í sjávarútvegsmálum yrði að opna fyrir sáttaleiðina og Sjálfstæðisflokkurinn að vera tilbúinn að ljúka aðildarviðræðum og meta svo endanlega afstöðu til ESB ef samningar takast. Engin merki eru í þessa veru.

Kosningar leysa ekki sjálfkrafa þessa málefnakreppu. En þær geta breytt valdahlutföllum. Fylgi sænskra jafnaðarmanna hrundi í síðustu kosningum fyrst og fremst vegna kosningabandalags við systurflokk VG þar í landi. Það bandalag reyndist eitrað peð.

Kannanir benda til að svipað gæti gerst hér. Ekki er þó víst að það dugi til að mynda málefnalega starfhæfa stjórn. Þeir sem fyrst koma með lausn á málefnakreppunni munu fyrst endurheimta glatað traust.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Tenerife og Kanarí

**Tilboðið gildir til 1. apríl! Einstakt verð!**



## Flugsæti

**Verð frá 49.900 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

5. apríl Tenerife
5. apríl Kanarí

Innifalið:
Flug fram og til baka og flugvallarskattar.
* Verð án Vildarpunkta 59.900 kr.



### Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

## Tenerife



### Tropical Playa ★★★

Gott þriggja stjörnu íbúðahótel á Playa de las Américas, staðsett um 500 metra frá miðbænum og Playa de Troya ströndinni.

**5.–16. apríl**

**Verð frá 104.650 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 fullorðna studio íbúð.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 114.650 kr.

## Kanarí



### Las Camelias ★★

Aðeins hjá VITA

Snyrtilegt og vistlegt íbúðahótel á góðum stað á Ensku ströndinni.

**5.–17. apríl**

**Verð frá 99.000 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 fullorðna í íbúð.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 109.000 kr.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

# Vanefndir VG í stóru málunum

**Atli Gíslason** sagði sig á mánudag úr þingflokki VG. Í samtali við *Björn Þór Sigbjörnsson* rekur Atli aðdraganda þess aftur til 2009 þegar VG fór í ríkisstjórn. Ekki hafi verið tekið tillit til hans sjónarmiða og tilraunir til málamiðlana reynst árangurslausar.

*Hvernig hafa þessir dagar verið frá því að þið Lilja tilkynntuð úrsögnina?*

„Þeir hafa auðvitað verið erfiðir og það er léttir að þetta skuli vera búið. Ég hef fengið mikil viðbrögð og langflest jákvæð fyrir utan þessi frá stjórnum félaganna í kjördæminu. Bláókunnugt fólk af öllu landinu hefur haft samband.“

*Það var talað um svik við fólkið og flokkinn, hvað finnst þér um þá umræðu?*

„Mér finnst hún röng, ég hef ekki farið gegn þessari ríkisstjórn í neinu máli nema að ég sat hjá í fjárlögunum. Ég hef hins vegar verið mjög gagnrýninn innan flokksins og það sem ég er að gefast upp á voru vanefndir í stóru málunum.

Þetta á sér mjög langan aðdraganda og eiginlega strax frá því að bráðabirgðaríkisstjórnin var mynduð í febrúar 2009. Þar var ég afskiptur í öllum viðræðum og ekki hafður með í ráðum um nokkur mál.“

*Um hvaða vanefndir ertu að tala?*

„Stóra málið mitt í kosningunum 2009 var ESB-umsóknin og Icesave. Ég hef þurft að kyngja því og það gat ég ekki lengur. Ég gaf þau loforð að ég myndi berjast heils hugar gegn ESB og ég held að ég hafi fengið gríðarlegt fylgi út á það og talsvert út fyrir raðir hefðbundinna Vinstri grænna.

Í stjórnarmyndunarviðræðunum í maí kom strax fram að sækja ætti um aðild og þá þegar bókaði ég skrifleg mótmæli í þingflokknum og undir hana tóku fjórir aðrir þingmenn. Í stjórnarsamstarfsyfirlýsinguna kom þessi klásúla um að ég og við mættum haga okkar málflutningi í málinu eins og okkur sýndist, bæði innan þings og utan. Strax eftir stjórnarmyndunina kom fjármálaráðherra fram með Icesave-samning eins og þrumu úr heiðskíru lofti. Ég hafði rætt það mál við Steingrím um vorið og hann sagði að við skyldum fresta því. Icesave er skilgetið afkvæmi ESB-umsóknar. ESB hefði aldrei tekið á móti umsókn ef við hefðum ekki gefið út yfirlýsingar um að ábyrgjast Icesave.“

### Samið á ný ef dómsmál tapast

*Hvað hefur farið öðruvísi í ESB-ferlinu en þú óskaðir?*

„Umsóknin hefur snúist upp í aðlögunarviðræður og í rýnivinnunni hefur krafan í þingsályktuninni um að tryggja grundvallarhagsmuni okkar í sjávarútvegsmálum og fleiru verið útvötnuð. Það voru mér djúp vonbrigði að sjá þetta gerast því Steingrímur hafði sagt í maí og júní 2009 að Ísland myndi eins fljótt og auðið yrði flagga sínum grundvallarhagsmunum, okkar stóru málum og kröfum. Það er ekki gert með hætti sem þykir nægjanlegur.

Síðan er aðlögun í fullum gangi og til marks um það er að aldrei hafa verið lagðar fyrir þingið fleiri tilskipanir ESB en í vetur á öllum sviðum. Þær streyma inn.“

*Hvernig líst þér á stöðuna varðandi Icesave?*

„Það var gríðarlegur ágreiningur um það mál í flokknum og Steingrímur hélt því fram sumarið 2009 að ef við samþykktum ekki þá færi allt í kalda kol í efnahagsmálum og öðru. Það hefur ekki gerst, það hefur ekkert versnað. Það getur verið að lánafyrirgreiðsla hafi tafist eitthvað en annað ekki.

Auðvitað átti strax að tengja alla flokka inn í málið til að ná árangri og þessi samningur sem nú er á borðinu er til muna betri en sá fyrri og ég samþykkti hann á þinginu. Ég er þó þeirrar skoðunar að þó hann verði felldur í kosningunum þá verði það ekki slík katastrófa fyrir Íslendinga sem sumir segja, það gerist þá ekki annað en að hann fer fyrir EFTA-dómstólinn og þar fáum við úrlausn. Ef hún verður gegn okkur þá hef ég enga trú á öðru en að við setjumst að sama samningaborði á grundvelli þessa samnings sem liggur fyrir.

Sem lögfræðingur er ég þeirrar skoðunar að það séu heldur meiri líkur á að við töpum slíku máli en vinnum. Það byggi ég fyrst og fremst á jafnræðisreglunni sem er mjög sterk í evrópskum rétti. Í þessu tilviki að jafnræði beri að ríkja meðal viðskiptamanna Landsbankans í London og í Austurstræti. Ég var lengi að komast að þeirri niðurstöðu að styðja þetta en gerði það á heildstæðu mati. Þetta er með verri ákvörðunum sem ég hef komist í, einn daginn var ég á móti og þann næsta með og svona sveifluðust mjög margir. En reyndin er sú að miðað við þær tölur sem eru nefndar er þetta ekki stóra vandamálið okkar í fjárhæðum talið.“

### Farið gegn stefnunni

*Farðu betur yfir þessar vanefndir sem þú talaðir um.*

„Ef ég held áfram með ESB þá var samþykkt á flokksráðsfundi að sækja ekki um IPA-styrki sem eru klárir aðlögunarstyrkir. Það er hins vegar gert þvert á það. Með þeim er verið að kaupa velvild inni í fræðasamfélaginu og víðar, það er massívur áróður í gangi.

Annað stórt mál sem olli mér miklum vonbrigðum er Magmamálið. Í því flutti ég tillögu í samræmi við stefnuskrá Vinstri grænna og í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að ríkið gengi inn í samninga um kaup Magma á HS orku. Málið fór svo í aðrar hæðir þegar við Guðfríður Lilja sögðum í júlí 2010 hingað og ekki lengra. Úr varð að fram fóru miklar viðræður milli mín og Guðfríðar Lilju við Steingrím og Jóhönnu Sigurðardóttur. Það var leyst með þeim hætti að það hefur ekkert komið út úr því.

Satt að segja vorum við í dauðafærum trekk í trekk að leysa þennan hlut til okkar en þau voru öll misnotuð. Á sama tíma var lagður ellefu og hálfur milljarður í Sjóvá almennar og samið við Saga Capital, VBS og fleiri.

Síðan sátum við hjá við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Við felldum það ekki, við sátum hjá. Ég hafði verið í fríi í þinginu í tvo mánuði sem var í samræmi við stefnu VG að hleypa varaþingmönnum að og þegar ég kom til baka lagði ég fram mjög ítarlegar tillögur um breytta forgangsröðun og um tekjuöflun upp á tæpa þrjá milljarða. Það var á grundvelli frumvarps sem hefur legið í ríkisstjórninni frá því í nóvember í fyrra um aukningu á kvóta og leigu á veiðiheimildum. Þessum tillögum var öllum hafnað. Tvisvar fór ég á fund Steingríms til að ítreka þetta, ég vildi allt til vinna til að skapa frið og reyndi ítrekað að ná málamiðlun. Ég gekk mjög langt, fór niður fyrir það sem ég taldi lágmarkskröfur, en allt kom fyrir ekki.

Hins vegar gerðist það að milli annarrar og þriðju umræðu komu fram tillögur frá fjármálaráðherra og stjórnarþingmönnum á landsbyggðinni um auknar fjárveitingar hingað og þangað sem ég tel vera illa forgangsraðað. Meðal annars 350 milljónir til lífeyrisþega. Þegar maður er í blóðugum niðurskurði þá verður maður að forgangsraða býsna blóðugt og ég mat það svo að það væri dýrmætara að leggja fram fé sem gæti komið í veg fyrir atvinnuleysi. Það er mesta bölið sem við búum við.

Ég vil líka nefna AGS. Haustið 2008 lagðist flokkurinn mjög gegn samkomulaginu við AGS. Við töldum alltof, alltof bratt farið. Síðan förum í ríkisstjórn og tökum við samkomulaginu en gerðum ekki tilraun til að breyta því heldur framlengdum það. Þetta er enn eitt grundvallarmálið sem flokkurinn barðist gegn.“

### Þreifst ekki lengur

„Þetta safnaðist allt saman með þeirri slæmu stjórnmálamenningu sem hér líðst, foringjaræði og öðru slíku og ég var hættur að þrífast, bæði persónulega og pólitískt. Ég sagði mig úr þingflokknum vegna formsins, stjórnmálamenningarinnar og þessara fráhvarfa frá grundvallarmálum VG. Ég treysti mér ekki til að vera lögafgreiðslumaður, ég vil hafa eitthvað til málanna að leggja. Ég vil að við tölum saman, ég vil ekki foringjaræði, ég vil koma stjórnmálamenningunni úr því að vera vanþroskuð.“

*Mér heyrist þú líka hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með Steingrím J. Sigfússon.*

„Ég hef bæði orðið fyrir miklum vonbrigðum með flokkinn og hann sem formann.“

*Þú segir þig málamiðlanamann, hefðir þú ekki átt að gefa meira eftir af þínum kröfum og lúta meirihlutavilja?*

„Hvað gat ég gefið meira eftir þegar ég fékk ekkert? Dæmið um fjárlögin er kýrskýrt. Ég fundaði með Steingrími og var kominn niður í ekki neitt í málamiðlunum en fékk ekkert. Í Magmamálinu fékk ég ekkert, í ESB ekkert. Þar er ég bara að biðja um að það sé flaggað í samræmi við þingsályktunartillöguna. Ég er málamiðlanamaður en ég get ekki endalaust miðlað málum í núll.

Og af því að ég tala um stjórnmálamenninguna þá voru viðbrögðin eftir hjásetuna mjög hatrömm innan míns flokks. Starfandi þingflokksformaður lýsti yfir að við værum ódrenglynd og varaformaður fjárlaganefndar að við værum að lítilsvirða fjárlaganefnd. Þetta eru stór orð fyrir það að hafa skoðanir. Síðan sagði forsætisráðherra að við yrðum að gera upp við okkur hvort við styddum ríkisstjórnina eða ekki.

En vel að merkja; ég hef verið í stjórnarandstöðu í ESB-málinu frá upphafi, ég hef leyfi til þess í samstarfsyfirlýsingunni. Þegar þetta er mitt stóra mál og ég búinn að bóka mig frá því heiðarlega hvað er ég þá að svíkja? Ég tel mig hafa komið fullkomlega heiðarlega fram og staðið við mínar hugsjónir og mína réttlætiskennd.“

### Framhaldið ræðst í haust

*Þú sagðist á mánudag hafa velt fyrir þér að hætta í pólitík. Ertu enn að velta því fyrir þér?*

„Það er enn inni í myndinni að ég hætti en ekki á þeirri kröfu sem nú er uppi. Það vita þeir sem standa mér næst og trúnaðarmenn í kjördæminu að árið 2007 gaf ég mér fjögur ár, ég ætlaði að prófa þetta og gera svo upp hug minn. Mig óraði ekki fyrir því að hér yrði hrun og kosningar 2009 og allt færi í upplausn í þessu þjóðfélagi. Fyrir kosningarnar 2009 var ég mjög hugsi um hvort ég ætti að gefa kost á mér aftur því ég þrífst illa í þessari vanþroskuðu stjórnmálamenningu. Kannski er það vegna þess að ég vann í tæp 30 ár í lögmennsku og lögmenn reyna málamiðlanir og sætta mörg mál. Leikreglurnar í lögmennskunni eru mjög skýrar og góðar. Ég vildi óska þess að það væri þannig á þingi.“

*Getur farið svo að þú hverfir af þingi innan fárra vikna?*

„Nei, ekki innan fárra vikna, ég endurskoða hug minn í haust. Ég ætla að sjá hverju fram vindur í pólitíkinni, það er mikil gerjun í þjóðfélaginu, við sáum það best á Besta flokknum í Reykjavík, fólk er leitandi. ESB-málið er þess eðlis að það er heit kartafla í öllum flokkum nema Samfylkingunni, það er ágreiningur alls staðar annars staðar. Það eru Evrópusinnar í öllum flokkum og mjög sterkir í mínum flokki.

Ég hugsa minn gang og sé til hvað gerist næstu mánuði. Það má vera að ég taki þátt í störfum nýrrar hreyfingar gegn ESB þó ég ætli ekki að hafa frumkvæði að stofnun slíkrar hreyfingar.“

### Vonbrigðin mikil með margt

*Þú hefur fylgst lengi með pólitíkinni, verið pólitískur alla tíð. Eru stjórnmálin öðru vísi en þú taldir?*

„Nei, stjórnmálamenningin hefur verið svona um áratugaskeið en ég hélt ég að ég væri að fara í leiðangur miðað við stefnuskrá VG til að breyta þessu.

Árið 2003 var leitað til mín um að koma í framboð í Reykjavík og ég ákvað að slá til. Ég náði ekki kjöri en var varaþingmaður og ákvað svo að dengja mér aftur í slaginn 2007. Ég hafði verið svolítið í pólitík í lögmennskunni, hafði verið í umhverfismálunum og kynferðisbrotamálum og taldi að með því að fara á þing gæti ég náð meiri árangri en með því að vera í málaferlum. Þetta voru málin mín og svo kom ESB.“

*Þú taldir þig geta hafa haft áhrif á þessa mikilvægu málaflokka, var það rétt eða rangt mat?*

„Já og nei, ég hef ekki haft það erindi sem ég vonaðist til að hafa en þetta hefur samt ekki verið árangurslaust. En vonbrigðin eru mikil með margt.“



**Í STOFUNNI HEIMA** Atli flutti nýlega í Gerðin í Reykjavík og býr nú steinsnar frá æskustöðvunum. Út um gluggann blasir Esjan við en Atli sækir kraft í Reykjavíkurfjallið og þrífst síður þar sem hann sér það ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### VÍTUR Á FYRRVERANDI RÁÐHERRA KOMU TIL ÁLITA

Atli stýrði þingmannanefndinni sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Auk ítarlegrar þingsályktunar um skýrsluna er landsdómsmálið þaðan komið.

„Landsdómshliðin fór út í pólitísk hrossakaup, það voru undirmál í gangi, eitthvað sem ég hef aldrei náð utan um. Ég vann málið mjög faglega, eingöngu lögfræðilega, og spurði mig oft hvort ég væri í pólitískri vegferð en gat alltaf svarað því neitandi. Við fengum fimm virta fræðimenn til að leggja mat á þetta og það var ráðgjöf þeirra allra nema eins sem hafði vomur að það sem fram væri komið og við áttum að starfa eftir væri nægilegt og líklegt til sakfellis. Þessi niðurstaða var faglega lögfræðilega rökstudd. Það var mikill styr um þetta og samfylkingarfulltrúarnir og sjálfstæðismennirnir í nefndinni áttu mjög erfitt með að ákveða sig. Að endingu varð úr að meirihluti nefndarmanna ákvað málshöfðun gegn fjórum ráðherrum.

Ég hélt að þetta yrði allt fellt en svo fór að Geir einn var ákærður og miðað við viðbrögð sjálfstæðismanna í salnum fékk ég sterkt á tilfinninguna að þeir hefðu verið sviknir. Ég var raunar þeirrar skoðunar að það ættu annaðhvort að vera allir eða enginn. Að taka Geir einan var óeðlilegt, það var þvert á það sem okkar sérfræðingar komust að.

*Er þá ekki óeðlilegt að fara ekki fram gegn Geir?*

„Það eru lagalegar forsendur fyrir því að tveggja. Þetta var ekki heild heldur áttu fjórir einstaklingar í hlut en ég hef hugsað um það eftir á hvort maður hefði getað náð annarri niðurstöðu. Að samþykkja vítur á þinginu með þingsályktun var ein leiðin. Ég hugsaði hana. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar voru þessir fjórir ráðherrar taldir hafa sýnt af sér vanrækslu. Í okkar nefnd vorum við í meginatriðum sammála flestu í skýrslunni en sjálfstæðismenn vildu ekki leggja dóm á þessar vanrækslusyndir og það varð til þess að sú leið lokaðist eiginlega.“



BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
Van Gils
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
PAL ZILERI
POLO RALPH LAUREN
FINUCCI
collezione
bugatti
MABRUN
LLOYD
BELLINI
collezione
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
aðeins í
nokkra daga!
50%
afsláttur
af öllum
herravörum!
70%
afsláttur
af öllum
kvenvörum!
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )



VERÐDÆMI

4.990kr/m²

~~6.290kr/m²~~

AUSTURÍSKT GÆÐAPARKET Í MIKLU ÚRVALI

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU WEITZER PARKETI

Aðeins um helgina!

**Eikarparket**
3ja stafa Structure.
146395

PROSTRONG

Weitzer Parkett

# GERÐU BÍLINN EINS OG NÝJAN

## AUTO GLYM SÝNIKENNSLA Í SKÚTUVOGI – KL: 12-16

Tveir bílar staðsettir inni í verslun þar sem Auto Glym sérfræðingar kenna réttu handtökin og sýna á einfaldan hátt hvernig hægt er að gera bílinn eins og nýjan!

**EKKI MISSA AF ÞESSU EINSTAKA TÆKIFÆRI**

**FRÁBÆR SKEMMTUN!**






Auto Glym sérfræðingar kenna réttu handtökin



Eikar plastparket

1.190kr/m²

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Eik 3ja stafa**
6 mm Plastparket
frá Egger Austurríki,
fæst líka í Hnotu
146956

EGGER




9.995,-

~~11.995,-~~

**Hleðsluborvél**
B&D, 12V,
2 rafhlöður
5245999

BLACK & DECKER

NILFISK®

**Háþrýstidæla**
NILFISK, 100 Bar.
100 Bar, 440 ltr/klst.
5254240




14.995,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

***LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR**

Tilboð gilda ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar". enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

**OPIÐ**
Í SKÚTUVOGI
**TIL 21:00**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Við berjum niður verðið!

10 ltr.

6.995,-

~~8.395,-~~

**Jotaproff**
Hágæða veggmálning, gljástig 7.
7119866-74

JOTUN

10 ltr.

5.995,-

~~7.495,-~~

**Jotaplast**
Gæða plastmálning á loft, gljástig 2.
7119808

JOTUN

13.490,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Sturtusett**
Charisma
m/handbrúsu
8016115

HANDVERKFÆRI

20% AFSLÁTTUR*

Aðeins um helgina!

• Hamrar • Hallamál • Heflar • Málbönd • Sagir • Skrúfjárn • Sporjárn • Tangir • Lyklar • Topplyklasett og margt fleira.

36.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

Allt innifalið

**Salerni**
Vegghengt
salerni með öllu
8078415

Látum verkin tala!

AÐEINS UM HELGINA

HÚSASMIÐJAN

# Úr skotgröfum í samstöðu

Malta er minnsta ríki ESB með um 410.000 íbúa. Þar urðu hatrömm átök um hvort ganga ætti í sambandið. *Klemens Ólafur Þrastarson* sá að margt þar minnir á íslenskar aðstæður en annað ekki.

## MALTA – ÍSLAND

- Maltverjar eiga ekki viðlíka auðlindir og Íslendingar og framkvæmdastjórn ESB hefur skammað þá fyrir að slugsa við að nýta sér endurnýjanlega orkugjafa. Meðan Íslendingar gæla við að ESB-aðild auðveldi sölu raforku í gegnum sæstreng til meginlandsins vantar Maltverja svipaðan streng til að kaupa hana. Franskt fyrirtæki leggur nú rafstreng milli Möltu og Sikileyjar; meirihluti fjárfestingarinnar er frá Fjárfestingabanka Evrópu og ESB.
- Þegar íslensk stjórnvöld vildu gera Ísland að alþjóðlegri fjármálamiðstöð ákváðu Maltverjar að stofna til þekkingarmiðstöðvar. Nýborgin SmartCity átti að marka umbreytingu þjóðfélagsins í þekkingarþjóðfélag og skapa um 5.600 störf í tækni- og tölvugeira. Maltverjum gekk betur en Íslendingum, því uppbyggingin er enn í gangi. Í janúar tilkynnti hugbúnaðarrisinn Cisco að hann ætlaði að hafa aðsetur þar.
- Fréttir af erlendri fjárfestingu og á Möltu eru nokkuð tíðar. Nágrannarnir í austri virðast líta á Möltu sem ákveðinn áfanga á leiðinni á Evrópumarkað og hafa t.d. Sádi-Arabar fjárfest þar duglega. Síðustu þrjú ár hefur utanríkisráðherra Möltu undirritað á annað hundrað tvíhliða samninga við erlend ríki, þar af minnst 30 til að auðvelda erlenda fjárfestingu.
- Maltverjar eru með litla stjórnsýslu og ekki alltaf í samræmi við staðla ESB. Í fyrra stöðvaði framkvæmdastjórn ESB greiðslur í menntaáætlunum til þeirra vegna „sjóðs-óstjórnar“. Nemar urðu af greiðslum og brotlegir embættismennirnir voru reknir. Annars er Malta það ríki ESB sem fæstar Evrópureglur brýtur.

Baráttan með og á móti aðild Möltu að Evrópusambandinu klauf þjóðina í tvær fylkingar, áður en Malta gekk í ESB fyrir sjö árum. Óvíða hefur verið tekist jafn mikið á um þessa ákvörðun og þar, í ríki sem er á stærð við rúman fimmtung Færeyja. Átökin gengu svo langt að þegar nýr meirihluti Verkamannaflokksins náði völdum 1996 dró hann umsókn Maltverja til baka, eða frysti hana.

Fyrir var Malta tvíklofið samfélag um flesta hluti aðra en kaþólska trú, sem nær allir játast. Þar hafa tveir flokkar lengi verið með nær helming atkvæða hvor, fyrrnefndur Verkamannaflokkur og svo Þjóðernisflokkurinn.

Malta er gjarnan sögð á mótum Evrópu, Afríku og Mið-Austurlanda og fékk sjálfstæði frá Bretum 1964. Afstaða flokkanna tveggja til utanríkismála hefur verið ansi ólík. Þegar Þjóðernissinnar voru við völd urðu Maltverjar hluti Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins og helstu skrefin í utanríkismálum voru stigin í vesturátt. Þjóðernisflokkurinn sótti um aðild að ESB 1990.

Verkamannaflokkurinn leit hins vegar til austurs og lagði áherslu á tvíhliða samninga við ESB, án pólitískrar þátttöku. Verkamannaflokkurinn sagðist vilja vinna með sem flestum og lýsti yfir hlutleysi Möltu þegar hann var við völd í kalda stríðinu. Malta átti að vera „Sviss Miðjarðarhafsins“.



Flokkurinn bauð sérstaklega upp á aukið samstarf við Kína og Líbíu. Reyndar var Malta í valdatíð Verkamannaflokksins uppnefnd „Kúba Miðjarðarhafsins“.

Þjóðin var því með öllu ósammála um hvar hún stæði í heiminum. Allt þar til Malta gekk í ESB 2004. Eftir það hefur ríkt mikil samstaða um aðild Möltu að ESB.

Flokkarnir keppa nú á öðrum sviðum og formanni Verkamannaflokksins, Joseph Muscat, sem er fyrir löngu yfirlýstur Evrópusinni, er gjarnan núið um nasir að hafa verið andstæðingur aðildar á yngri árum. Honum til ama er við hvert tækifæri rifjuð upp hin eldri utanríkisstefna Verkamannaflokksins og spurt: Hvar værum við í dag ef þessi flokkur hefði fengið að ráða?

### Aðildarferlið

Margt var til fyrirmyndar í umsóknarferli Maltverja, sem var umfangsmeira en yfirstandandi umsóknarferli Íslendinga því Maltverjar voru vitaskuld ekki EES-þjóð þegar þeir sóttu um aðild. Mikið samráð var haft við hagsmunahópa og komið á sérstöku nefndastarfi til að sem flestir tækju þátt. Ein afleiðing þessa, ef marka má skoðanakannanir, er sú að meirihluta Maltverja finnst sem afstaða hans eða „rödd“ skipti máli og heyrist innan ESB, fleirum en hjá ESB-þjóðum allajafna. Þá var mikið rætt opinberlega og í fjölmiðlum um kosti og galla aðildar.







**ÁRÓÐURSMYND** Í umsóknarferlinu sagði Verkamannaflokkurinn meðal annars að fóstureyðingar yrðu lögleiddar við aðild að ESB, en sérstök bókun gegn fóstureyðingum var sett í aðildarsamninginn. Fóstureyðingar eru að öllu leyti eða hluta til bannaðar í þremur ESB-ríkjum. Á Möltu, Írlandi og í Póllandi. NORDICPHOTOS/AFP

## HJÓNUM ER BANNAÐ AÐ SKILJA

Í lok maí verður haldin þjóðaratkvæðagreiðsla á Möltu, sú fyrsta síðan 2003, þegar þjóðin ákvað að ganga í ESB. Nú skal kosið um hvort leyfa eigi hjónum að skilja. Malta er kaþólskt land og þar þarf fólk að fara í eitthvert annað land til að sækja um og fá lögskilnað. Snúa svo til baka með stimplaða pappíra, sem eru afhentir maltneskum yfirvöldum svo skilnaður megi ganga í gegn. Nú á að breyta þessu þannig að eftir fjögurra ára skilnað að borði og sæng megi fólk skilja að lögum, án þess að þurfa að fara úr landi.

„Ég vil búa í Evrópuríki, sem þýðir ekki bara að maður fljúgi til Brussel eða fari í ESB-röðina á flugvöllum. Það þýðir að maður lifir samkvæmt evrópskum gildum,“ segir Joseph Muscat, formaður stærsta stjórnarandstöðuflokksins, Verkamannaflokksins, í viðtali við AFP. Muscat styður lögleiðingu skilnaðar, ólíkt Gonzi forsætisráðherra. Öll önnur ESB-ríki leyfa skilnað.

Tæp níu prósent maltneskra þingmanna eru konur og hvergi í Evrópusambandinu eru jafn fáar konur hlutfallslega á vinnumarkaði. Það er hluti af átaki Maltverja í 2020-áætlun ESB að breyta þessu. Á hinn bóginn hefur maltneska stjórnin ekki viljað láta undan þrýstingi Evrópuþingisins um að lengja fæðingarorlofið, sem er fjórtán vikur.

## BRÚ MILLI ESB OG AFRÍKU



Maltnesk stjórnvöld hafa notað ESB-aðildina til að styrkja tengsl sín og stöðu meðal nágrannanna í Norður-Afríku og látið til sín taka í málefnum Miðjarðarhafs. Maltverjar hafa til dæmis fjárfest í Líbíu og eiga þar nokkurra hagsmuna að gæta. Þegar öll önnur ríki ESB vildu beita Líbíu refsiaðgerðum fyrr í mánuðinum beittu Maltverjar neitunarvaldi sínu og stöðvuðu þær um nokkurt skeið. Þeir hafa lokað flugvöllum Möltu fyrir árásarflugi til Líbíu.

Fyrir ekki hálfu ári síðan hitti forsætisráðherra Möltu Gaddafí, leiðtoga Líbíu, að máli í Trípólí til að ræða öryggismál. Helsta málið á dagskrá var það sem kallað hefur verið fjárkúgun Gaddafís, sem fór fram á fimm milljarða evra í árlegan styrk. Í staðinn myndi hann gera sitt til að koma í veg fyrir að þegnar sínir yfirgæfu heimalandið til að bætast í stóran hóp ólöglegra innflytjenda Evrópu. Sumir leiðtogar Evrópu hafa litið á Gaddafí sem bandamann í þessum málum og litið framhjá aðstæðum fólksins, sem hefur oft mátt dúsa í hraklegum flóttamannabúðum. Samstarf ESB og leiðtoga Norður-Afríku hefur verið vægast sagt umdeilt meðal mannúðarsamtaka og víðar.



Allt þetta gerir það að verkum að Maltverjar, minnsta þjóð ESB, segjast vera ánægðari með fyrirkomulag lýðræðis í ESB en flestar þjóðir.

Ein helstu mótrök aðildarandstæðinga voru þau að sameiginleg löggjöf ESB myndi múlbinda Maltverja og sýna viðkvæmu efnahagslífi lítillar eyju lítið sem ekkert tillit. Þetta myndi þýða „endalok atvinnu“ fyrir Maltverja, því erlendir verkamenn tækju störfin af innfæddum. Þjóðin stóð frammi fyrir „endalokum vefnaðariðnaðar“ og „endalokum frelsis“. ESB-aðild hefði í för með sér of margar reglur og skyldur, íbúðarhúsnæði myndi rjúka upp í verði, skattbyrði yrði meiri og hefðbundnar fuglaveiðar bannaðar. Skipasmíðastöðvum yrði lokað og hefðbundinn sjávarútvegur og landbúnaður liði undir lok. Verkamannaflokkurinn lagði aðild að ESB að jöfnu við að Malta yrði aftur nýlenda.

Allt þetta, ásamt óvinsælum umbótum innanlands sem gerðar voru að kröfu ESB, studdu að því að stjórn Þjóðernissinna féll í miðju aðildarferlinu, 1996. Umsóknin var dregin til baka, sem fyrr segir, en tveimur árum síðar náði Þjóðernisflokkurinn völdum aftur og umsóknarferlið hélt áfram. Fyrir utan efnahagsmál snerist umræðan um menningarlega stöðu Möltu (hvaða heimshluta Maltverjar ættu að tilheyra og hvað það þýddi að vera Maltverji), þjóðaröryggismál og hvernig mætti tryggja að hæfasta unga fólkið færi ekki úr landi.

**Samningurinn**

Malta er talin hafa náð afar góðum samningum. 76 sérlausnir eru í samningnum um frest til aðlögunar eða klæðskerasaumaðar lausnir: endanlegar undanþágur. Maltverjar fengu til að mynda að takmarka fasteignakaup útlendinga og hindra fiskveiðar þeirra innan 25 mílna. Þá fengu þeir fjölda sérlausna í landbúnaði og sérstakan ríkisstuðning við skipaþjónustu. Stjórnvöld máttu og stöðva frjálsa för erlendra verkamanna ef þurfa þætti.

Árið 2002 vildu einungis 38% Maltverja ganga í ESB, samkvæmt skoðanakönnun. Þrátt fyrir það studdu um 53% þeirra aðild Möltu að ESB í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu 2003. En þar með var sögunni ekki lokið því Verkamannaflokkurinn hélt óbreyttri stefnu og hótaði að stöðva aðildarferlið, kæmist hann til valda. Það mun hafa verið að beiðni ESB að boðað var til þingkosninga fljótlega eftir aðildaratkvæðagreiðsluna, svo enginn vafi yrði um niðurstöðuna. Verkamannaflokkurinn náði ekki meirihluta í þeim kosningum og aldrei eftir það, nema í kosningum til Evrópuþingsins!

**Eftir á að hyggja**

Deilt er um áhrif þess að Malta fór klofin í gegnum aðildarviðræður. Sumir fræðimenn telja að Verkamannaflokkurinn hafi með afstöðu sinni neytt þjóðina til að eyða orku sinni í mál sem engu skiptu, þegar hún hefði getað tryggt sér betri samning. Þetta sjónarmið er ríkt innan Verkamannaflokksins sjálfs. Þar er harmað að flokkurinn hafi enga raunverulega aðkomu eða áhrif haft í ferlinu, utan neikvæðs og ómarkviss þrýstings.

Aðrir benda á að sökum takmarkaðs fylgis aðildar hafi ríkisstjórnin þurft að leggja sig sérstaklega fram við að kynna ferlið og áhrif og merkingu aðildarinnar fyrir kjósendum. Þetta hafi aukið pólitískan skilning og stuðning við aðildina.

Enn aðrir benda á að þegar tveir eigi í viðræðum, eins og Malta og ESB, sé einungis samið um hið semjanlega. Þegar samninganefnd Möltu kom að samningaborðinu var henni og fulltrúum ESB ljóst að nefndin hafði afar skilyrt umboð og gat ekki litið fram hjá sjónarmiði stjórnarandstöðunnar. Ef hún ekki næði góðum kjörum fyrir Möltu væri betur heima setið, því samningurinn yrði kolfelldur: Sveigjanleikinn yrði allur að vera ESB-megin borðsins. Því hafi hin mikla andstaða stuðlað að því að þjóðin landaði góðum aðildarsamningi.

## Aðrar pólitískar hindranir



Magnús Árni Magnússon

Magnús Árni Magnússon, stjórnmálafræðingur og dósent við Bifröst, er að ljúka við doktorsritgerð, meðal annars um ESB-aðild Möltu. Hann bendir á að Maltverjum hafi aldrei staðið EES-aðild til boða, ólíkt Íslendingum. Þá stýri aðrir hlutir afstöðu fólks til ESB í löndunum tveimur: Hin mikla tvískipting á Möltu geri að verkum að annar flokkurinn varð næstum sjálfkrafa á móti því sem hinn lagði til, ESB-aðild.

„En hér tengist þetta þessum leiðandi atvinnugreinum. Sjávarútvegurinn er ráðandi í umræðunni, ásamt skeleggri og etnískri þjóðernishyggju sem hefur fengið að grassera hér síðustu hundrað ár. Þjóðernishyggjan var allt öðru vísi á Möltu, þar sem fólk vildi tengjast öðrum löndum. Það greindi bara á um hvaða landi ætti að tengjast,“ segir hann. Þar hafi mótrök verið efnahagsleg, en hér fjalli þau um fullveldi og tilfinningar: „Og það er erfitt að berjast við tilfinningar með rökum.“

## Eyþjóð með einstaka tungu

Maltneska er eitt 23 opinberra tungumála ESB og fjölmargir Maltverjar starfa við að þýða og tala maltnesku fyrir ESB, sem eyðir 30 milljónum evra í þetta verkefni árlega.

Einn málvísindamaðurinn orðaði það svo að áður hefðu Maltverjar haft áhyggjur af því að maltneska liði undir lok. Nú snúist áhyggjurnar um að sæmilega kjarnyrt og góð maltneska heyrist ekki utan eyjanna, því sú maltneska sem heyrist á vettvangi ESB sé meira og minna út úr munni lögfræðinga. ESB-maltneskan er þó sögð batna með hverju árinu.

Maltneska er semitískt mál og þróaðist úr siculo-arabísku. Hún er eina tunga sinnar tegundar sem er rituð með latnesku letri og einnig sú eina sem nýtur þess að vera opinbert tungumál ESB. Stór hluti orðaforðans er úr ítölsku og ensku en kunnátta í þessum tungum kemur fólki ekki endilega langt í samræðum á maltnesku. „*Jekk joghgbok, tkellem iktar bil-mod*,“ skal sagt, vilji maður biðja Maltverja að tala hægar. Enska er einnig opinber tunga á Möltu.


ÍSLENSKA SIA.IS ARI 53117 03/11

Sameinaðir *kraftar* í nýju útibúi Arion banka á Höfða




Við höfum opnað *nýtt útibú* á Bíldshöfða 20. Þar sameinast útibú bankans í Árbæ, Grafarvogi og á Suðurlandsbraut á nýjum stað.

Í nýja útibúinu veita ráðgjafar okkar alhliða fjármálaþjónustu og sérhæfða ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja.

Aðstaðan í Höfðaútibúi er öll hin besta og mikið lagt upp úr því að gera heimsókn þína í útibúið sem ánægjulegasta.

Við erum hér fyrir þig og *hlökkum* til að taka á móti þér á nýjum stað.

Arion banki



**DJÚPAVOGUR VEÐJAR Á MENNINGUNA** Segir Bryndís Reynisdóttir menningar- og ferðamálastjóri, hér með Gauta Jóhannessyni sveitarstjóra.



**ÞÓRA JÓNA KEMP, HANSÍNA KEMP OG HALLGRÍMUR AXEL TULINIUS** Sneru aftur til Eskifjarðar fyrir nokkrum árum og eru alsæl þar.



**MADAM SILK** Stórkostlegt írskt sirkusleikhús sem sýndi á Egilsstöðum í fyrrahaust.



**VILHJÁLMUR HJÁLMARSSON** Hinn 96 ára fyrrverandi ráðherra á bágt með að skilja hvað eiginlega gerðist á Íslandi.



**SKÚLI BJÖRN GUNNARSSON** Forstöðumaður Skriðuklausturs vonast til þess að menningin fái að lifa þótt það harðni á dalnum.

# Hinn fullkomni þríhyrningur

Hvert er eiginlega markmiðið með samstarfi jaðarsvæða í Noregi, á Íslandi og Írlandi um lista- og menningarmál? Svarið fékk norski blaðamaðurinn *Gard L. Michalsen* þegar hann kom „heim“ þegar hann fór á Austurland í haust sem leið.

Það var dimmt þetta kvöld á Egilsstöðum í fyrrahaust og myrkrið var jafnvel enn meira inni í íþróttahúsi sem búið var að breyta í leikhús af þessu tilefni. Fidget Feet Aerial Dance Company frá Írlandi var þar að setja á svið sýningu sína Madam Silk.

Ekkert er sagt í verkinu heldur er um að ræða blöndu af sirkus, leiklist og dansi og sýningarhópurinn beitir hljómfalli, tónlist og fjölbreyttum tjáningarleiðum til þess að gera sig skiljanlegan hvar sem er í heiminum. Og hérna líka, fyrir fullu íþróttahúsi með gestum af öllu tagi sem koma til þess að sjá írskan leikdans, en í miðjum hópnum situr norskur blaðamaður og ritstjóri minnsta staðarblaðs heimalands síns, Sortlands Avisa. Öll eigum við það sameiginlegt að koma þar saman til þess að kynnast frjóu og mikilvægu menningarsamstarfi þriggja héraða, Austurlands, Vesturáls í Noregi og Donegal á Írlandi. Ég kem nánar að því síðar.

Hvaða erindi átti ég á staðinn? Ég var kominn heim. Ég hafði fengið styrk frá menningarnefnd Vesturáls til þess að heimsækja Ísland í fyrsta sinn á ævinni. Firðina, húsin og fiskinn en kannski allra helst fólkið. Og ekki síst smábæinn Eskifjörð sem minnir svo mikið á heimabæ minn Sigerfjord að ég gæti vel hugsað mér að flytja þangað.

Ég veit ekki hvar ég á að byrja og hvað ég get gert við allar sögurnar sem ég hef sagt í Sortlands Avisa en kem ekki fyrir hér. Til dæmis um hann Sævar sem rekur gistihús, ferðaþjónustu og matsölu í norsku sjóhúsi á Eskifirði. Eða um þá Sindra og Friðrik á Breiðdalsvík. Svo ekki sé nú minnst á eftirminnilega heimsókn til Mjóafjarðar og Vilhjálms Hjálmarssonar, 96 ára fyrrverandi menntamálaráðherra.

### Menningin er mikilvæg

Ég næ heldur ekki að fjalla um öll mál en ég ætla að byrja á menningunni. Hún er mikilvæg og það skilur fólk til dæmis á Djúpavogi þar sem menningin hefur verpt stórum eggum. „Fjölmargir koma hingað til þess að skoða eggin sem komu til sögunnar fyrir rúmu ári og Sigurður Guðmundsson ber ábyrgð á,“ segir Bryndís Reynisdóttir, stjórnandi menningar- og ferðamála.

En það er fleira í húfi. Djúpavogsbúar veðja á menningu og ferðaþjónustu á grundvelli virkrar þátttöku og upplifunar, á hið gamla Hótel Framtíð (eitt margra norskra húsa á Austurlandi) en ekki síst á að fólk flytji aftur heim á æskuslóðir. „Stöðugt fleiri úr hópi unga fólksins snúa aftur heim á Djúpavog. Fólkið hélt að heiman til náms en vill nú koma heim á ný. Það er hrifið af staðnum og vill koma einhverju til leiðar þar,“ segir Bryndís. Á Djúpavogi er ýmsu komið til leiðar sem íbúarnir efast um að hefði komist á laggirnar með álverinu á Reyðarfirði í næsta nágrenni.

„Nei, það hefði ekki hentað okkur. Við horfum í kringum okkur og könnum hvað þar er í boði og það er svo miklu meira. Við eigum ekki að reyna að vera annað en við erum,“ segir Bryndís.

Alls staðar sem ég kem skilja Íslendingar mest af því sem ég segi á norsku. Með tímanum tekst mér líka að skilja mikið af því sem þeir segja. En fólkið býr yfir mörgum norskum einkennum. Þeir Íslendingar sem ég hitti minna mig að minnsta kosti miklu frekar á Norðmenn en Dani.

„Það er að segja, við líkjumst ekki borgarbúunum heldur miklu frekar þeim sem búa við strendur Noregs. Við eigum margt sameiginlegt með þeim, bæði hvað skapferli og framkomu varðar. En Danir? Þeim er skítsama um Ísland,“ segir Hallgrímur Axel Tulinius, sem nú er fluttur heim til Eskifjarðar eftir margra ára veru í Danmörku.

## MENNINGARSAMSTARF VESTURÁLS, AUSTURLANDS OG DONEGAL

- Hófst árið 2003 með samvinnu menningarsamstarfsins í Vesturáli og Menningarráðs Austurlands og hefur leitt til gagnkvæmra heimsókna listafólks og menningarfrumkvöðla, samstarfs og verkefna.
- Ungt listafólk hefur farið á milli héraðanna. Í báðum löndum hafa verið haldnar hátíðir með heimsóknum djass- og rokksveita. Tónlistarfólk hefur farið í hljómleikaferðir. Gagnkvæmar heimsóknir kvikmyndagerðarfólks og samsýningar myndlistarmanna.
- Ferða- og vinnustyrkir fyrir listamenn og menningarstarfsemina.
- Fræðslu- og kynningarferðir fyrir hópa sveitarstjórnarmanna og starfsfólks á menningarsviði. Vel þekkt meðal almennings í báðum héruðum.




Víkingar héldu til Íslands fyrir þúsund árum. Og um þúsaldamótin héldu Norðmenn á ný til Íslands. Rótina að samstarfi Menningarráðs Austurlands og menningarnefndar Vesturáls er að finna í menningarráðstefnu í Norræna húsinu árið 2003. Írar komu til leiks árið 2007 og urðu þriðja hlið þessa menningarþríhyrnings.

Listafólk, rithöfundar, málarar, tónlistarmenn, leiðtogar úr atvinnulífinu og stjórnmálamenn hafa farið í heimsóknir, ýmist einir eða í stærri hópum. Sumir hafa fengið styrki og eru í opinberum erindum en samstarfið hefur þróast þannig að margir fara að eigin frumkvæði og standa að samstarfsverkefnum með fólki með sömu hugmyndir og markmið. Á annað hundrað Vesturálsbúa hefur heimsótt Austurland á undanförnum árum og þeim heldur áfram að fjölga.

Það er þó við vanda að etja. Fjármálakreppan lamaði Ísland en ég veit reyndar ekki hvort ég þori að skrifa mikið um hana hérna því eins og öldungurinn Vilhjálmur orðaði það: „Ég kýs helst að hugsa ekkert um hana og skil reyndar ekki hvernig þetta gat gerst.“

### Niðurskurður vegna kreppu

Austfirðingar finna fyrir afleiðingunum. Fólk mótmælir niðurskurði á heilbrigðissviðinu og svo virðist sem fjarlægðin á milli Reykjavíkur og Austurlands aukist stöðugt. Afleiðinganna verður líka vart á menningarsviðinu.

„Niðurskurðurinn hefur verið tíu prósent á ári síðustu þrjá árin,“ segir Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður hins einstaka menningarseturs á Skriðuklaustri skammt frá Egilsstöðum. Þar stendur gamalt sveitasetur reist af rithöfundinum Gunnari Gunnarssyni löngu áður en Íslendingar fundu auðinn í sumarleyfisgestum, fiski og fjármálastarfsemi.

Og þarna liggur kannski hundurinn grafinn. Að koma því í kring sem ætti í raun ekki að vera hægt. Það hafa nú samt bæði Norðmenn og Íslendingar gert öldum saman í hinum dreifðu byggðum. „Það er mikill samdráttur í fjármagni frá bæði atvinnulífinu og opinberum aðilum svo erfitt er að finna fé til verkefna, auk þess sem áætlanir verða allar minni um sig. En þá er bara að byrja að hugsa öðruvísi, treysta á meira sjálfboðastarf og vinna saman,“ segir Signý Ormarsdóttir, menningarfulltrúi Austurlands. „En við finnum líka fyrir ýmsu jákvæðu. Íslendingar nota nú meira af peningum innanlands en ferðast minna til útlanda. Hér kaupa þeir menningu, mat og upplifun,“ segir hún.

Listir og menning ganga þó ekki hjálparlaust. Hvernig getum við tryggt að Íslendingar hafi ráð á frekara samstarfi? Verða Norðmenn að kosta þátttöku Íslendinga? Er hætta á að alveg verði lokað fyrir fjárúthlutanir?

„Ég set traust mitt á nýjar rannsóknir sem sýna að skapandi iðnaður er afar mikilvægur og færir samfélaginu meiri peninga en ætla mætti. Það er reyndar góð fjárfesting að verja peningum í listir og menningu. Og svo er þetta fólki mikilvægt, það er eitthvað til að lifa fyrir og slaka á með, auk þess sem það færir samfélaginu nýja og öðruvísi orku,“ segir Signý.

### Heimurinn eitt þorp

Og kannski er menningin jafnvel enn mikilvægari á krepputímum? Það áleit Skúli þegar ég hitti hann á Skriðuklaustri.

„Sköpunin verður oft meiri þegar að þrengir. Og svo er heimurinn allur orðinn eitt þorp. Í dag er maður staddur í Brasilíu, á morgun á Íslandi. Og þá verður það enn meira virði að þekkja menningu sína og sögu, að vita hvaðan maður er,“ segir Skúli. Það þýðir þó ekki að hafna eigi samstarfi, kannski þó við einhvern sem er aðeins nær og tengdari manni en sá frá Brasilíu?

„Samstarfið við Vesturálsbúa færir okkur fjölmargt og hjálpar okkur áleiðis í þróuninni á sviði lista og menningar. Saga okkar er um margt sameiginleg og þar eru margir samnefnarar. Þetta færir listafólki innblástur og er íbúum landanna nokkurs virði,“ segir Signý.

Ég vona að mér hafi tekist að útskýra fyrir einhverjum eitthvað um Noreg, Austurland og síðast en ekki síst Írland sem nú er komið til samstarfs. Það á að nota peninga til að lifa, ekki bara til að lifa af. Meðal annars með samstarfi sem við væntum okkur mikils af. Við fengum aðeins að kynnast því í fyrrahaust þegar Íslendingar, Írar og Norðmenn tóku höndum saman í Vesturáli með sýningunni The Edge of the Pier en bryggjusporðurinn undirstrikar einmitt böndin sem binda okkur saman: Hafið er stórt frá einni strönd til annarrar en í raun er afar stutt á milli okkar. Verkefnið heldur áfram með sýningum af sama tagi í Donegal og á Austurlandi á þessu ári.

Og hvað mig varðar? Ég velti því bara fyrir mér hvenær ég get fundið fé og tíma til þess að heimsækja Ísland á ný.

Hvenær ég fæ næst að koma heim.




markhonnun.is

netto

KRÆSINGAR
& KOSTAKJÖR

www.netto.is

Mjódd
Salavegur
Hverafold
Akureyri
Höfn
Grindavík
Reykjanesbær



ÍÞRÓTTATASKA
1.595,-

**Íþróttataska**
Stór og góð taska í sportið.

fossflakes™
- the future in luxury fill



SPARIÐ 2.000 KRÓNUR

FULLT VERÐ: 8.995,-
6.995,-




**FOSSFLAKES SUPERIOR sæng**
Lúxus sæng fyllt með 70% af FOSSFLAKES og 30% af sílikonhúðuðum polyester holtrefjum. Hið nýja FOSSFLAKES efni er létt og mjúkt og minnir í flesta staði á dún. Sængin er saumuð í 4 x 6 sm. ferninga með veggjum á milli hólfa og því helst fyllingin jöfn yfir alla sængina. Sængin viðheldur réttu hitastigi við notkun og kemur í veg fyrir svitamyndun. Þolir þvott og þurrkun við 60°C. Heldur lögun sinni þvott eftir þvott! Stærð: 140 x 200 sm. Vandað, þéttofið áklæði úr 100% bómull. Tilvalin sæng fyrir astma- og ofnæmissjúklinga. Sængurtaska fylgir.

HREIN EFNI

60° 60°

# ALLT FYRIR FE

STÓRT FIÐRILDI 1 STK.
399,-



**Skrautfiðrildi**
Flott skrautfiðrildi með klemmu. Fást í nokkrum fallegum litum og 2 stærðum. Stórt: 17 x 13 sm. 1 stk. í pakka **399,-** Minni: 10 x 9 sm. 3 stk. í pakka **595,-**

**Hitaþol svefnpokans**
Þægindamörk -16/-20°C
Lágmarkshiti -22°C

FULLT VERÐ: 7.995,-
5.995,-



25% AFSLÁTTUR

**OUTBACK svefnpoki**
Vandaður og góður svefnpoki. Stærð: 205 x 55/80 sm. Þyngd: 1920 gr. Má þvo í vél við 30°C. Lámarkshiti: -22°C. Poki fylgir.

SLÉTTUJÁRN
1.695,-



**Sléttujárn**
Gott sléttujárn á fínu verði!

HÁRBLÁSARI
2.995,-



**Hárblásari**
Nettur og góður hárblásari með 3 hraðastillingum.

SPARIÐ 500 KRÓNUR



FULLT VERÐ: 3.495,-
2.995,-

**ROVENA sængurverasett**
Mjög flott sængurverasett í skemmtilegum litum. Efni: 100% gæðabómull. Tölur að neðan. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.

1 STK.
795,-



**Blóm í potti**
Nokkrir litir fáanlegir. Hæð: 16 sm.

FULLT VERÐ: 1.995,-
1.495,-



25% AFSLÁTTUR

**QUADRO borðlampi**
Mjög fallegur lampi með hvítum, plíseruðum skermi. Hæð: 26 sm.

FULLT VERÐ: 44.950,-
19.950,-

56% AFSLÁTTUR



**SIMON svefnsófi**
Frábær, brúnn svefnsófi með slitsterku PU áklæði sem auðvelt er að þrífa. Stærð: L180 x D86 x H78 sm. Stærð í svefnstöðu: L180 x B109 sm.

30% AFSLÁTTUR



FULLT VERÐ: 9.995,-
6.995,-

**OSCAR skrifborðsstóll**
Skrifborðsstóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hæðarstillingu. Hægt að rugga. Litur: Svartur.

SKARTGRIPASKRÍN
1.995,-



**MAROCCO skartgripaskrín**
Mjög flott skartgripaskrín með mörgum flottum hólfum. Flott gjöf á góðu verði!



**Allt á veisluborðið**
Eigum mikið úrval af fallegu skreytingaefni fyrir fermingarveisluna! Kerti, organza efni, skrautfiðrildi, borðar, gervíblóm o.m.fl. Fallegir litir: Lime, fjólublátt, turkís og bleikt. Komdu og skoðaðu úrvalið!

KERTI VERÐ FRÁ: **99,-**




FULLT VERÐ: 54.950,-
**39.950,-**
ÁN FÓTA

SPARIÐ **15.000** KRÓNUR

**PLUS B10 boxdýna**
**120 x 200 sm.**
Tvöfalt gormalag. Fallegt og vatterað, jaquardofið áklæði. Í efra lagi eru 232 LFK gormar pr. m² og í neðra lagi dýnunnar eru 150 BONELL gormar pr. m². Miðlungsstíf dýna. Innifalið í verði er 5 sm. þykk og góð yfirdýna. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri og gegnheilli furu. Stærð: 120 x 200 sm. Verð án fóta.

# ERMINGARNAR!

**TILBOÐIN GILDA 26.03 - 27.03**



KERTI ÁÐUR FRÁ: 1.295,-
**995,-**

ALLT AÐ **25%** AFSLÁTTUR

**Stór kirkjukerti**
Falleg, hvít kirkjukerti í 3 stærðum: Hæð: 29 sm. áður **1.995,-** nú **1.495,-** 25 sm. **1.695,-** nú **1.295,-** 20 sm. **1.295,-** nú **995,-**



SKARTGRIPATRÉ **1.495,-**

**Skartgripatré**
Flott tré fyrir skartgripina.
Litur: Silfur.




FULLT VERÐ: 29.950,-
**24.950,-**

SPARIÐ **5.000** KRÓNUR

**SINGER TALENT 3321 saumavél**
Frábær SINGER saumavél sem gerir öll helstu sporin, zikkzakk, hnappagöt o.fl. Er með nálarþræðara.



SKARTGRIPASKRÍN **2.995,-**

**Skartgripaskrín**
Huggulegt skartgripaskrín með góðu plássi. Stærð: 15,5 x15 x 24 sm.



FULLT VERÐ: 19.950,-
**12.950,-**

SPARIÐ **7.000** KRÓNUR

**JIM skrifborðsstóll**
Góður skrifborðsstóll með örmum og innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hæðarstillingu.



SÆNGURVERASETT **2.995,-**

**LEONA sængurverasett**
Efni: 100% bómullarsatín.
140 x 200 sm. / 50 x 70 sm.



FULLT VERÐ ÁÐUR FRÁ: 4.995,-
**3.995,-**

**20%** AFSLÁTTUR

**FLOWER ferðatöskur**
Flottar ferðatöskur með blómamunstri. 3 stærðir fáanlegar á frábæru verði! Fæst í tveimur litum, svartar eða fjólubláar. Stærð: 18" fullt verð: **4.995,-** nú: **3.995,-** Stærð: 22" fullt verð: **6.995,-** nú: **5.595,-** Stærð: 26" fullt verð: **8.995,-** nú: **7.195,-**




Koddi
50 x 70 sm.
**2.995,-**

SÆNG 140 X 200 SM.
**9.995,-**

**KRONBORG LUX andadúnssæng**
Gæðasæng fyllt með andadúni og smáfiðri. Bómullaráklæði og snúrukantur.
Þyngd: 900 gr. Má þvo við 60°C.
Sæng: 140 x 200 sm. **9.995,-**
Sæng: 140 x 220 sm. **10.950,-**



FULLT VERÐ: 19.950,-
**14.950,-**

SPARIÐ **5.000** KRÓNUR

**PARIS kommóða**
Flott, hvít kommóða með 5 skúffum.
Stærð: B77 x H110,5 x D50 sm.



HÁRMÓTUNARSETT **2.495,-**

**Hármótunarsett**
Gott hármótunarsett til að krulla og slétta hárið. 6 stillingar.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is



**LEIKKONA, BLAÐAMAÐUR OG BRENNÓSTJARNA** Lilja Katrín Gunnarsdóttir sinnir mörgum hlutverkum á degi hverjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eins og að fara aftur í tímann

**Lilja Katrín Gunnarsdóttir** hefur aldrei verið jafn stressuð og þegar hún fór í prufur fyrir hlutverk aðalsöguhetjunnar í Makalaus. Ánægjan var því ótrúlega mikil þegar hún hreppti hlutverkið sem hefur vakið athygli á þessari ungu leikkonu sem vinnur einnig sem blaðamaður en vonast til að verða leikkona í fullu starfi einn daginn. *Sigríður Björg Tómasdóttir* ræddi við Lilju.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir er stundvís. Þegar blaðakona mætir tímanlega á umsaminn stað er Lilja Katrín mætt og búin að koma sér fyrir. Hún er í hádegishléi frá vinnunni sinni á Séð og heyrt en Lilja Katrín hefur unnið með hléum sem blaðamaður í sjö ár og hóf reyndar þann feril á Fréttablaðinu 2004. „Ég ákvað að taka mér frí frá námi eftir stúdentspróf 2002, vann og flakkaði um Spán. Svo fór ég að vinna í afgreiðslunni á Fréttablaðinu og sótti um blaðamannastarfið í kjölfarið,“ segir Lilja Katrín. „Það er skemmtilegt að vinna sem blaðamaður og fer ágætlega með leiklistinni núna,“ segir Lilja Katrín sem leikur aðalhlutverkið í þáttunum Makalaus sem eru sýndir á Skjá einum.

### Skemmtileg tímavél

Þáttaröðin Makalaus var tekin upp í ársbyrjun, vikur sem Lilja segir hafa verið algjört ævintýri. „Þetta er bara það skemmtilegasta sem ég hef gert, ég held það hafi verið smá leiðinlegt í vinnunni einn dag af 34. Annars var alltaf frábært og fólkið sem ég kynntist var hvert öðru skemmtilegra. Það var dálítið gaman að við vorum þarna nokkur sem höfðum lært leiklist erlendis og það tengdi okkur. Annars voru þetta allt miklir snillingar, fólkið sem sá um vinnslu þáttanna ekki síst. Það er ótrúlegt að lesa handrit og sjá svo að útkoman er miklu flottari en maður hefði getað gert sér í hugarlund.“ Lilja segist reyndar hafa þurft að stífla fréttanefið þegar hún var við tökur á Makalaus. „Ég sat einhvern tíma og hugsað með mér að hér væri efni í ótal fréttir, en svo slökkti ég bara á forvitna blaðamanninum og hélt áfram að vinna vinnuna mína.“

Prufurnar fyrir hlutverk í þættina fóru fram fyrir jól og segir Lilja aldrei hafa verið jafn stressaða eins og þegar hún tók þátt í þeim. „Í flestum prufum hef ég verið frekar slök en ég gat varla sofið áður en ég mætti í þessa, mig langaði svo í hlutverkið,“ segir Lilja, sem hafði lesið bók Tobbu Marinós sem þættirnir byggja á og langaði mikið til að leika nöfnu sína Sigurðardóttur. „Það var mjög gaman, líka vegna þess að það var pínu eins og að fá að heimsækja mig fyrir nokkrum árum aftur, lifa lífi einhleyprar konu sem langar í kærasta og fer mikið út að skemmta sér með vinkonunum. Þetta er kannski aðeins ýkta útgáfan af þessum heimi, en mjög skemmtileg eigi að síður,“ segir Lilja, sem fannst það erfiðasta við þáttagerðina vera fjarveran frá litlu eins árs dóttur sinni Amelíu Björt.

### Sagan sem ekki átti að segja

„Stundum fór ég út áður en hún vaknaði og kom heim þegar hún var sofnuð, það var erfitt,“ segir Lilja sem hefur skrifað heilt leikrit um meðgönguna og móðurhlutverkið, Mamma, ég? Einleik sem hún sýndi nokkrum sinnum í haust en stefnir á að fara með í leikför um landið á næstunni. „Við erum að skipuleggja þetta tæknimaðurinn og leikstjórinn,“ segir Lilja, sem skrifaði leikritið í fæðingarorlofinu.

„Dóttir mín hatar ekki að sofa, hún svaf allar nætur og lagði sig á daginn þannig að ég hafði mikinn lausan tíma. Félagi minn Svanur Már Snorrason skrifaði leikritið með mér og við sendum hvort öðru textann. Kveikjan var sú að mig langaði til að lýsa meðgöngunni eins og hún er, með öllum fylgikvillunum, og fæðingunni sömuleiðis. Ég vissi mjög lítið um þessi mál og langaði til að lýsa því að meðgangan er fjarri því að vera dans á rósum þó að hún sé auðvitað vel þess virði. Þegar ég var búin að setja verkið saman þá fannst mér það mjög skemmtilegt og segja sögu stelpu sem var frekar kærulaus, ætlar ekki að eignast börn og verður svo ólétt á mjög kæruleysislegan hátt, en eignast svo barn sem hún elskar út af lífinu,“ segir Lilja Katrín og getur ekki annað en hlegið að því að sagan af því hvernig hún varð ólétt sé orðin hluti af leikriti, saga sem hún skammaðist sín mikið fyrir í fyrstu.

Lilja Katrín varð nefnilega ólétt eftir einnar nætur gaman í Kaupmannahöfn. „Ég sendi barnsföður mínum, Hjalta Rúnari Sigurðssyni, línu á Facebook þegar ég komst að því að ég var ólétt. Og sagði honum um leið að ég ætlaði í fóstureyðingu. Hann sagðist styðja mig í minni ákvörðun. Ég panta svo tíma í fóstureyðingu á föstudegi en á miðvikudeginum vill svo til að tvær leikkonur í Borgarleikhúsinu, þar sem ég var í starfsnámi, byrja að ræða við mig í um barneignir og hvað óvænt ólétta geti verið mikil blessun. Ég hafði aldrei talað við þær áður og þetta var mjög furðuleg tilviljun. Þær vissu auðvitað ekki að ég væri ólétt, ég var ekki að auglýsa það enda fannst mér hálf skammarlegt hvernig hún kom til.”

Samtalið hreyfði við Lilju Katrínu, sem tók þá ákvörðun á leiðinni heim úr vinnunni að ganga með barnið sem hún bar undir belti. Þegar heim kom beið hennar einnig bréf frá barnsföður hennar þar sem hann sagðist vilja flytja heim og ala barnið upp með henni.

### Leikaradraumurinn sem rættist

Það varð úr og um leið og kom heim flutti Lilja Katrín inn til hans og þau hafa verið saman síðan. Óléttan varð síðan til þess að Lilja Katrín fór sér hægt í að koma sér á framfæri í leiklistinni, en hún segist hafa lítil tengsl við íslenskan leikhúsheim. „Ég var reyndar nokkra mánuði í starfsnámi í Borgarleikhúsinu eftir að ég flutti heim, var aðstoðarmaður leikstjóra og það var bara mjög gaman. En ég fékk ekkert að leika þar, ólíkt skólasystkinum mínum sem fengu að leika í sínu starfsnámi, það er bara ekki hefð fyrir því hér,“ segir Lilja Katrín sem lærði leiklist í Árósum, í skóla sem hún fékk augastað á sextán ára framhaldsskólamær. „Ég sótti svo um á nokkrum stöðum þegar ég hafði ákveðið að láta leikaradrauminn rætast, fór í inntökupróf í Árósum og komst inn.“

Skólinn er rússneskur og aðferðir leikhúsmeistarans Stanislavskis í hávegum hafðar. „Hann var þarna uppi um alla veggi, og við gerðum ótal æfingar í hans anda, margar mjög leiðinlegar,“ segir Lilja og hlær. „Svo unnum við mikið í okkur sjálfum, eina önnina áttum við til dæmis bara að leika persónulegar sögur úr eigin lífi. Það tók á, ég held reyndar að ég hafi aldrei grenjað jafn mikið og þennan tíma,“ segir Lilja Katrín, sem segir að hún hafi lært ótrúlega mikið á Árósaárunum, og auðvitað eignast fullt af vinum. „Borgin er frábær, alltaf eitthvað að gerast en samt nægilega lítil til þess að maður læri fljótt á hana,“ segir Lilja, sem þurfti reyndar undir lokin á Danmerkurdvölinni að flytja í vafasamt hverfi fjarri alfaraleið til að endar næðu saman. „Haustið 2008 var eiginlega ekki hægt að vera lengur námsmaður í Danmörku. Þegar ég flutti út var danska krónan um 10 krónur en var orðin 30 krónur eftir hrunið,“ segir Lilja Katrín, sem unir sér vel á Íslandi í dag.

„Dæmigerður dagur hjá mér núna er þannig að ég fer með dóttur mína til dagmömmu, í ræktina og svo í vinnuna. Kem heim síðdegis og er yfirleitt sofnuð snemma, ég er algjör A-manneskja,“ segir Lilja Katrín, sem mætir líka reglulega á brennóæfingar. „Vinkona mín dró mig með á Klambratúnið síðasta sumar til að spila og eftir það varð ekki aftur snúið. Ég hef aldrei æft hópíþrótt áður en er mjög dugleg að mæta og varð meira að segja Íslandsmeistari í síðustu keppni, liðin voru reyndar bara fimm en ég er ótrúlega ánægð með titilinn,“ segir Lilja Katrín að lokum.

## DANSKT NAMMI ER RÓMANTÍSKT

**Uppáhaldsskemmtistaðurinn:** Ölstofan alla leið!

**Eftirlætismaturinn:** Sushi. Ég gæti borðað það í öll mál ef ég væri milljónamæringur.

**Þegar við vinkonurnar hittumst þá er skemmtilegast að ...** rifja upp gamla tíma, spila og dansa eins og fávitar. Að öskra nafn landsþekktra manna hefur líka vakið mikla lukku.

**Uppáhaldssjónvarpsþættir:** Frasier, Friends og Seinfeld. Og ekki má gleyma hinum hámenningarlega America's Next Top Model sem veitir mér ávallt nýja sýn á lífið. Lítt þekkti breski þátturinn Deal or No Deal er svo möst eftir vinnu.

**Besta líkamsræktin:** Tvímælalaust brennó.

**Eftirminnilegasta lífsreynslan:** Að eignast dóttur mína. Það er kynngimagnað og ólýsanlegt að finna manneskju koma út úr líkamanum á manni – og vera gjörsamlega fullkomin öll útötuð í slími og blóði.

**Pínlegasta atvikið:** Skrifa Facebook-skilaboð til þáverandi ókunnugs manns og segja honum að ég væri ólétt.

**Fallegasti karlmaðurinn:** Hjalti Rúnar Sigurðsson – allir karlmenn eru eins og Quasimodo við hliðina á honum.

**Besta partílagið:** Þessa stundina er það S&M með Rihönnu. Roxanne með The Police klikkar hins vegar aldrei þegar vín er við hönd.

**Mér finnst rómantískt þegar ...** kærastinn minn kaupir handa mér danskt nammi á dönskum dögum í Hagkaup því hann veit að ég elska það. Ég er mjög einföld, ég veit.

**Draumaferðalagið:** Mig dreymir um að komast til Ástralíu. Sá draumur hefur verið lifandi síðan ég byrjaði að horfa á Nágranna þegar ég var sex ára gömul. Einn daginn mun ég komast á Ramsey-stræti og heilsa upp á Harold.


HEIT TORTILLA

ILVA
einfaldlega betri kostur

Tortilla m/osti og skinku, osti og salami eða osti, lauk og papriku.
(Borið fram með salati.) Verð 690,-
nú 345,-



ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8,
112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

# fjölskyldan

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA ]

mars 2011

## Tær ungbarnaheyrn

**Jósep Gíslason hefur samið tónlist fyrir hvítvoðunga.**

SÍÐA 6





## Nótunni lýkur

**Lokatónleikar Nótunnar – uppskeruhátíðar tónlistarskólanna fara fram í Langholtskirkju í dag.**

SÍÐA 2

okkar Framtíð fyrir „efin" í lífinu og fjárhag fullorðinsáranna

Er þitt barn okkar barn?

OKKAR Framtíð er ný og kærkomin trygging sem snýst um „efin" í lífi barna okkar og ungmenna og fjárhag þeirra á fullorðinsárum. Allar upplýsingar eru á vefsetrinu okkar.is og þar er unnt að ganga frá tryggingarkaupum með einföldum hætti.

zebra

okkar



NORDICPHOTOS/GETTY

# Litlu atriðin sem skipta öllu máli

Þegar skoðaðar eru rannsóknir síðustu ára sem gerðar hafa verið á fjölskyldulífi og því hvað gerir það gott kemur margt forvitnilegt í ljós. Hamingjan spyr hvorki um stétt né stöðu, peninga né völd. Einföld lítil atriði geta aftur á móti haft mest að segja. Má þar nefna góðan svefn, næringu, hreyfingu og notalegar samverustundir.

Hamingjusamasta fólkið er, samkvæmt bandarískum og evrópskum rannsóknum, það sem nýtur samvista við aðra, fjölskyldu og vini. Til að samskiptin séu hins vegar góð og gefandi þarf að huga að mörgum atriðum sem öll skipta máli fyrir heildarmyndina. Þar ber álit sérfræðinga að sama brunni. Góður svefn, reglulegar máltíðir, reglubundin hreyfing og uppbyggjandi samverustundir leiða oftast af sér hamingjusamar fjölskyldur.

Tómstundir sem fólk gleymir sér í og jákvætt viðhorf stuðla að góðu og ekki síður löngu lífi samkvæmt rannsóknum sem gerðar voru á nunnum. Nunnur sem litu jákvæðum augum á tilveruna lifðu að meðaltali áratug lengur en þær sem neikvæðari voru. Þá hefur lífsgæðakapphlaupið mikið að segja og þá með öfugum

FRAMHALD Á SÍÐU 4

HOOVER RYKSUGUR - 20% AFSLÁTTUR Í MARS

**Verðdæmi**

*2000 watta Hoover ryksuga*
*2ja lítra poki og gúmmíhjól*
*HEPA filter og 7,3m snúra*

HOOVER

Margar gerðir!

VERÐ DÆMI

Hoover TF2011 - 2000w

Kr. 11.990

Verð áður 14.990



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



Vera Einarsdóttir skrifar

# Móðurbetrungur

Ég fékk tækifæri til að læra á píanó sem barn en get ekki státað af nokkurri færni á því sviði. Satt að segja leiddist mér hroðalega í píanónáminu og var þeim degi fegnust þegar ég fékk að hætta. Ég hafði sjálf farið fram á að fá að æfa á hljóðfæri og var gerð grein fyrir því þegar leiðinn sagði til sín að ég skyldi klára árið og að uppgjöf væri ekki í boði á miðri önn. Mér var kennt að ekki skyldi gefast upp fyrr en í fulla hnefana. Það er góð lexía sem hefur reynst mér vel í lífinu. Ég vil því ekki meina að námið hafi verið til einskis.

Um leið og sonur minn hafði aldur til skráði ég hann í tónlistarnám þrátt fyrir bitra eigin reynslu. Okkur foreldrana langaði til að gefa honum tækifæri til að kynnast tónlistarnámi upp á eigin spýtur og vita hvort áhuginn væri fyrir hendi. Það er skemmst frá því að segja að honum líkar stórvel og tekur stöðugum framförum. Föður hans, sem er ekki sá tónvissasti, finnst getan undraverð og talar jafnvel um snilli. Ég hugsa reyndar að hann sé eitthvað litaður af tengslum sínum við drenginn og svo fer það væntanlega eftir því við hvað er miðað.

Burtséð frá hugsanlegum snilligáfum held ég að uppbygging tónlistarnámsins hafi líka mikið að segja. Ég var í hefðbundnum tónlistarskóla og byggðist námið upp á einkatímum, tónfræði, samspili, tónleikum og prófum.



Tónstigarnir voru spilaðir fram og aftur og á efnisskránni var Mozart og gömul erlend þjóðlög. Tónleikarnir voru í minningunni kvöl og pína enda kornungir nemendur einir og titrandi uppi á sviði. Sonurinn er í skólahljómsveit og æfir á trompet. Kennarinn kemur í skólann og kennir á milli tíma svo ekki er um að ræða skutl og viðveru eftir langa skóladaga. Einu sinni í viku eru æfingar með stórri skólahljómsveit og þar eru spiluð alls kyns popp- og dægurlög í léttum útgáfum. Tónleikarnir eru hreinasta skemmtun fyrir nemendur og gesti og skiptir litlu þótt börnin ruglist hér og þar. Það tekur hvort eð er enginn eftir því þegar allt kemur saman.

Þegar frá líður gefst honum kostur á að læra tónfræði og taka próf. Það er þó engin skylda. Ég vona þó að þessi ánægjulega byrjun verði til þess að ýta frekar undir áhugann. Þá getur hann kannski farið að spila tónstiga og Mozart og haft gaman af. Mér sýnist í það minnsta að þarna sé verið að byrja á réttum enda. Þarna er verið að kveikja áhuga og gefa nemendum kost á því að upplifa þá töfra sem verða þegar ólík hljóðfæri stilla saman strengi. Það er þeim vonandi hvati til að halda áfram og ég ímynda mér að þau sjái meiri tilgang í að streða yfir nótunum, en það er auðvitað forsenda þess að þau nái almennilegum tökum á hljóðfærinu og eigi sér jafnvel framtíð á tónlistarsviðinu.

**Fjölskyldan** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sólveig Gísladóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Getty Pennar: Vera Einarsdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Benedikt Jónsson benediktj@365.is*



Þórhildur Hólmgeirsdóttir frá Tónlistarskóla Stykkishólms lék Aamu (Morguninn) eftir Erkki Melartin á svæðisbundnum tónleikum Nótunnar sem fram fóru 12. mars í Stykkishólmskirkju.



Ísak Levi Þrastarson frá Tónlistarskólanum á Hólmavík lék Vals op. 121 nr. 1 eftir Fernando Carulli á svæðisbundnum tónleikum Nótunnar sem fram fóru 12. mars í Stykkishólmskirkju.

# Hvatning fyrir tónlistarnemendur og -kennara á landinu

**Lokatónleikar Nótunnar fara fram í dag en þar fá tónlistarskólanemendur af öllu landinu að láta ljós sitt skína. Níu framúrskarandi atriði hljóta viðurkenningu.**

Lokatónleikar Nótunnar – uppskeruhátíðar tónlistarskóla fara fram í Langholtskirkju í dag. Hátíðin, sem nú er haldin í annað skipti, er hugsuð sem ný vídd í starfsemi tónlistarskóla á öllu landinu og henni er ætlað að hvetja bæði kennara og nemendur til frekari dáða. Eins er henni ætlað að auka sýnileika og styrkja tengsl tónlistarskóla við umhverfi sitt. „Hátíðin er þrískipt og skipulögð þannig að allir tónlistarnemendur á landinu á öllum aldri geti tekið þátt. Efnisskráin endurspeglar svo ólík viðfangsefni á öllum stigum tónlistarnámsins,“ segir Sigrún Grendal, formaður yfirstjórnar Nótunnar, og heldur áfram:



Sigrún Grendal lofar fjölbreyttri dagskrá.

„Fyrsti hlutinn fer fram innan skólanna og er ýmist hægt að vera með forval, tilnefningar eða keppnir. Annar hlutinn felst í sameiginlegum tónleikum tónlistarskóla á þremur svæðum á landinu þar sem valin atriði koma fram. Sérstakar valnefndir velja síðan tiltekinn fjölda atriða sem aftur fá þátttökurétt á lokatónleikunum og í ár eru atriðin 25.“

Lokatónleikarnir fara fram í tveimur lotum. Nemendur sem eru á fyrri stigum námsins hefja leik klukkan 11,30 en á tónleikum kl. 13.00 taka við nemendur sem eru lengra komnir í náminu. „Deginum lýkur með lokathöfn klukkan 15.00 með því að valnefnd skipuð valinkunnum tónlistarmönnum velur níu framúrskarandi atriði þar sem horft er til allra þátttökuflokka, byrjenda og lengra kominna, einleiksatriða, samleiks, frumsaminna verka og frumleika svo dæmi séu nefnd,“ segir Sigrún. Sigurvegararnir fá afhentan verðlaunagripinn Nótuna eftir listakonuna Svövu Björgu Einarsdóttur.

Sigrún lofar fjölbreyttri dagskrá sem spannar mjög vítt svið. „Við erum með klassísk tónverk, skólahljómsveitir, tangósveitir, big-bönd, marimbasveitir, Perúband, poppsveitir og ýmislegt fleira. Hún segir Nótuna þegar hafa sannað gildi sitt. „Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta fyrirkomulag uppskeruhátíðar virkar hvetjandi og að það sé góð viðbót í skólastarfinu fyrir bæði nemendur og kennara að geta sett stefnuna á þessa skemmtilegu uppskeruhátíð ár hvert. Hún segir lítið um sams konar hátíðir hérlendis og að engin sé jafn fjölbreytt og Nótan. Þess má geta að Ríkissjónvarpið hyggst taka atriðin níu upp og verða þau sýnd á RÚV innan tíðar. *-ve*

SVEFNSÓFAR NÝ SENDING
KLIKK- KLAKK - EITT HANDTAK

**Glæsilegir svefnsófar** rúmfatageymsla í sökklinum.
Litir: Dökkbrúnt, brúnbeige, ljósbeige og grátt
Verð aðeins kr. 119.000.-
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
www.valhusgogn.is Opið virka daga kl. 10-18 - Laugardaga kl. 11-16

## Nemur og nýtur

„Þetta er bara rosalega skemmtilegt hljóðfæri og býður líka upp á svo marga möguleika.“ Þannig lýsir Kristín Jóhanna Aðalsteinsdóttir, sautján ára, upplifun sinni af píanónámi við Tónlistarskólann í Hafnarfirði. Þar hefur hún lagt stund á nám frá átta ára aldri og útskrifast í vor. Framhaldsnám er á döfinni. „Ég er búin að sækja um inngöngu í Tónlistarskólann í Reykjavík, en þar starfar kennarinn minn líka,“ útskýrir hún og segist ætla að reyna að njóta sín sem best.



Ánægjulegt Kristín segir námið fjölbreytt og skemmtilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


ego dekor
HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Vegghengdur skenkur
Breidd: 180cm
Verð: 149.900,-
Stækkanlegt borð 180(268)X100
Verð: 159.900,-
HETTHI HNOTA
Skenkur
Breidd: 180cm
Verð:
169.000,-
Stækkanlegt borð
Stærð: 160(248)X100
Verð:
159.900,-
Stækkanlegt borð
Stærð: 200(288)X110
Verð:
179.900,-
COMO
PIANO borð
Stærðir: 138X138
og 220X100
Verð:
119.000,-
COMO
ERIC TV skenkur
Breidd: 210cm
Verð: 129.900,-
NÝ SENDING AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM
LUCAS leðurhornsófi
Stærð: 285X223
Verð: 339.000,-
ROMEO leðurtungusófi
Stærð: 320X165
Verð: 328.000,-
PINK DREAM tungusófi
Stærð: 292X160
TILBOÐSVERÐ: 194.650,-
KUND tungusófi
m/stillanlegum höfuðpúðum
Stærð: 303X168
TILBOÐSVERÐ: 233.100,-
OLIVER stóll
VERÐ: 18.900,-
PRIMA stóll
VERÐ: 13.800,-
VEGAS leðurstóll
VERÐ: 16.900,-
NEW ENGLAND
tungusófi
m/færanlegri tungu
Stærð: 252X165
TILBOÐSVERÐ: 169.200,-
Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

Ferskur
Joger Jógúrtís
Minn en 1% fita - Enginn hvítur sykur!



JOGER
ferskur jógúrtís
Stjörnutorgi - Kringlunni



**Reglubundin hreyfing hefur mikil áhrif** Rannsóknir síðustu ára ber að sama b
líðan.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

formerkjum; þeir sem taka ríkari þátt í því eru ólíklegri til að vera hamingjusamir. Er þá miðað við að fólk sé yfir fátæktarmörkum en sé það það skiptir ekki máli þótt það efnist umfram það; það verður ekki hamingjusamara.

## Svefn

Góður nætursvefn er eitt af því mikilvægara til að manneskjunni líði vel. Sé hann af skornum skammti getur það orsakað önuglyndi, bæði foreldra og barna og er oftar en ekki rótin að árekstrum og slæmum samskiptum. Nætursvefninn skiptir máli fyrir alla heimilismeðlimi en sé hann mikilvægari fyrir einhvern aldur umfram annan eru það unglingarnir á heimilinu sem þurfa sérstaklega á honum að halda. Á þeim árum eiga sér stað miklar hormónabreytingar í líkamanum og mikill hluti þeirra hormóna er framleiddur á nóttunni.

Minni hættur eru auk þess á slysum á heimilinu þegar allir eru úthvíldir, en eins og hægt er að ímynda sér og breskar rannsóknir gefa jafnframt til kynna, er fólk klunnalegra í hreyfingum þegar það er útsofið og því meiri hætta á að fólk missi hluti og brjóti, detti í stigum og reki sig í eitthvað.

Ef fólk nær ekki góðum nætursvefni vegna óviðráðanlegra ástæðna er stuttur lúr yfir daginn betra en ekkert en þýsk rannsókn hefur staðfest að hann frískar upp á heilann. Í rannsókninni kom jafnframt fram að þar getur munað um einungis sex mínútna lúr.

## Hreyfing

Vitundarvakning um góð áhrif reglubundinnar hreyfingar á líkamlega og andlega heilsu hefur orðið um allan heim og hér á landi ekki síst fyrir tilstilli Lýðheilsustöðvar. Rannsóknir síðustu ára hafa þá sérstaklega rennt stoðum undir áhrif hreyfingar á andlega líðan þar sem regluleg hreyfing er jafnvel talin geta komið að einhverju leyti í stað lyfja við þunglyndi og fleiri geðsjúkdómum.

Ráðlagt er að börn hreyfi sig minnst 60 mínútur á dag en rannsóknir benda til að aðeins þriðjungur íslenskra nema í 6., 8. og 10. bekk nær markmiðinu.

Til að sameina fjölskylduna í hreyfingu sem börnunum þykir jafnframt skemmtileg er ekki úr vegi að fara í hópleiki og kynna fyrir börnunum gömlu góðu barnaleikina sem foreldrarnir þekkja allavega, stórfiskaleik, skotbolta, eina krónu og fleiri. Vísindamenn við Glamorgan-háskólann í Wales styðja þessa tillögu en samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem þeir gerðu getur hreyfing í hópleikjum barna getur jafn jákvæð áhrif á heilsu fullorðinna og skokk, líkamsrækt og hjólreiðar.

Hérlendis eru margir fjölskylduvænir staðir sem veita útrás fyrir hreyfiþörfina. Sundlaugarnar standa alltaf fyrir sínu þar sem foreldrar ættu ekki að láta sitt eftir liggja og fara í rennibrautina, kafa og fara í kappsund.

Fullt af fallegum gönguleiðum er að finna á höfuðborgarsvæðinu og ef ungviðið á heimilinu er lítið fyrir hreyfingu en þeim mun meiri dundarar má færa göngutúrinn í umbúðir skemmtiferðar þar sem leitað er að könglum, jurtum, sveppum eða steinum í Heiðmörk, Öskjuhlíð og á Ægisíðu eða Gróttu svo eitthvað sé nefnt. Muna bara að taka körfu eða poka með til að safnararnir geti sankað að sér hlutum.

## Samvera

Dönsk rannsókn hefur sýnt að lífsgæði barna sem eiga góðar samverustundir með foreldrum sínum séu betri en þeirra sem eiga foreldra sem eru önnum kafnir og hafa lítinn tíma fyrir fjölskyldusamverustundir. Dönsk börn töldu mikilvægast fyrir gott líf að eiga glaða og góða foreldra, að geta haft áhrif á hvernig dagarnir væru skipulagðir og að finna að einhverjum þætti vænt um þau.



**Fjölskylduvænir möguleikar** Íslenskar sundla
lendis.

Þetta rennir stoðum undir þær rannsóknir sem sýnt hafa að fólk sem er fjárhagslega vel statt og veitir börnum sínum allan efnislegan munað er ekki líklegra til að vera hamingjusamara en þeir sem búa við þrengri kost. Góðar samverustundir þurfa ekki að snúast um að fara og gera. Þær bestu eru oft heima við þar sem hægt er að baka saman, lesa, föndra og jafnvel taka til. Því jafnari sem skipting húsverka er milli kynjanna, því meiri er ánægja með fjölskyldulífið samkvæmt niðurstöðum vísindamanna.

Ekki má gleyma að mikilvægt er að kynslóðir kynnist og eyði tíma saman. Eigi börn þess kost að umgangast ömmur og afa og

# HESTADAGAR Í REYKJAVÍK 2011

26. MARS - 2. APRÍL



Hneggjandi skemmtilegt gaman!

ICELANDAIR · Reykjavíkurborg · Iceland Travel · ICELANDAIR HOTELS · COME AND BE INSPIRED BY ICELAND



● **LAUGARDAGUR 26. MARS** Reiðskólinn Íslenski hesturinn sér um hestateymingar á Ingólfstorgi milli klukkan 14 og 15. Þá verður Orrasýning í Ölfushöllinni.

● **SUNNUDAGUR 27. MARS** KvennaLífstölt verður hjá hestamannafélaginu Herði í Mosfellsbæ og allur ágóði af mótinu rennur til Lífs.

● **MÁNUDAGUR 28. MARS** Kynbótaferð á Suðurland, heimsótt verða tvö ræktunarbú. Farið verður frá BSÍ kl. 10. Verð 5.000 krónur.

● **ÞRIÐJUDAGUR 29. MARS** Kynbótaferð á Vesturland, heimsótt-ur verður Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Miðfossum. Kennslusýning í samvinnu við Hvanneyrarskóla, kynbótadómarar með fræðsluerindi og útskýringar á helstu atriðum kynbótadóma og ræktunar.



Ræktunarbú á Vesturlandi sýna brot af því besta. Farið verður frá BSÍ kl. 9.30. Verð 5.500 krónur.

● **MIÐVIKUDAGUR 30. MARS** Félag tamningamanna verður með sýnikennslu í Reiðhöll Gusts, Glaðheimum. Hefst kl. 20. Verð 1.500 kr.





**Hestadagar voru kynntir í Húsdýragarðinum á dögunum. Þar brugðu þau sér á bak þau Haraldur Þórarinsson, formaður Landssambands hestamannafélaga, Hólmfríður Ólafsdóttir hjá LH og Einar Karlsson frá Höfuðborgarstofu.** MYND/VILHELM

# Hesturinn er hluti af íslenskri menningu

**Hestadagar í Reykjavík verða haldnir vikuna 28. mars til 3. apríl. Haraldur Þórarinsson, formaður Landssambands hestamannafélaga, segir mikilvægt að íslenski hesturinn verði sýnilegri í borginni.**

„Íslenski hesturinn er stór partur af íslenskri menningu enda er ekki ýkja langt síðan hann var hér á götum borgarinnar," segir Haraldur Þórarinsson, formaður Landssambands hestamanna. „Sem dæmi má taka að milli 20 til 30 þúsund Íslendingar tengjast hestinum að einhverju leyti," segir hann og telur að íslenskt samfélag liti öðruvísi út í dag ef hestsins hefði ekki notið við. „Landnámsmennirnir fluttu hestinn til landsins og hann nýttist þjóðinni frá vöggu til grafar. Hann bar ljósmæður til barnshafandi kvenna og flutti kistur manna til grafar," segir Haraldur. Hann bætir við að Alþingi Íslendinga hefði líklega aldrei orðið að veruleika ef þingmenn hefðu ekki getað riðið á þingstað.

„Hesturinn var í margar aldir aðalflutningsmáti fólks hvort sem var í bæ eða sveit. Hann flutti fisk og dró mjólkurvagna og við hvert hús í Reykjavík var hesthús, fjós og fjárhús. Síðan hafa bæði kindin og kýrin vikið úr þéttbýlinu en hesturinn er enn alls staðar ríkjandi í hesthúsabyggðum við þéttbýlið," upplýsir Haraldur. Hann vill meina að þegar bíllinn og traktorinn gerðu hestinn óþarfan í sveitinni hafi bæjar- og borgarbúar tekið hann upp á sína arma sem frístundaiðkun og því tengist hesturinn jafnvel meir þéttbýli en sveit í dag. „Því mætti íslenski hesturinn vera enn sýnilegri í Reykjavík og er hátíðin Hestadagar hluti af átaki til að vekja athygli almennings á honum," lýsir Haraldur.

Hugmyndin að Hestadögum vaknaði í nefnd sem landbúnaðarráðherra skipaði fyrir allnokkru. Sú hugmynd var síðar tekin upp í borgarráði sem samþykkti að efna til þeirra í borginni. „Við gripum þessa hugmynd á lofti og fórum í samstarf við nokkra góða aðila til að reyna að vekja athygli á hestinum, ekki aðeins í borginni heldur einnig erlendis," segir Haraldur en LH hefur gert þriggja ára samning við Icelandair sem mun nýta krafta sína til að koma viðburðinum á framfæri. „Strax á næsta ári reiknum við með að erlendir gestir muni í töluverðum mæli mæta á Hestadaga í höfuðborginni," segir Haraldur og vonast til að Hestadagar verði haldnir árlega um nákomna framtíð.

● **FIMMTUDAGUR 31. MARS** Landbúnaðarháskólinn á Hólum verður með kynningu í Reiðhöll Harðar í Mosfellsbæ kl. 17. Aðgangur ókeypis.

● **FIMMTUDAGSKVÖLD** Sölusýning í reiðhöll Harðar, hestar til sölu, þjóðleg stemning og margt skemmtilegt að sjá. Hefst kl. 20. Aðgangur ókeypis.

● **FÖSTUDAGUR 1. APRÍL** Hestahátíð í Hafnarfirði. Hestar verða til sýnis á Þórsplani, söngur, gleði og gaman. Hópreið að Fjarðarkaupum þar sem verður lítil hestasýning milli kl. 16 og 18.

● **FÖSTUDAGSKVÖLD** Stórsýning í Reiðhöllinni í Víðidal. Að sýningunni koma þau sex hestamannafélög á höfuðborgarsvæðinu sem hafa lagt mikla vinnu í dagskrá Hestadaga í Reykjavík. Sýningin hefst kl. 20. Verð kr. 1.000 og frítt fyrir 13 ára og yngri.

● **LAUGARDAGUR 2. APRÍL**



Skrúðganga fer frá BSÍ í kringum hádegi og riðið verður upp Laugaveginn og endar gangan í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Þar verður fjölskylduhátíðin „Gobbedí Gobb" frá kl. 13 til 16. Margt skemmtilegt verður þar fyrir alla fjölskylduna, hestateymingar, markaðsþorp, sögusýning og margt, margt fleira. Aðgangur er ókeypis.

● **LAUGARDAGSKVÖLD** Þeir allra sterkustu kallast ístöltskeppni í Skautahöllinni í Laugardalnum. Þar mæta til leiks allra bestu hestar og knapar landsins. Keppnin hefst kl. 20, verð 3.000 krónur.



## VEFSÍÐA

Allar upplýsingar um Hestadaga er að finna á vefsíðunni www.hestadagar.is. Þar má finna nánari dagskrá auk þess sem kaupa má miða í ferðir og á sýningar. Einnig má leita upplýsinga í síma 514-4030.

**● ÁRLEGUR VIÐBURÐUR HÉÐAN Í FRÁ** „Reykjavíkurborg styrkir verkefnið Hestadagar í Reykjavík til næstu þriggja ára ásamt Icelandair,“ segir Einar Karlsson, verkefnisstjóri ferðamála hjá Höfuðborgarstofu. „Og við greiðum götu þessa viðburðar á allan hátt eins vel og við getum.“



Einar Karlsson, verkefnisstjóri markaðsmála hjá Höfuðborgarstofu.

Einar segir að meiningin sé að Hestadagar verði árlegur viðburður héðan í frá en Landssamband hestamannafélaga sér um framkvæmdina og alla skipulagningu.

Fer ekki mannlíf í miðbænum á annan endann ef allt fyllist af hestum? „Það held ég nú ekki þar sem viðburðirnir fara flestir fram á svæðum þeirra sex hestamannafélaga sem taka þátt. En Hestadagarnir munu áreiðanlega setja sterkan svip á bæjarlífið,“ segir Einar. „Miðbærinn er reyndar þegar farinn að litast af Hestadögunum því um síðustu helgi voru Íshestar með hestateymingu á Ingólfstorgi og í dag kemur Íslenski hesturinn með hesta á torgið milli kl. 14 og 15 og býður borgarbörnum á öllum aldri að stíga á bak, ókeypis að sjálfsögðu.“

**● HESTADAGAR VEKJA ATHYGLI ERLENDIS** „Inspired By Iceland kemur að Hestadögum í Reykjavík ásamt samstarfsaðilum þess verkefnis,“ segir Sunna Þórðardóttir, verkefnisstjóri hjá Íslandsstofu, spurð um aðkomu Íslandsstofu að Hestadögum. „Við sjáum um að kynna verkefnið erlendis meðal annars með því að draga að blaðamenn til að fjalla um viðburðinn og með því að fjalla um Hestadagana og ýmislegt tengt íslenska hestinum og hestamennsku almennt á samfélagsmiðlum, til að mynda Facebook.“



Sunna Þórðardóttir verkefnisstjóri hjá Íslandsstofu.

Sunna segir Hestadagana vekja töluverða athygli erlendis og að hingað muni koma blaðamenn víða að til þess að fylgjast með þeim. „Okkar verkefni er að ná í og hafa umsjón með þeim erlendu blaðamönnum sem hingað koma og sjá um að þeir hafi greiðan aðgang að viðburðinum, auk þess að kynna fyrir þeim hvað Ísland og Reykjavíkurborg hafa upp á að bjóða sem áfangastaðir fyrir ferðamenn,“ segir Sunna. „Það koma blaðamenn frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Norðurlöndunum og Þýskalandi og það er okkur kappsmál að Hestadagarnir fái jákvæða umfjöllun sem víðast.“



„Fremst ríður kona í söðli, íklædd skautbúningi, aftar verður póstlest. Þetta verður tilkomumikið.“ Þannig lýsir Oddrún hópreiðinni upp Laugaveg. MYND/GVA

# Skrautreið tvö hundruð hesta upp Laugaveginn

**Mikið verður um að vera alla Hestadagana en þeir ná hámarki á laugardaginn, 2. apríl. Þá verður skrúðreið upp Laugaveginn og fjölskylduskemmtun í Laugardalnum.**

„Hestadagar hafa ekki verið haldnir áður í miðborginni með þessum hætti, þó að auðvitað hafi verið haldnar sýningar víða. Þeir verða skemmtilegir, ekki bara fyrir keppnisfólk heldur alla velunnara íslenska hestsins. Til dæmis fær fjölskyldufólk heilmikið við að vera,“ segir Oddrún Ýr Sigurðardóttir skrifstofustjóri hjá Landssambandi hestamannafélaga. Eitt af hennar hlutverkum hefur verið að vinna að undirbúningi hátíðarinnar, ásamt samstarfsaðilum sem að henni standa.

Dagskrá Hestadaganna er fjölbreytt og ætti að höfða til flestra að sögn Oddrúnar. „Helgin núna byrjar með Orrasýningu í dag og Lífstöltinu, kvennatölti Harðar í Mosfellsbæ, til styrktar Kvennadeild Landspítalans, á morgun,“ byrjar hún upptalningu. Hún nefnir líka ferðir austur fyrir fjall og á Hvanneyri, fagsýningu Félags tamningamanna og sölusýningu í reiðhöll Harðar í Mosfellsbæ, fjör í Hafnarfirði á föstudag á bílaplani Fjarðarkaupa og þá um kvöldið stórsýningu sem er stíluð inn á fjölskyldufólk í Reiðhöllinni í Víðidal. Þar kostar 1.000 krónur inn og er frítt fyrir 13 ára og yngri.

„Laugardagurinn er svo heil hátíð,“ segir Oddrún og bendir á að alger nýlunda sé að farin sé hópreið upp Laugaveginn á hestum. „Þar verða um tvö hundruð hross. Fremst ríður kona í söðli, íklædd skautbúningi, aftar verður póstlest og hestamannafélögin munu bera sína félagsfána. Þetta verður tilkomumikið.“ En hvernig býst hún við að hestarnir kunni við sig á helstu verslunargötu borgarinnar? „Hestar eru hópdýr og hafa stuðning hver af öðrum í svona reið. Auðvitað verður þetta skrítið fyrir þá, en þessir hestar eru nú ýmsu vanir.“

Hópreiðin endar í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og þar verður fjörug dagskrá frá klukkan 13.30 til 16. Frítt er inn í garðinn. Laugardagurinn endar á glæsilegri sýningu á ísnum í Skautahöllinni í Laugardal. „Þarna eru bara glæsilegustu hestarnir okkar og umgjörðin er flott,“ lofar Oddrún. „Rjóminn af íslenskri hestamennsku. Allir skulu mæta.“ *- gun*

ÍSLENSKI HESTURINN
THE ICELANDIC HORSE
Eina hestaleigan í Reykjavík
Hestaleiga – Reiðskóli - Hestaferðir
www.islenskihesturinn.is
Surtlugata 3 Fjárborg Reykjavík

# Ekki ósvipað Airwaves-hátíð

„Við vonum að hestadagarnir geti orðið að hefð og hugsum okkur þá ekki ósvipaða Airwaves-hátíðinni sem tók nokkur ár að festa í sessi,“ segir Hildur Ómarsdóttir, forstöðumaður sölu- og markaðssviðs Icelandair hótela. Sú hótelkeðja, ásamt Icelandair og Iceland Travel, er í samstarfi við LH og borgina um hestahátíðina sem fram undan er.

„Til að efla ferðaþjónustu á Íslandi yfir vetrartímann er mikilvægt að auka úrval viðburða sem höfða til ólíkra markhópa,“ segir Hildur. Hún kveðst vita að íslenski hesturinn sé þekktur víða erlendis og telur hestahátíð eins og þessa kjörna til að laða áhugamenn um hestamennsku hingað til lands.

„Við sem störfum hjá fyrirtækjum í eigu Icelandair Group fögnum þessu framtaki hestamanna og nýtum að sjálfsögðu viðburðinn í markaðssetningu okkar á landinu og þeirri þjónustu sem við bjóðum upp á,“ segir Hildur. „Það tekur vissulega einhvern tíma en þátttaka í hátíðinni nú lofar góðu.“

Bæði Hilton Reykjavík Nordica og Icelandair Hótel Loftleiðir eru fullbókuð dagana sem hátíðin stendur. Hildur segir hátíðina kynnta hótelgestum með margvíslegum hætti.



„Mikilvægt er að auka afþreyingu og úrval viðburða sem höfða til ólíkra markhópa,“ segir Hildur. MYND/GVA

**Útgefandi:** Landsamband hestamannafélaga | **Heimilisfang:** Íþróttamiðstöðin í Laugardal | **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Oddrún Ýr Sigurðardóttir | **Vefsíða:** www.hestadagar.is | **Sími:** 514 4030



**Hugvísindaþing** hófst í Háskóla Íslands í gær og stendur út daginn í dag en þar verða nokkrar málstofur með hinum ýmsu fyrirlestrum. Þátttakendur eru fastir starfsmenn, doktorsnemar, nýdoktorar og gestafræðimenn á vegum stofnana á sviðinu. Nánari upplýsingar og dagskrá er að finna á www.hi.is.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



## NÁMSAÐSTOÐ

**Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?**

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar

**Nemendaþjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233**


## AÐALFUNDUR

Aðalfundur AFS á Íslandi verður haldinn kl. 14.00, laugardaginn 9. apríl 2011 í húsnæði samtakanna, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík.

Fundarefni:
- Skýrsla stjórnar
- Endurskoðaðir reikningar félagsins.
- Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
- Atkvæði um skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga
- Breytingar á samþykktum félagsins.
- Kjör formanns til eins árs
- Stjórnarkjör
- Kjör löggilts endurskoðanda og eins skoðunarmanns
- Ákvörðun um félagsgjald
- Önnur mál.

AFS
AFS á Íslandi

Ingólfsstræti 3, 2. hæð · 552 5450 · www.afs.is

**Leikkonan María Ellingsen lifir tvöfaldri tilveru um helgar:**

# *Ástin er rauði þráðurinn*

Um stelpuhelgar förum við inn í helgina með pitsupartíi og leikriti à la Theatrical Pizza Club með vinum stelpnanna, en því fylgir mikið fjör og skapandi stemning þegar krakkarnir búa til leikrit,“ segir leikkonan María Ellingsen um helgarhegðun sína, sem mótast af pabba- og mömmuhelgum dætra hennar. „Á laugardögum fara stelpurnar í fiðlu- og leiklistartíma og síðan förum við í hesthúsið þar sem ég teymi hestinn Ask undir þeim,“ segir María sem í hestaferðinni viðrar líka hundinn. Um helgar fara þær mæðgur líka í leikhús, því stelpurnar eru miklar leikhúskonur.

„Þær fara með mér á kvöldsýningar og éta allt upp til agna; Ofviðrið, Íslandsklukkuna, Fridu Kahlo og í raun hvað sem er, hvort sem það eru barnasýningar eða þyngri leikhúsverk,“ segir María sem á sunnudagsmorgnum býður oftast vinum og fjölskyldu til morgunverðar.

;FRAMHALD | 2



MYND/VERA PÁLSDÓTTIR




...inn í lífið

Sigga & Timo

LINNETSSTÍG 2 I SÍMI: 565 4854 I WWW.SIGGAOGTIMO.IS

LAGERSALA
40-80% afsláttur

Sængurfatnaður, púðar
handklæði, löberar
borðdúkar, lök,
rúmteppi, barnavörur

Opið laugardag & sunnudag 10-16
Lagersala Lín Design Malarhöfða 8

Aðeins þessa einu helgi!
www.lindesign.is

Lín DESIGN

# HELGIN



**Kór Menntaskólans við Hamrahlíð** heldur tónleika úti á landi dagana 26.-28. mars. Kórinn byrjar í Dalsbúð í Búðardal klukkan 17 í dag og syngur við messu í Reykhólakirkju klukkan 14 á morgun. Klukkan 20 sama dag verða almennir tónleikar í Hólmavíkurkirkju og á mánudagskvöld verða tónleikar í Stykkishólmskirkju.

Framhald af forsíðu

„Ég hef yndi af því að elda og umvefja vini mína, enda ég er vaxandi kokkur og byrjandi í bakstri," segir María sem á pabbahelgum ýmist vinnur eða fer í leikhús, en hún er nú í Grímunefndinni.

„Þegar maður er leikari verður það bæði atvinna manns og áhugamál og ég reyni að sjá sem flest á sviði leiklistar, dans og óperu. Þessa helgina verð ég í Borgarleikhúsinu að spinna efni í dansleikhússýninguna Ferðalag Fönixins þar sem goðsagan er notuð sem vegvísir um óbyggðir lífsins, en verkið verður frumsýnt á Listahátíð í vor," segir María sem fer líka á fund vinkvenna sinna um helgar. „Þá erum við í rólegheitum, því mér hefur aldrei fundist skemmtilegt að hanga á skemmtistöðum," segir María sem stundar sund, göngur, skíði, hestamennsku og hugleiðslu.

„Ég er lítið fyrir að sofa út og hanga í rúminu, og finn stundum á mánudögum að ég steingleymdi að hvíla mig. Samt kann ég að slaka á og hef stundað jóga frá því á unglingsárum," segir María sem í janúar hélt á vit indverskra munka á Indlandi þar sem hún sótti hugleiðslunámskeið. „Bróðir minn var munkur á Indlandi í áratugi og lét munka taka á móti mér á flugvellinum, sem var ekki amalegt að fá svo hlýjar móttökur í ókunnu landi og í raun dálítið eins og að koma heim," segir María sem síðan hefur fyllt heimili sitt indverskum reykelsisilmi, tónlist og „chai" á tehellunni.

„Í klaustrinu var bara grænmetisfæði á boðstólum og hef ég haldið mig við það síðan. Mér er eðlislægt að borða hollt og hreyfa mig og því set ég engar kryddpylsur á pitsurnar nú," segir María og skellir upp úr.

María er þessa dagana að skrifa einleik um skáldkonurnar Guðnýju frá Klömbrum, Skáld-Rósu og Agnesi Magnúsdóttur, sem allar lentu í ástarsorg á 19. öld, en Agnesi lék María í samnefndri kvikmynd 1995.

„Ég velti mikið vöngum yfir því hvernig maður þroskast og umbreytist í lífinu, og þarna velti ég því upp að eitt er að lenda í áfalli en annað hvernig á að takast á við það. Allar þessar konur tókust á við ástarsorgina á mismunandi hátt, því ein dó úr ástarsorg, önnur drap elskhuga sinn og sú þriðja lifði af," segir María. En hví er ástarsorg henni svo hugleikin?

„Eigum við nokkuð að fara út í það?" svarar hún brosandi. „Ástin er aðalatriði í lífinu og alltaf verið mér hugleikin. Mér finnst ótrúlega magnað hvernig hún kemur og fer, þroskast og þróast, og ástin hefur verið rauði þráðurinn í verkum mínum. Við Charlotta Böving gerðum leikritið Mammamamma um móðurástina og ég gerði Sölku Völku ástarsögu og Úlfhamssögu sem fjallar um ást í fallegri og ljótri mynd, ásamt Sjúk í ást um ástir systkina. Þessa dagana er ég bara ástfangin af lífinu og börnunum mínum, meðan prinsinn á hvíta hestinum er hvergi í sjónmáli."



„Konur vinna svo oft við eldhúsborðið," segir María sem ásamt fleiri listakonum opnaði vinnuaðstöðu listakvenna með stóru eldhúsborði við Suðurgötu í janúar.

„Ástin er aðalatriðið í lífinu og alltaf verið mér hugleikin. Mér finnst ótrúlega magnað hvernig hún kemur og fer, þroskast og þróast, og ástin hefur verið rauði þráðurinn í verkum mínum."

Annað kvöld verður María á RÚV í Tíma nornarinnar, og brátt hefjast tökur á nýrri syrpu gamanþáttanna Hæ, Gosi, þar sem hún leikur færeyska hárgreiðslukonu.

„Ég tala færeysku reiprennandi, en Ellingsen-nafnið kemur ekki þaðan, heldur frá norskum langafa sem var skipasmiður og kom hingað til að taka við Slippnum tvítugur að aldri. Hann stofnaði líka verslunina Ellingsen, sem var nýlega seld eftir 90 ára eign fjölskyldunnar, og þar vann ég lengi sem sendill og elska enn lyktina af tjöru, hampi og steinolíu. Að ætt minni koma líka færeyskir sjómenn og íslenskir prestar, en hinn langafi minn var séra Haraldur Níelsson sem 27 ára þýddi Biblíuna."

María reynir að fara sem oftast til Færeyja. „Mamma er ein níu systkina frá Vogi á Suðurey. Ég á því stóran frændgarð í Færeyjum og gæti vel hugsað mér að vera þar lengur í senn."

María átti góðu fylgi að fagna í Hollywood á níunda áratugnum, þegar hún lék í sjónvarpi og kvikmyndum.

„Ég hef haldið hurðinni að Hollywood opinni og er með umboðsmann í Lundúnum sem öðru hverju sendir eftir prufum. Ég hefði þó ekki viljað daga uppi sem Hollywood-leikkona því leikhúsið á í mér sterka taug og ég þarf að sinna minni þörf að segja frá því sem mér sjálfri liggur á hjarta."

thordis@frettabladid.is


HOLLUR BITAFISKUR
+80% prótín
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið



GULLFISKUR
Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

Gardeur buxur



www.laxdal.is
Gallabuxur
20% afsláttur - 3 litir
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Dansaðu þig í fantaform!
ZUMBA á Nordica Spa
Ný námskeið hefjast 5. apríl
» Mikil fitubrennsla – eykur þol og styrk
» Latin-tónlist (salsa, cumbia, merengue, raggaeton o.fl.)
» Auðveld spor fyrir allan aldur
4 vikna námskeið
5 ZUMBA-tímar á viku
2 fastir tímar + 3 opnir tímar
• Byrjendanámskeið
• Framhaldsnámskeið
Kennarar: Anna Claessen og Marta Gígja, alþjóðlegir Zumbakennarar



Handklæði og herðanudd í pottunum!
Skráðu þig strax í síma 444 5090
NORDICASPA
www.nordicaspa.is

ALLT Á FERÐINNI
Miðvikudaga
Sölufulltrúi:
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473



VOR Í ENDURMENNTUN
SKREF AÐ SKEMMTILEGU SUMRI
Ræktun matjurta í heimilisgarðinum
Hefst 29. mars
Trjárækt á sumarhúsalóðum
Haldið 13. apríl
Fáðu krydd í tilveruna: Námskeið um ræktun kryddjurta
Haldið 22. apríl
Á ferð um Íslendingasagnaslóðir með Magnúsi Jónssyni
Hefst 26. apríl
Vestfirðir – fjársjóður við hvert fótmál
Hefst 9. maí
Í ríki Vatnajökuls: Austur-Skaftafellssýsla í allri sinni dýrð
Hefst 16. maí
ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
Nánari upplýsingar og skráning á endurmenntun.is eða í síma 525 4444

nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM
OG 10% AÐ AUKI
SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI MENNING
vísir

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

---

STÓRA BÍLASALAN



Toyota Land Cruiser 80 Árgerð 1993, dísel, ekinn 327þ.km, beinskiptur, 38" breyttur, loftpúðar aftan, nýskoðaður 2011. Verð 1.890.000kr. Raðnúmer 151388. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



**Sérhæfum okkur í sölu á ferðavögnum.**
Óskum eftir öllum gerðum af bílum, ferðavögnum, vélum og tækjum á skrá. Óskum sérstaklega eftir skráningum af öllum stærðum og gerðum af HÚSBÍLUM. Vísa/Euro.Stórt útipláss.

**Ferðavagnamarkaður.is**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

TOPPBÍLAR bílasala



ISUZU Crew cab dlx 35". Árgerð 2001, ekinn 212 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð: 1.490.000.- TILBOÐ 950.000.- Rnr.332600.



NISSAN Patrol gr. Árgerð 1999, ekinn 314 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 950.000. Rnr.284385.



MMC L200 37". Árgerð 2007, ekinn 62 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.990.000. Rnr.332627.

**Toppbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**




Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá, Komdu á staðinn, sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

Bílasalan.is
S: 565 2500



Toyota Land Cruiser 38" , árg 99, ek,224.þús Ásett verð 1690þús Er á staðnum.sími 565-2500 Funahöfði 1

**Bílasalan.is**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 565-2500**
**www.bilasalan.is**

## Bílar til sölu



**Toyota Yaris TILBOÐ 770 þús.**
Til sölu Toyota Yaris 5 dyra nýskráður 8.9.2004 ekinn 117 þúsund, nýskoðaður 2012 án athugasemda , bíll sem eyðir litlu. Verð 890 þús en TILBOÐ 770 þúsund, möguleiki á Vísa/Euro láni, uppl í síma 693-5053.



M Benz c180 elegance 2005 ekinn 98.000 2.7 m.kr. skoða öll skipti. vetrar og sumardekk. sjálfsk. bensín. ýmislegt fleira. Helgi 825 8029.



Ford Focus Station. Árg. 2003. Eyðsla 6,4l. Ek. 142þ.km Stgr. 690þ. Hundagrind. Toyo heilsárs dekk. Uppl. í s. 843 3939.



Golf Plus '06, ek. 98 þús. 1600cc, 5 dyra, beinsk. 17" álfelgur fylgja. 1.350 þús. Uppl. í s. 694 4106.



Nissan Terrano bsk, diesel, árg 98 ekinn 260.000 Gott viðhald og í góðu standi Verð 500.000 Uppl. Í síma 891 6401



Tilboð Nissan Patrol GR árg.'05 Ek.149 þús, 7 manna, sjsk, 6 diska cd spilari Fæst á 2.890 þús. staðgr. Litur út sem nýr Uppl. í s. 865 6200.



Til sölu Mitsubishi Pajero árg. '96, 2,4 TD. Beinsk., ek. 260 þús. V. 390þ. S. 862 4102.



Til sölu Land Cruiser 120 GX árg. 2009 ekinn. 26.þús km. 33", Dráttarkr, lúga og spoiler. Virkilega gott eintak. uppl. í s. 892 5580



Suzuki Vitara árg. '00. Ásett v. á bílasölu er 690þ. Fæst á 490þ. Ek. 130þ. Nýsk. S. 840 6940.



VW Crafter 2008 á Aðeins 3.990 þús Með MMB lyftu 500 kg Tdi 2.5 Super highroof.Ekinn 71 þús km flottu standi uppl. í s. 895 8898



Dodge Ram 1500 árg'97. Ek. 60 þús m. Ásett verð 450 þús, Staðgr. V 390 þús. Uppl. í s. 840 6940.



Til sölu Nissan Pathfinder árg. '88 ameríku týpa, sjsk. Ek.143 þús mílur. Í þokkalegu standi. V. 120 þús. Uppl. í s. 690 0826



Jeep SRT-8 12/2007 ek. 50þ. DIABLO breyttur. Ásett 5.390 V. 4.4 mill. stgr. Uppl. í s. 868 9646.




Jeppar, pallbílar, fólksbílar. NÚ FÆRÐU EINNIG VARAHLUTI Á BETRI VERÐUM! Útvegum á betri verð frá Toyota, Ford, Dodge, Chrysler, Audi, Benz, BMW og öðrum helstu framleiðendum. HYBRID umhverfisvænir bílar sem eyða 40% minna eldsneyti. Meira en milljón bílar á söluskrá. Toyota Tacoma sýningarbílar á milljóna afslætti. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000



Nissan Almera árg. 2004 til sölu,ssk. Ek. 128þ. skoðaður 2012. Ný yfirfarinn með nýja tímakeðju og skynjara. Ný vetrardekk og sumardekk fylgja einnig. Verðhugmynd 990 þúsund. Mjög gott eintak. S. 862 8896.



**Tilboð**
IZUSU D-max 2010. Aukahl. skel,krókur, koða, stigbrettir. V. 4.290 stagr 8977006 / 5656024.



Til sölu Yamaha Nitro MTX 153" árg 2008 ekinn aðeins 1300km.Einn með öllu. Sem nýr S: 898 2811



Arctic Cat M8 Sno Pro árg 2007 ekinn 1600. Sem nýr einn með ÖLLU. S: 898 2811.



Sparneytinn diesel jeppi, Korando/ Musso 2,9 l diesel, eyðsla innanbæjar 10,9 l. Ek. 166þús, beinskiptur, svartur, filmur í rúðum. Verð 390 þús. S. 663 4898



Subaru Legazy'04, ekinn 103km Sjálsk, verð:1690.000 Uppl.6991260

VW Touareg árg. '04, 2,5 TDI. Gps, bakkvél. Ek. 164 þús, nagladekk. Tilboð 3.190 þús. Uppl. í s. 861 7642.

VW Passat árg. '04, 1,6, bsk. Ek. 104 þús, vetradekk. V. 1.190 þús, tilboð 890 þús. Uppl. í s. 861 7642.

Til sölu Toyota Yaris árg. '04, 4 dyra. Ek. 77.000, beinskiptur. Verð 850. þús Uppl. 699 8968.

Til sölu M. benz c200 kompressor árg. '05 sjálfskiptur, leður topplúga, ek. 78.000 þús. Verð 2.750 þús. Uppl. 699 8968.

Santa Fe 2,7 árg. '01. Bensín, sjálfsk. Topp viðhald. Smurbók. Skoð. '12. Ekinn 175.000 km. Tilboð: 590.000 S: 692-9825

Hyundai accent árg.'95 mikið endurnýjaður í topp standi. Skoðaður '12. Verð 160 Þús. Sími 899 5492.

Mitsubishi Pajero til sölu árg.'00, ek. 245 þús. Uppl. í s. 899 6781.

Vélarvana Pajero '97 módel til sölu. Uppl. í síma 897 4648 & 664 7790.

## 0-250 þús.

Grand Cherokee V8 4.7 árg. '00 Limited Ekinn 172þ.km Tilboð 590þús.stgr. 891-9944.

## 250-499 þús.



**Góður jepplingur á 320 þús!**
MITSUBISHI PAJERO (stuttur!) 4x4 V-6 3.0 181 hö árg'98 ek.160þús, sjálfskiptur, dráttarkrókur, ásett verð 500 þús TILBOÐ 320 ÞÚS STGR! s. 841 8955.



**!!! Tilboð 420þús !!!**
FORD MONDEO árg.'2001 ek.170 þús. skoðaður 2012, beinskiptur, virkilega góður bíll! ásset verð 640 þús TILBOÐ 420 ÞÚS! S.841 8955.



Pajero '94, sk. 2012. V6 bensín, 7 manna. Ek. 242þús. Verð 290þús. Skoðar skipti á ódýrari. Uppl. í 659 3459

Til sölu. Nissan Micra árgerð 2000 5 dyra beinskiptur, ekinn 96 þús. Verð 290 þús. micratilsolu@gmail.com

Hyundai accent árg 99, ekinn 72 þús. Ný dekk, dökk grænn, 5 dyra og beinskiptur. Verð 310 þús. Uppl í 661-2007

## 500-999 þús.



Hyundai Getz '07,ek. 87þús. 1400cc, 5 dyra, bsk, nýsk. '12, nýleg heilsársdekk. Verð 900 þús.



**Tilboð 800 þús!**
Puegot 307 árg. 2003. Ek. 130þús, 5 gíra, beinskiptur, 1400 vél. Rafmagn í rúðum aksturstölva o.fl. Skoða skipti á ódýrari. Uppl. í 659 3459.

Til sölu Ford Focus árg. 2002, ekinn 78.000, góð heilsársdekk, verð 820.000, uppl í síma 8672594.

## 1-2 milljónir

Citroen C4 2006. Ek 63þ Áhv 917þ Afb 24þ á mán TILBOÐ 1.390.000 Mjög vel með farinn. Sumar og vetrardekk. Beinsk/sjálfssk. Skoða skipti á ódýrari. S 8456701

Skoda Octavia dísel 2008. Ekinn 65 þúsund. Beinskiptur. Á nýjum heilsársdekkjum. Ásett verð er 2.2 en fæst á 1990 staðgreitt. Áhvílandi er 1350 þús og afborgun 29þús. uppl. 6656186

## 2 milljónir +

Toyota Avensis stw, sol 1,8 Árgerð 2007 ek,58 Þ km.Sjálfskiptur, álfelgur, filmur,dráttarbeisli ofl, Verð 2.650.000. Sími. 844-3974

## Bílar óskast

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

**Corolla, Yaris eða Avensis óskast**
Árg. 1998-2002 fyrir 150-350 þúsund. Helst í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821-2545.

**Japanskur fólksbíll óskast, t.d. Toyota, Nissan, Honda eða MMC.**
Árg. 1998-2003. Vil helst bíl í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Get borgað 100-350 þúsund. Uppl. 772-5450.

**Vantar bíl!**
Óska eftir bíl fyrir allt að 350 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

Fyrir ferðaþjónustu: 8-14sæta, vel með farin allt að 400þús stgr. Einnig óskast lokuð farangurskerra. S:6643177

Óska eftir peugeot 206, 5 dyra ssk. Á verðbilinu 300-500 þús staðgreitt. Uppl. í s. 699 3988.

Óska eftir Skoda Octavia station diesel árg 2005-2008. Staðgreiðsla í boði. Aðeins góður bíll með þjónustu/ smurbók kemur til greina.Uppl. í s: 8929160 eða 8922892

## Sendibílar



Til sölu Benz Atigo 815 Árg.'05 ágætis standi, möguleiki á 100% láni uppl: 899 6350.

## Þjónusta

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

MAX1 BÍLAVAKTIN

**Max1 bílavaktin, Knarrarvogi 2 óskar eftir að ráða aðila til starfa í fullt starf með reynslu af smurþjónustu.**

Max1 bílavaktin óskar eftir að ráða starfsmann til starfa við starfsstöð sína í Knarrarvogi 2 í Reykjavík. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax og búa yfir góðri reynslu af smurþjónustu, hafa almenna tölvukunnáttu, skrifa góða íslensku, ásamt því að vera lipur í mannlegum samskiptum og hafa ríka þjónustulund. Áhugasamir fylli út umsókn á www.max1.is undir starfsumsókn.

Tal

# VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ ÞÉR!

**Ef þú ert opinn og skemmtilegur sölusnillingur þá langar okkur að fá þig í liðið okkar.**

Við erum að leita að appelsínugulum Talsmönnum sem búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og metnaði.

**Umsóknir sendist á atvinna@talsala.is**

**MINNA BRUÐL. MEIRA TAL.**

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Doktorsnemi í öldrunarfræðum

**Rannsóknastofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum auglýsir 50% starf doktorsnema sem vinnur að rannsókn tengdri öldrunarfræðum. Starfið er veitt til 2 ára. Starfið felur í sér að sinna daglegum rekstri rannsóknarstofunnar ásamt eigin rannsóknarvinnu.**

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl 2011.
- » Upplýsingar veitir Pálmi V Jónsson, yfirlæknir og formaður stjórnar rannsóknarstofunnar, netfang palmivj@landspitali.is, sími 543 9891.
- » Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá.
- » Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Pálma V. Jónssyni, LSH K4 Landakoti.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

# Sérfræðingur í Innri endurskoðun

**Laust** er til umsóknar starf sérfræðings á sviði innra eftirlits, upplýsingakerfa og öryggismála hjá Innri endurskoðun.

Innri endurskoðun heyrir undir bankaráð en hlutverk deildarinnar er að staðfesta að innra eftirlitskerfi bankans, áhættustjórnun og stjórnskipulag sé fullnægjandi og virkt. Innri endurskoðun nær til allra starfseininga bankans, þar á meðal dótturfélaga.

**Helstu verkefni:**

- » Úttektir og mat á stjórnkerfi upplýsingaöryggis
- » Úttektir og mat á öryggismálum starfsstöðva
- » Úttektir og mat á skilvirkni innra eftirlits og áhættustýringar hjá starfseiningum bankans
- » Þátttaka í öðrum sérstökum úttektum eða rannsóknum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- » Þekking og reynsla af upplýsingatækni og gæðastarfi
- » Greiningar- og skipulagshæfni
- » Góð íslensku- og enskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- » Frumkvæði og fagmennska í starfi
- » Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- » Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

**Nánari upplýsingar:**

Nánari upplýsingar veita Guðlaug Ólafsdóttir í Mannauði í síma 410 7905 eða gudlaug.olafsdottir@landsbankinn.is og Kristín Baldursdóttir innri endurskoðandi Landsbankans í síma 410 7201 eða kristin.baldursdottir@landsbankinn.is.

Umsókn merkt „UT-sérfræðingur í Innri endurskoðun" fyllist út á vef bankans.

Umsóknarfrestur er til og með 5. apríl nk.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

NBIHF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280

bílaland

# Sölumenn notaðra bíla

Okkur vantar vana sölumenn til starfa við sölu á notuðum bílum. Þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

**Vinsamlegast sendið umsóknir í póstfangið dagur@bilaland.is**

BILALAND.IS
KLETTHÁLSI 11 **S. 525 8000**
bílaland

---

RESTAURANT Backlund

**Yfirþjónn á veitingahús/hótel í Noregi ! Við erum að leita að aðila með reynslu af starfsmannahaldi og víðtæka reynslu af þjónustustörfum.**

*Backlund Restaurant rekur tvo veitingastaði, kaffihús og bar í Levangerbæ í Mið-Noregi. Viðkomandi hefur ábyrgð á öllum þjónustustörfum og þjónanemum / aukamannskap ásamt innkaupum á drykkjarföngum.*

**Það eru u.m.þ.b. 20 ársverk kokkar/þjónar fastráðin í fyrirtækinu.**
**Ársvelta er um 350 milljónir isk**

*Upplýsingar um stöðuna gefur*
***Hákon Bragi Valgeirsson** / Yfirkokkur*
*00479 741 6226*
*spis@backlund.info*
*www.backlund.no*

---

Capacent Ráðningar

# SÖLUSTJÓRI SALTFISKS

bacco

**Bacco leitar að kröftugum einstaklingi í krefjandi starf sölustjóra. Viðkomandi verður að hafa mikla hæfni í mannlegum samskiptum, heiðarlegur og sjálfstæður. Starfið reynir mikið á samskipti, sveigjanleika og getu til að vinna sjálfstætt.**

**Starfssvið**
- Kaup og sala á saltfiski
- Samskipti við innlenda birgja
- Samskipti við erlenda viðskiptavini
- Samningagerð
- Umsjón og ábyrgð með viðskipta og samningamálum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi nauðsynleg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð kunnátta í ensku og spænsku

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---

Capacent Ráðningar

# GÆÐASTJÓRI

norlandair ArcticMaintenance FLUGVÉLAVERKSTÆÐI Mýflug air

**Norlandair, Mýflug og Arctic Maintenance óska eftir að ráða til sín öflugan gæðastjóra. Viðkomandi starfsmaður mun sinna öllu almennu gæðaeftirliti félaganna. Viðkomandi starfsmaður mun hafa starfsstöð á Akureyri. Boðið er upp á góðan starfsanda í skemmtilegu og krefjandi umhverfi.**

**Starfssvið**
- Yfirumsjón með gæðaeftirliti og gæðamálum fyrir fyrirtækin þrjú
- Handbókargerð og umsjón með gæðahandbókum
- Námskeiðahald
- Umsjón með skírteinismálum flugmanna og flugvirkja
- Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Flugvirkjamenntun eða háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking af flugstarfsemi er kostur
- Þekking og reynsla af reglugerðum EASA (European Aviation Safety Agency)
- Þekking á EU-OPS, Part 145 og Part M er æskileg
- Mjög góð ensku- og tölvukunnátta skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# HAGFRÆÐINGUR

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

**Samkeppniseftirlitið auglýsir eftir umsóknum í starf hagfræðings við stofnunina. Viðkomandi ber ábyrgð á úrlausn samkeppnismála á fjölbreyttum sviðum atvinnulífsins. Jafnframt mun hann greina og fylgjast með samkeppnisstöðu fyrirtækja á tilteknum mörkuðum.**

**Æskileg menntun og reynsla**
- Háskólapróf í hagfræði og/eða viðskiptafræði
- Starfsreynsla sem nýtist í samkeppnismálum
- Yfirgripsmikil þekking á efnahagsmálum

**Hæfniskröfur**
- Frumkvæði við úrlausn viðfangsefna
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Hæfni til að hafa yfirsýn yfir flókin verkefni
- Greiningarhæfileikar
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsjón með ráðningunni hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Samkeppniseftirlitið áskilur sér rétt til þess að ráða starfsfólk á grundvelli auglýsingarinnar næstu sex mánuði eftir birtingu hennar. Nánari upplýsingar veitir einnig Páll Gunnar Pálsson (pallgunnar@samkeppni.is) hjá Samkeppniseftirlitinu s. 5850700. Áhugasömum er jafnframt bent á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins, www.samkeppni.is.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# ERTU KLÁR?

capacent

Capacent er leiðandi þekkingarfyrirtæki á sviði ráðgjafar, rannsókna og ráðninga. Hjá Capacent starfar samhentur hópur um 90 einstaklinga. Skrifstofur eru í Reykjavík og á Akureyri. Við lítum á það sem hlutverk okkar að bæta árangur viðskiptavina á öllum sviðum og skapa þeim áþreifanleg verðmæti.

**Capacent leitar að hugmyndaríkum og metnaðarfullum liðsmönnum til að vinna með þéttum hópi á ráðgjafasviði.**

## RÁÐGJAFI Á SVIÐI TÖLFRÆÐILEGRA GREININGA (Analytics)

**Ráðgjafi vinnur með fyrirtækjum við að brúa bilið á milli gagna og góðra ákvarðana í markaðsmálum. Hann þarf að búa yfir þekkingu á tölfræði, greiningarforritum, gagnagrunnum auk brennandi áhuga á markaðsmálum.**

**Starfssvið:**
- Hagnýt greiningarverkefni (data mining)
- Hönnun og framsetning árangursmælikvarða

**Menntun og hæfni:**
- Háskólamenntun á sviði félagsvísinda eða raungreina
- Þekking á tölfræði og greiningarhugbúnaðinum SPSS
- Grunnþekking á sviði upplýsingatækni, t.d. OLAP, SQL, Excel 2010
- Þekking og áhugi á markaðsmálum og viðskiptalífi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skörp greiningarhæfni

## RÁÐGJAFI Á SVIÐI UPPLÝSINGATÆKNI

**Ráðgjafi vinnur með fyrirtækjum við að skilgreina, hanna og innleiða mælaborð fyrir stjórnendur öflugustu fyrirtækja landsins. Hann þarf að búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu á gagnagrunnum og hafa brennandi áhuga á því að breyta gögnum í gagnlegar upplýsingar.**

**Starfssvið:**
- Verkefni sem snúa að stjórnendaupplýsingum
- Hönnun og smíði vöruhúsa gagna
- Samþætting upplýsingakerfa
- Þróun nýrra lausna

**Menntun og hæfni:**
- Háskólamenntun á sviði raungreina
- Góð þekking á gagnagrunnum (einkum SQL) og samþættingu upplýsingakerfa
- Þekking og reynsla á Microsoft Sharepoint

**Almennar kröfur til ráðgjafa Capacent**

Ráðgjafi þarf að búa yfir getu til að vinna sjálfstætt að flóknum verkefnum og laga sig að ólíkum aðstæðum. Gott er að hafa auga fyrir skapandi lausnum ásamt áhuga og getu til að takast á við ögrandi verkefni í krefjandi umhverfi. Til að vaxa í starfi þarf bæði skipulagshæfni og getu til að byggja upp traust samband við viðskiptavini.

Capacent vinnur með mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins í fjölbreyttum verkefnum. Meðal samstarfsaðila Capacent eru Gallup, AC Nielsen, SPSS, Cognos, SHL og Microsoft. Markmið Capacent er að vera fyrsti valkostur fyrir kröfuharða viðskiptavini og metnaðarfullt starfsfólk. Capacent er fjölskylduvænn vinnustaður sem býður starfsfólki sínu sveigjanlegan vinnutíma, afbragðs starfsanda í sterkri liðsheild auk margvíslegra tækifæra til starfsþróunar.



Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 5. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár.

CAPACENT RÁÐNINGAR
BORGARTÚNI 27
SÍMI 540 1000

capacent

# Bygg og Ventilasjon a/s
## Kobber- og Blikkenslagermester

# Vilt þú vinna í Noregi?

Bergen er næststærsti bær í Noregi og við erum leiðandi innan blikksmíðabransans á vesturlandinu. Það eru mörg stór verkefni framundan í Bergen næstu árin og við tökum þátt í þeim. Þess vegna leitum við eftir:

## Blikksmiðum

Við óskum eftir mönnum með reynslu af:

- Læstum klæðingum á þök og veggi
- Flasningum og þakrennum
- Einangrun og suðu á þakdúkum
- Loftræsiskerfum

Við bjóðum startpakka fyrstu 3 mánuðina:

- Við borgum ferðakostnað til Noregs
- Laun eftir norskum standard og kunnáttu
- Við bjóðum húsnæði út prufutímann.

Umhverfið er alþjóðlegt og vinsamlegt. Við tökum vel á móti starfsmönnum frá öðrum löndum og við viljum að okkar starfsmenn fái að njóta kunnáttu sinnar.

Eftir prufutímann vonumst við að fastráða fólk samkvæmt norskum vinnulögum og launum.

Viðtöl verða tekin í Reykjavík. Umsóknir eða spurningar umstöðuurnar sendist til:
Espen Holum: espen.holum@bov.no. Tlf: +4755197860, Mobil: +4798211747
Jon Gunnar Svanlaugsson: post@bov.no, Mobil: +4795452214
Farið inná www.bov.no til að fá nánari upplýsingar um okkur.

# Sérfræðingur á fjárfestingasviði

**Tryggingamiðstöðin óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á fjárfestingasviði félagsins.**

**Starfssvið:**

// Mat á fjárfestingakostum og eftirfylgni með fjárfestingum félagsins

// Mælingar á afkomu og árangri einstakra eigna og eignasafnsins í heild

// Skýrslugerð og miðlun upplýsinga til stjórnenda og eftirlitsaðila

**Hæfniskröfur:**

// Viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi

// Brennandi áhugi á íslensku efnahagslífi

// Geta til að vinna í hópum og undir miklu álagi

// Góð enskukunnátta, miklir samskipta-hæfileikar og haldgóð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur um starfið er til og með **3. apríl 2011**. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á netfangið starf@tm.is. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Frekari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri fjárfestinga og viðskiptaþróunar, Garðar Þ. Guðgeirsson (gardar@tm.is).

TM er framsækið og metnaðarfullt fyrirtæki sem býður starfsfólki sínu góða vinnuaðstöðu. **Ef þú er tryggður - þá færðu það bætt** er loforð TM til viðskiptavina um sanngjarna og hraðvirka tjónaþjónustu. Starfsmenn TM hafa sérþekkingu í aðstoð við viðskiptavini vegna óhappa og hafa hjálpað fólki í gegnum erfiðleika í yfir 50 ár. Við erum þess fullviss að hvergi er betur staðið að slíkri þjónustu.

**TM** // Síðumúla 24 // Sími 515 2000 // tm@tm.is // **www.tm.is**

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Sérfræðilæknar við bráðasvið Landspítala

Laus eru til umsóknar tvö störf sérfræðilækna á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi. Starfssvið bráðamóttöku spannar allar almennar bráðalækningar. Bráðamóttakan hefur viðurkenningu til að veita framhaldsmenntun í bráðalæknisfræði sem metin er til allt að tveggja ára af sérfræðinámi.

## Helstu verkefni og ábyrgð

» Sinna bráðveikum og slösuðum sjúklingum
» Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samvinnu við yfirlækni
» Önnur umsjónarverkefni í samráði við yfirlækni

## Hæfnikröfur

» Sérfræðiviðurkenning í bráðalækningum
» Reynsla í kennslu og vísindavinnu
» Samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum

## Nánari upplýsingar

» Umsóknarfestur er til og með 01.05.2011. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is.
» Starfshlutfall er 100% og veitast störfin frá 1. ágúst 2011.
» Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
» Upplýsingar veitir Elísabet Benedikz, yfirlæknir, ebenedik@landspitali.is, sími 543 1000.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Elísabetu Benedikz, yfirlækni bráðalækninga, skrifstofu bráðadeildar E-2 Fossvogi.
» Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum.
» Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.
» Starfið er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Framkvæmdastjóri lækninga Landspítala

Framtíðarsýn Landspítala er að vera í fremstu röð háskólasjúkrahúsa, eftirsóttur vinnustaður og stolt landsmanna, sjúklinga og starfsmanna.

Gildi Landspítala eru: Umhyggja, fagmennska, öryggi og framþróun.

Auglýst er laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala. Leitað er eftir farsælum, kraftmiklum og metnaðarfullum stjórnanda.

Framkvæmdastjóri lækninga situr í framkvæmdastjórn sjúkrahússins og heyrir undir forstjóra.

## Helstu verkefni og ábyrgð

» Vera leiðtogi við framkvæmd stefnu spítalans
» Helga sig sýn og gildum spítalans til framtíðar
» Hafa hæfni og vilja til að líta á starfsemi spítalans sem eina heild
» Samhæfa faglega þætti og stuðla að öryggi, gæðum og hagkvæmni
» Innleiða nýjungar og breytingar og stuðla að framþróun starfseminnar
» Styrkja kennslu- og vísindastarf á spítalanum

## Hæfnikröfur

» Læknir með sérfræðileyfi
» Akademískt hæfi
» Leiðtogahæfileikar
» Stjórnunarreynsla í heilbrigðisþjónustu
» Samskiptahæfni og jákvætt viðmót
» Frumkvæði og áræðni
» Reynsla af þróunar- og rannsóknarvinnu

## Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl 2011.
» Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. júní 2011 til 5 ára.
» Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu af kennslu-, vísinda- og stjórnunarstörfum, ásamt ljósriti af birtum greinum og útdráttum sem umsækjandi hefur ritað eða átt þátt í.
» Upplýsingar veitir Erna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs, netfang erna@landspitali.is, sími 543 1343.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, mannauðssviði, Landspítala Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík.
» Allar umsóknir eru sendar til stöðunefndar lækna hjá Landlæknisembættinu.
» Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
» Frekari upplýsingar um ábyrgðarsvið og almennar kröfur til stjórnenda á Landspítala eru á vef Landspítala, www.landspitali.is. Varðandi faglega ábyrgð er vísað til 10. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

# Lögfræðingur
## Háskóla Íslands

Háskóli Íslands auglýsir eftir lögfræðingi í fullt starf. Lögfræðingurinn starfar á skrifstofu rektors og er rektor og háskólaráði til ráðgjafar við úrlausn mála sem varða lög og reglur sem skólinn starfar eftir. Viðkomandi mun starfa náið með öllum stjórnendum skólans.

Sjá nánar um helstu verkefni og hæfniskröfur á *www.starfatog.is* og *www.hi.is/skolinn/laus_storf.*

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

PIPAR\TBWA • SÍA • 110778

---

URÐARAPÓTEK

# Starfsmaður í afgreiðslu

Urðarapótek óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu. Í boði er fjölbreytt og lifandi starf í skemmtilegu umhverfi. Vinnutími er eftir hádegi og einn laugardag í mánuði.

**Starfssvið:**
- Afgreiðsla og móttaka pantana
- Þjónusta við viðskiptavini
- Frágangur lyfja og vöru

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sambærilegu starfi nauðsynleg
- Menntun á sviði snyrtifræði eða lyfjatækni æskileg
- Gott viðmót og rík þjónustulund

**Nánari upplýsingar veitir:**
Elísabet Sverrisdóttir,
elisabet@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

---

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
vísir

---

# Aðstoðarmaður forstjóra

Öflugt fyrirtæki í Reykjavík óskar eftir að ráða aðstoðarmann forstjóra og annarra æðstu stjórnenda fyrirtækisins. Höfuðstöðvar eru hér á landi en fyrirtækið er einnig með víðtæka starfsemi erlendis.

**Starfssvið:**
- Skýrslugerð, undirbúningur funda og fundargerð
- Ferðabókanir og samskipti við hótel og flugfélög
- Viðburðastjórnun
- Umsjón með vefsíðu
- Þátttaka í mannauðstengdum verkefnum
- Önnur fjölbreytt verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun
- Lýtalaus enska, töluð og skrifuð
- Útsjónarsemi, hröð vinnubrögð og geta til að vinna undir álagi
- Góð alhliða tölvukunnátta
- Menntun eða reynsla á sviði mannauðsmála er æskileg
- Undirstöðuþekking í rekstrarfræðum er kostur

**Nánari upplýsingar veitir:**
Inga Steinunn Arnardóttir,
inga@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

---

VÍNBÚÐIN
vinbudin.is

Vínbúðin í Reykjanesbæ

# Verslunarstjóri og aðstoðarverslunarstjóri óskast

## Verslunarstjóri

**Starfssvið:**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Dagleg stjórnun, birgðahald og umhirða búðar
- Fylgja eftir þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af verslunarstörfum nauðsynleg
- Reynsla af verslunarstjórn æskileg
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvukunnátta nauðsynleg og er kunnátta í Navision æskileg

## Aðstoðarverslunarstjóri

**Starfssvið**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Birgðahald og umhirða búðar
- Fylgja eftir þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Verkstjórn í fjarveru verslunarstjóra

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af verslunarstörfum nauðsynleg
- Reynsla af verkstjórn æskileg
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvukunnátta æskileg, m.a. færni í Navision

Gildi ÁTVR eru **LIPURÐ - ÞEKKING - ÁBYRGÐ.** Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum.

**Nánari upplýsingar veita:**
Elísabet Sverrisdóttir,
elisabet@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir,
kristin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

Stefna ÁTVR er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

HAGVANGUR



# GERÐU ALLT KLÁRT FYRIR FLUGTAK

## FLUGVIRKJAR ÓSKAST Í FRAMTÍÐARSTÖRF

Tækniþjónusta Icelandair (ITS) á Keflavíkurflugvelli óskar eftir flugvirkjum í framtíðarstörf.

Við leitum að öflugum liðsmönnum til starfa í stærsta flugskýli landsins í tækniværðu og alþjóðlegu umhverfi.

**STARFSSVIÐ:**
Almenn flugvirkjastörf í stórskoðunum á B757-200/300.

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Hafi lokið prófi frá viðurkenndum skóla í flugvirkjun.
- Lögð er áhersla á samskiptahæfileika, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg.
- Reynsla af vinnu í tölvuvæddu umhverfi.

Hér er um að ræða spennandi og krefjandi framtíðarstörf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.

Viðkomandi þarf að hafa áhuga á að ná árangri í starfi og hafa jafnframt metnað til að vinna sem hluti af öflugri liðsheild.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 8. apríl 2011.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:**
Theodór Brynjólfsson ■ 4250 104 ■ tbrynjol@its.is
Kristín Björnsdóttir ■ 5050 155 ■ stina@icelandair.is

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

# Matreiðslumenn og aðstoðarmenn í eldhúsi óskast

Café Flóra í Grasagarði Reykjavíkur óskar eftir að ráða matreiðslumenn og aðstoðarfólk í eldhús. Unnið er á vöktum. Leitað er að samviskusömum einstaklingum sem vinna vel undir álagi, eru heiðarlegir og hafa brennandi áhuga á mat.

Café Flóra er starfrækt í garðskála Grasagarðs Reykjavíkur í Laugadalnum. Café Flóra býður upp á léttan matseðil undir nýnorrænum áhrifum og með áherslu á hráefni úr eigin ræktun. Áhugasömum gefst tækifæri á að vinna á skemmtilegum og skapandi vinnustað og hafa áhrif á stefnu eldhússins.

Umsækjendur skili umsókn ásamt ferilskrá á netfangið: cafeflora@cafeflora.is. Fyrirspurnum um starfið er svarað af Marentzu Poulsen í síma 661-7305.

Akraneskaupstaður

# Laust starf að ferðamálum og í upplýsingamiðstöð fyrir ferðafólk á Akranesi

Laust er til umsóknar tímabundið starf við Upplýsingamiðstöð fyrir gesti og ferðafólk á Akranesi. Ráðið verður í starfið til 6 mánaða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Í starfinu felst m.a. þátttaka í útgáfu kynningarefnis um Akranes, vinna við vefsvæðið „visitakranes.is", skipulagning viðburða, umsjón með viðburðadagatali auk almennra samskipta við gesti og ferðafólk. Einnig skipulagning ferðaþjónustu á Akranesi og samskipti við hagsmunaaðila á svæðinu, samskipti við aðrar upplýsingamiðstöðvar og ferðaskrifstofur sem og skipulagning og umsjón með móttöku hópa.

Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og samskiptahæfni og sýna mikinn metnað, jákvæðni og frumkvæði í starfi. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu og/eða menntun á sviði ferðaþjónustu og mikinn áhuga á þeim viðfangsefnum. Góð tungumálakunnátta er æskileg og færni í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli er nauðsynleg. Þekking á staðháttum á Akranesi og nágrenni er nauðsynleg. Viðkomandi mun starfa undir stjórn verkefnastjóra Akranesstofu.

Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl 2011. Umsóknir skal senda til Tómasar Guðmundssonar, verkefnastjóra Akranesstofu, Stillholti 16 – 18, sem einnig veitir allar nánari upplýsingar um starfið (tomas.gudmundsson@akranes.is)



# Viltu hjálpa okkur að gera enn betur?

## Sérfræðingur í farsímakerfum

Starfið felur í sér rekstur stjórnstöðva radíókerfa, vinnu við gæðastillingar og þróun og viðhald á tölfræðikerfum (perfomance statistics). Um er að ræða greiningu á virkni, úrvinnslu á tölfræði og mæligögnum, ásamt samskiptum við kjarnabúnað. Unnið er í hópi sérfræðinga í hönnun og bestun radíókerfa.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í tæknifræði eða verkfræði.
- Reynsla af sambærilegu starfi.
- Nákvæmni og skipulagshæfileikar.
- Metnaður og frumkvæði í starfi.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl 2011.**
**Áhugasamir eru beðnir um að sækja um starfið á vodafone.is.**
**Nánari upplýsingar veita Sigurður Ingi Hauksson, deildarstjóri, sigurdurh@vodafone.is og Sonja M. Scott, starfsmannastjóri, sonjas@vodafone.is.**

**Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!**

power to you

Mývatnssveit er einn eftirsóttasti áfangastaður erlendra ferðamanna á Íslandi, allt að 60% erlendra gesta sækja sveitina heim, sem telst með helstu náttúruperlum landsins. Þar starfar

# Mývatnsstofa

sem er hlutafélag og hefur upplýsingagjöf til ferðamanna og viðburðarstjórnun sem meginmarkmið í starfsemi sinni. Auk þess sinnir félagið markaðssetningu Mývatnssveitar og nágrennis í sérverkefnum.

## Félagið auglýsir hér með eftir framkvæmdastjóra í fullt starf.

**Umsækjendur þurfa að uppfylla eftirtalin skilyrði:**
- Hafa menntun sem nýtist í starfi.
- Hafa þekkingu á innviðum ferðaþjónustunnar og jarð- og landafræði Íslands.
- Hafa starfsreynslu og þekkingu á viðskiptum og markaðsmálum.
- Hafa reynslu á sviði viðburðastjórnunnar.

Í Mývatnssveit búa um 400 manns, þar er leiksóli, grunnskóli og tónlistarskóli. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunnar innanhúss sem utan. Flestir íbúar starfa að ferðaþjónustu og landbúnaði auk orkuvinnslu. Stjórn Mývatnsstofu mun liðsinna umsækjanda um hentugt húsnæði gerist þess þörf enda er ætlast til þess að viðkomandi hafi fasta búsetu á svæðinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2011, umsækjandi þarf að hefja störf í síðasta lagi 1 maí nk.**

Umsóknir berist til Stefáns Gunnarssonar, stjórnarformanns á netfangið: stefan@jardbodin.is sem jafnframt veitir nánari upplýsingar sér þess óskað.




# Toyota Kópavogi

**óskar að ráða bifvélavirkja á Hraðþjónustu Toyota**

## Starfssvið

- Almennar bílaviðgerðir

## Hæfniskröfur

- Próf í bifvélavirkjun
- Starfsreynsla æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vinnutími er frá
kl. 8.00 - 17.00 mánudaga til fimmtudaga
og 8.00 - 15.30 föstudaga.

Leitað er að drífandi starfskrafti með þægilegt viðmót og ríka þjónustulund. Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá framsækinu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki.

Áhugasamir sendi umsókn fyrir 04. apríl ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@toyota.is, merkt „Bifvélavirki á Hraðþjónustu“.

Nánari upplýsingar veitir Metta K. Friðriksdóttir á netfanginu metta@toyota.is

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**www.toyotakopavogi.is**

Today Tomorrow Toyota

# STARFATORG.IS

*Laus störf hjá ríkinu*

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Hagfræðingur | Samkeppniseftirlitið | Reykjavík | 201103/088 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Hvolsvelli | Hvolsvöllur | 201103/087 |
| Lögfræðingur | Umhverfisráðuneytið | Reykjavík | 201103/086 |
| Doktorsnemi í öldrunarfræðum | Háskóli Íslands, Landspítali | Reykjavík | 201103/085 |
| Lögfræðingur | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201103/084 |
| Forseti hug- og félagsvísindasviðs | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201103/083 |
| Rannsóknamaður | HÍ, ranns.st.í lyfja- og eiturefnafr. | Reykjavík | 201103/082 |
| Fulltrúi | Tryggingastofnun ríkisins | Reykjavík | 201103/081 |
| Sjúkraliðar, hjúkrunarfræðingar | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Hafnarfjörður | 201103/080 |
| Sérnámsstöður í heimilislækn. | Velferðarráðuneytið | Landið | 201103/079 |
| Verslunarstj., aðst.verslunarstjóri | ÁTVR | Reykjanesbær | 201103/078 |
| Framkvæmdastjóri lækninga | Landspítali, bráðasvið | Reykjavík | 201103/077 |
| Geislafræðingur, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201103/076 |
| Sérfræðilæknar | Landspítali, bráðasvið | Reykjavík | 201103/075 |
| Hjúkrunarfræðingar | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafj., Bol.vík | 201103/074 |
| Aðst.matráðsmaður, sumar | Landgræðsla ríkisins | Gunnarsholt | 201103/073 |
| Sjúkraflutningamaður | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201103/072 |
| Heilsugæslulæknir | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Kópavogur | 201103/010 |
| Heilsugæslulæknir | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Mosfellsbær | 201102/047 |
| Afleysing heilsugæslulæknis | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Seltjarnarnes | 201102/045 |
| Heimilislæknir | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201102/044 |
| Afleysingalæknir | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201102/043 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

# Sérfræðingur í upplýsingatækniteymi



**Alcoa Fjarðaál leitar að öflugum sérfræðingi til að hafa tæknilega umsjón með rekstri og þróun framleiðslukerfa og iðnstýringa. Í upplýsingatækniteymi Fjarðaáls starfar metnaðarfullur hópur sérfræðinga með stöðugar umbætur að leiðarljósi. Iðntölvukerfi Fjarðaáls eru þau stærstu á landinu og verkefnin því fjölbreytt og miklir möguleikar á símenntun og þróun í starfi. Álver Fjarðaáls er staðsett við Reyðarfjörð í fallegu, fjölskylduvænu umhverfi.**

## Ábyrgðarsvið

- Tæknileg umsjón með rekstri og þróun framleiðslukerfa og iðnstýringa.
- Bilanagreining og úrlausn tæknilegra vandamála.
- Stjórnun margvíslegra tæknilegra verkefna.
- Þátttaka í stöðugum úrbótum upplýsingatækniferla.
- Starfið krefst mikillar samvinnu við aðra starfsmenn fyrirtækisins.

## Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á rafmagns-, tölvu- eða vélasviði.
- Þekking og reynsla af rekstri iðntölvukerfa.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta.
- Hæfni til að miðla og þjálfa.
- Lipurð í samskiptum.

**Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.**

**Áhugasamir eru hvattir til að afla frekari upplýsinga hjá Árna Björnssyni í upplýsingatækniteymi Fjarðaáls, í gegnum netfangið arni.bjornsson@alcoa.com eða í síma 470 7700.**

**Skriflegum umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á alcoa.is og er umsóknarfrestur til 11. apríl 2011.**

Hraun 1 · 730 Reyðarfjörður · Sími 470 7700

**Alcoa Fjarðaál**
www.alcoa.is

ALCOA

ÍSLENSKA/SIA.IS/ALC 54319 03/11

# Fulltrúi á skrifstofu forstjóra Tryggingastofnunar

Tryggingastofnun auglýsir eftir fulltrúa á skrifstofu forstjóra. Leitað er að einstaklingi sem er jákvæður, úrræðagóður, mjög skipulagður, sýnir frumkvæði, er fær í mannlegum samskiptum, hefur góða yfirsýn og ríka þjónustulund.

### Starfið felst einkum í:
Til sölu virðulegt 581 fm einbýlishús á stórri skógi vaxinni lóð með skemmtilegri aðkomu miðsvæðis í borginni. Í húsinu eru nú stórar og fallegar stofur, eldhús, 3 baðherbergi, fjölmörg herbergi, íþróttasalur, heitur pottur, gufa, mikið geymslurými, þvottahús o.fl. Húsið stendur á 2.300 fm skógi vaxinni lóð og því fylgir einnig önnur samliggjandi 3.700 fm lóð, einnig skógi vaxin. Hægt væri að skipta húsinu upp í nokkrar íbúðir. Lóðin er einstök með tilliti til staðsetningar og stærðar og býður upp á ýmiskonar tækifæri til uppbyggingar. Hugmyndir að skipulagsbreytingum til að fá byggingarétt á lóðinni hafa fengið jákvæðar undirtektir hjá skipulagsyfirvöldum borgarinnar. Eign sem býður upp á mikla möguleika, t.d. fyrir stórfjölskylduna, fjárfesta, byggingaverktaka, félagasamtök, sendiráð o.fl.

**Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Stakfells.**

Stakfell.is | :: 535_1000

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**Sléttuvegur 23, íbúð 0304 – Eldri borgarar**
**– Opið hús í dag á milli 15 og 17**



Glæsileg. 92,9 fm. 3ja herb. íbúð á 3. hæð að Sléttuvegi 23 í Reykjavík í húsi fyrir eldri borgara. Íbúðin er öll glæsileg og fallega innréttuð. Innréttingar, fataskápar og hurðir eru úr eik. Gólfefni eru flísar og parket. Stórar yfirbyggðar svalir. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu, sameiginlegur veislusalur og sameiginlegur þreksalur. **Steinn sýnir íbúðina í dag, laugardag, á milli 15 og 17. Uppl. í síma 822-8750.**

GARÐATORG
EIGNAMIÐLUN

**GARÐATORGI 7**
**210 GARÐABÆ**
Sími : 545-0800
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is

Þóroddur S. Skaptason löggiltur fasteignasali

**Hraunbær 103 – íbúð 205**

**Opið hús sunnudaginn 27. mars**
**kl. 14:00-15:00**




Björt og skemmtileg 84,8 fm 3ja herbergja íbúð á 2.hæð með góðu innra skipulagi í húsi fyrir eldri borgara. Mikil sameign og þjónusta er í húsinu. Íbúðin snýr í suður og vestur. Yfirbyggðar svalir. Parket og dúkur á gólfum.

**Laus strax við kaupsamning.**

**Verð 28,9 millj.**

## Fasteignir

**Söluturn með mikla möguleika**

Góður söluturn á mjög góðum stað. Allt tekið í gegn nýlega.
6 Spilakassar,DVD leiga og Lotto. Þetta er söluturn sem býður upp á mikla möguleika t.d íssölu en þarna var lengi vel ein besta ísbúðin í bænum. Góðir tekjumöguleikar fyrir samhenta fjölskyldu. Hægt að fá afhent STRAX.



Allar nánari upplýsingar veitir
Kristberg Snjólfsson
s. 892-1931

LANDMARK
FASTEIGNASALA
www.landmark.is - sími: 512 4900 - Bolholti 4

FASTEIGNASALAN BYGGÐ
TRAUST FASTEIGNASALA
Sími: 464 9955

**Til leigu verslunarhúsnæði á Akureyri**



Til leigu gott verslunarhúsnæði í Kaupangi Akureyri.

Um er að ræða 150 fm. húsnæði við hliðina á verslunninni 10-11.

Getur verið laust fljótlega.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft…

## ● TJALDA ÖLLU TIL



Hilda og Jón Finnur taka vel á móti allri fjölskyldunni á Hestadögum í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hestamannafélagið Fákur tekur þátt í Hestadögum í Reykjavík. Hilda Karen Garðarsdóttir og Jón Finnur Hansson hafa haft veg og vanda af skipulaginu. „Félagið verður með glæsileg atriði á sýningunni í Reiðhöllinni í Víðidal á föstudag í næstu viku; töltslaufur og barna- og unglingaatriði þar á meðal," segir Hilda og lofar góðri skemmtun. Félagið tekur sömuleiðis þátt í skrúðreið frá BSÍ í Húsdýragarðinn á laugardag, ásamt hinum hestamannafélögunum á höfuðborgarsvæðinu. „Þar verður öllu tjaldað til þannig að allir ættu að geta haft gaman af, bæði hestamenn og almenningur," segir hún.

## ● SÖLUSÝNING Í REIÐHÖLLINNI



Guðjón Magnússon

Guðjón Magnússon, formaður hestamannafélagsins Harðar, segir Hestadagana bæði hugsaða til þess að auka áhuga á hestamennsku og vekja athygli á landsmóti hestamanna. „Hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu skiptu með sér verkum og í okkar hlut kom 31. mars. Þá ætlum við að vera með sölusýningu í Reiðhöllinni. Síðan er meiningin að fjölmenna í hópreiðina á laugardeginum og taka þátt í hátíðinni í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum."

Spurður hvort menn muni mæta í skrautklæðum, segir Guðjón að félögunum verði raðað í stafrófsröð og fremstu reiðmenn hvers félags verði í félagsbúningum og beri fána síns félags. „Aðrir verða nú bara í sínum reiðjökkum með hjálma."

## ● KYNBÓTAFERÐ Á VESTURLAND



Ingibjörg Guðrún Geirsdóttir

„Við höfum þarna yfirumsjón með þriðjudeginum 29. mars," segir Ingibjörg Guðrún Geirsdóttir formaður Andvara. „Þá verður meðal annars farin kynbótaferð á Vesturland, undir stjórn Sveins Skúlasonar, og Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Miðfossum heimsóttur. Þar verður kennslusýning og kynbótadómar og ræktun útskýrð í meginatriðum," nefnir hún sem dæmi og getur þess að hægt sé að bóka sig í ferðina í allra síðasta lagi í dag, á hestadagar.is. Að auki verða unglingar úr Andvara og Gusti með sameiginlegt atriði í Reiðhöllinni á föstudag. Sama kvöld verður félagið með stutt fullorðinsatriði.

## ● FJÖLBREYTT DAGSKRÁ Í HAFNARFIRÐI



Margrét Friðriksdóttir

Hestamannafélagið Sörli í Hafnarfirði er annað stærsta hestamannafélag landsins og mun setja sinn svip á hestadaga. Margrét Friðriksdóttir, varaformaður Sörla, segir félagið standa fyrir fjölbreyttri dagskrá og verður föstudagurinn 1. apríl undirlagður af Hestahátíð í Hafnarfirði. „Við ætlum að heimsækja leikskóla í Hafnarfirði og leyfa börnunum að kynnast hestunum," segir Margrét. „Við gáfum líka út litabók sem við munum dreifa til elstu barnanna á leikskólunum. Klukkan 16 söfnumst við svo saman á Thorsplani og þaðan verður hópreið í gegnum bæinn að Fjarðarkaupum þar sem efnt verður til léttra hestaleika. Um kvöldið er fjölskyldusýning í Reiðhöllinni í Víðidal og þar verða liðsmenn Sörla með fjögur atriði. Hestaþorpið sem sett verður upp í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum er líka hafnfirskt, en jólaþorpið fer í ferðalag og verður Hestaþorp á hestadögum."

## ● SÓTAMENN SÝNILEGIR



Snorri Finnlaugsson

„Við erum ábyrg fyrir hópferð austur fyrir fjall á mánudaginn, 28. mars, að skoða hrossabúin Syðri-Gegnishóla og Auðsholtshjáleigu. Þau hafa verið valin ræktunarbú ársins tvö síðustu ár," segir Snorri Finnlaugsson, fulltrúi hestamannafélagsins Sóta á Álftanesi, og tekur fram að lagt verði af stað frá BSÍ klukkan 10.

Snorri segir um 150 manns í Sóta og mikla grósku í félaginu. Hinn 1. apríl verður opinn dagur í hesthúsunum á Álftanesi milli klukkan 16 og 18. „Þá tökum við á móti fólki og teymum undir börnum ef þau vilja," segir hann. „Unglingar frá okkur munu svo taka þátt í stórsýningu í Reiðhöllinni í Víðidal þá um kvöldið og þeir verða líka vel sýnilegir í dagskránni á laugardeginum."

## ● LÖGGA, BÓFI OG ALLT



Hermann Vilmundarson

„Við verðum með sýnikennslu 30. mars í reiðhöll Gusts á hinu sjóðheita Glaðheimasvæði, í samstarfi við Félag tamningamanna," segir Hermann Vilmundarson, formaður hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi, inntur eftir því hvað félagið ætli að leggja til dagskrár Hestahátíðarinnar.

„Síðan erum við með atriði í föstudagssýningunni í samstarfi við Andvara og verðum með gæðinga í hátíðasýningunni," heldur hann áfram. „Við tökum líka þátt í dagskránni í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Þar verður öflugt polladæmi, stórfiskaleikur, lögga og bófi og allt. Litlu krakkarnir okkar sýna, sex til átta ára, en þau eru búin að vera að æfa sig síðan í janúar. Það verða allir að koma að sjá þau."





Vestur heimur

ÞJÓÐRÆKNISFÉLAG ÍSLENDINGA ÞFÍ STOFNAÐ 1939

Íslendingadagar í Vesturheimi

Ferð á merkustu hátíðir Íslendinga í Vesturheimi á vegum Þjóðræknisfélags Íslendinga og Vesturheims sf dagana 24. júlí-7. ágúst.

Ferðatilhögun: Flug til Winnipeg sunnudaginn 24. júlí
Skoðunarferð um Nýja Ísland
Nýjung: Skoðunarferð um Íslendingaslóðir í vestanverðu Manitoba – farið um Voga og til Reykjavíkur!!
Minnsta nýlenda Íslendinga í Norður Ameríku heimsótt
Hvað er Baldur í Manitoba?
Íslendingadagur í Mountain í Norður Dakota
Íslendingadagurinn á Gimli í Manitoba
Frjálsir dagar í Winnipeg – Gist í miðbænum á Delta Winnipeg
Ferðalýsing á www.vesturheimur.is



Nánari upplýsingar á www.vesturheimur.is og hjá Jónasi Þór í síma 861-1046 og á jonas@vesturheimur.is

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir



Allur ágóði af mótinu Lífstölti rennur óskiptur til Kvennadeildar Landspítalans.

## Mót til styrktar Kvennadeild

Opna mótið, Lífstölt, verður haldið í Reiðhöll Harðar í Mosfellsbæ á morgun, 27. mars. Mótið er haldið til styrktar Kvennadeild Landspítala en það er Hestamannafélagið Hörður í samstarfi við styrktarfélagið Líf sem heldur mótið.

Allir sem standa að mótinu gefa vinnu sína. Aðgangseyrir er frjáls, utan 500 króna lágmarks, og skráningargjald er einnig frjálst, utan 1.000 króna lágmarks. Ágóði af hvoru tveggja rennur óskiptur til málefnisins.

Keppt er í fjórum flokkum á mótinu: Byrjendur, minna vanar, meira vanar og svo í opnum flokki. Verðlaunin eru peningagjafir sem renna beint til Lífs.

Sigríður Klingenberg opnar mótið, sem hefst klukkan 10, og leiðir skrautreið til heiðurs konum. Þá munu þeir Auðunn Blöndal, Egill „Gillz“, Steindi jr. og Naglbíturinn Vilhelm Anton Jónsson þreyta með sér keppni í því hver ríður í fyrstur í mark með könnu fulla af brjóstamjólk.


Sýningin í Reiðhöllinni á föstudag er afar fjölbreytt.

## Fjölskyldusýning í Víðidal

Blönduð og skemmtileg fjölskyldusýning er á dagskrá í Reiðhöllinni í Víðidal næstkomandi föstudag, 1. apríl. Sex hestamannafélög á höfuðborgarsvæðinu standa að sýningunni en öll hafa þau lagt mikla vinnu í dagskrá Hestadaga í Reykjavík.

Bæði unglingarnir í félögunum sem og fullorðnir félagsmenn taka þátt í sýningunni þannig að ungir sem aldnir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Meðal þess sem sjá má er skrautreið, glæsilegar töltsýningar, skeið auk gleði og söngs. Þá verður og óvæntrar uppákomu að vænta um kvöldið.

Sýningin hefst klukkan 20 og aðgangseyrir er 1.000 krónur en frítt er inn fyrir 13 ára og yngri.

# N1 býður afslátt fyrir hestamenn

„N1 er orðinn einn stærsti styrktaraðili Landssambands og Landsmóts hestamannafélaga. Þetta er hópur sem við viljum ná betur til og sinna vel,“ segir Jón Gunnar Geirdal hjá markaðsdeild N1. Að sögn Jóns Gunnars þurfa hestamenn góða þjónustu, enda sífellt á ferðinni.

„Hestamönnum stendur til boða að fá N1 kortið á sérkjörum og geta um leið valið sitt hestamannafélag til að styðja með hálfri krónu af hverjum seldum lítra af bensíni. Með kortinu færðu afslátt af eldsneyti, smurolíu, verkstæðisvinnu og meira og minna öllu er viðkemur rekstri bíls.“



N1 kortið býðst hestamönnum á sérkjörum.

N1 stöðvar um landið eru orðnir um 120 talsins. Af afsláttarkjörum N1 kortsins fyrir hestamenn má nefna 5 króna afslátt af eldsneyti, 15% afslátt af smurolíu, 15% afslátt af smurþjónustu og 15% afslátt af almennum rekstrarvörum.

Hægt er að greiða fyrir vörur í N1 verslunum og þjónustustöðvum með N1 punktum þar sem hver punktur jafngildir einni krónu.

Þess má geta að handhafar N1 kortsins fá 1.000 króna afslátt af hverjum aðgangsmiða inn á Landsmót hestamanna á þessu ári og því næsta.





runni; hreyfing hefur stór áhrif á andlega

NORDICPHOTOS/GETTY



augar eru vel sóttar af fjölskyldufólki hér-

jafnvel langömmu og -afa er það allra hagur. Það er hins vegar ekki lengur sjálfgefið að ólíkir aldurshópar njóti samvista á Íslandi eins og áður var. Af því er hins vegar mikill ávinningur. Ljóst er að börn ná betri félagslegum, málsfarslegum og tilfinningalegum þroska. Eldra fólk viðheldur þá betur hugarstarfsemi með því að eiga góð samskipti við fjölskylduna.

Sé fjölskyldan ekki vel skipulögð hvað samverustundir varðar er gott að byrja smátt. Hægt er að velja eitt kvöld sem fjölskyldukvöld. Og ekki gleyma að taka elstu kynslóðina með í reikninginn.

*- jma*

**Veit hvað hann vill** Runólfur Bjarki Arnarson, 13 ára, lærir á harmóníku í Tónlistarskólanum í Kópavogi og grípur í þverflautu ef sá gállinn er á honum. Harmóníkuna segir hann hafa orðið ofan á þar sem alltaf hafi verið fullt í flaututímum í skólanum. „Það er í lagi. Þetta er svo gaman, annars væri ég auðvitað ekki að þesu," segir Runólfur. Hann er á fimmta ári í námi og ætlar sér meira. „Þannig get ég náð í þá vitneskju sem þarf, til að geta spilað hvað sem er og nýtt mér í framtíðinni." Er hún ráðin? „Eiginlega, annað hvort er það Listaháskólinn eða eitthvað annað."








**Ætla mér að komast langt** „Ég er búinn að læra á klassískan gítar í fjögur ár en var áður í forskóla í eitt ár og þá með blokkflautu,“ segir Garðar Ingvarsson, 12 ára nemandi við Tónskóla Sigursveins. Hann kveðst mæta í tvo einkatíma á viku og á eina hljómsveitaræfingu innan skólans. „Þetta er mjög skemmtilegt nám,“ segir hann og stefnir á grunnpróf í desember í ár. En hyggst hann leggja tónlistarflutning fyrir sig eða hafa hann sem áhugamál? „Ég læri gítarleik meira mér til skemmtunar en ætla mér samt að komast langt,“ svarar hann einarður.

*- gun*

# Fyrir hrein og tær ungbarnaeyru

Draumkennd og undurblíð tónlist fyrir hvítvoðunga og allt upp í fullorðna spratt fram úr fingrum **Jóseps Gíslasonar** tónskálds og píanókennara þegar nýfætt barnabarn hans hlustaði athugult á bjölluhljóma og píanóundirleik afa síns.

Ég hef ekkert til að skammast mín fyrir og er bara virkilega ánægður með útkomuna,“ segir Jósep hláturmildur þar sem hann situr við píanó með ársgamlan aðdáanda sinn og afabarn við fótskörina, en Jósep gaf nýlega út hljómdiskinn Mánagull með frumsaminni tónlist fyrir ungbörn á aldrinum 0 til 6 mánaða.

„Þegar ég eignaðist barnabarn í fyrra tók ég eftir því að litli maðurinn lagði við hlustir þegar ég spilaði á píanóið ýmis hljóð. Því ákvað ég að búa til fáein barnalög en var fljótlega kominn með þau svo mörg að hugmynd kviknaði að setja þau á disk sem nýttist þá fleirum,“ segir Jósep sem nefnir diskinn Mánagull eftir barnabarninu Tristan Mána. Máni litli er enn sólginn í tónlistina þótt hann sé orðinn eldri en upphaflegi hlustendahópurinn sem Jósep hafði í huga og stillir sér tíðum upp við hljómflutningsgræjurnar í von um meira spilerí.



„Nú heyri ég um fullorðið fólk sem notar tónlistina til slökunar og nuddara sem sefar með henni viðskiptavini sína, svo þetta er orðið margnota tól enda hefur tónlist engin landamæri,“ segir Jósep um lagasmíðarnar sem samanstanda af angurværum, stuttum stefjum sem útsett eru á einfaldan hátt.

„Börn sækjast eftir endurtekningum, eins og þegar þau horfa aftur og aftur á sömu myndirnar, og því nota ég endurtekningar í stefjum laganna, sem nánast verður eins og mantra. Flest laganna eru svæfandi og reyndar eitt svo magnað að Tristan Máni hverfur enn á vit draumanna á fyrstu tónum þess,“ segir Jósep sem prófaði ungbarnatónsmíðarnar á fjölmörgum ungbörnum áður en hann valdi úr þau lög sem fóru á Mánagull, en þess má geta að Hilmar Örn Hilmarsson, tónlistarmaður og allsherjargoði, hljóðblandaði diskinn.

„Tristan Máni er svo geðgott barn að ég fór á stúfana til að spila fyrir fleiri börn og fékk á tilfinninguna að öll börn væru róleg í dag. Á endanum fann ég lítinn ólátabelg sem stoppaði til að hlusta og vildi bara kúra eftir það,“ segir Jósep og hlær við, en honum er gleðiefni að tónlist hans hjálpi til við að koma börnum annarra í ró.

„Lögin eru leikin á bjöllur, fiðlu, píanó, strengi og flautu, en þótt hljóðfærin séu mörg er tónlistin einföld, því ungbörn una sér síður í flóknum tónsmíðum. Þess vegna er spiladósin jafn langlíf og raun ber vitni, því heyrn nýfæddra barna er hrein og opin, og há tíðni bjölluhljóms vekur hjá þeim mikla athygli,“ segir Jósep.



**Barnagæla** Jósep Gíslason er sannkallað barnagull enda listamaður á sviði tónsmíða fyrir börn á öllum aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mánagull fæst í 12 Tónum, Smekkleysu, Kirkjuhúsinu, á gogoyoko.com og von bráðar í völdum barnavöruverslunum. „Margir færa nýfæddum börnum diskinn í sængurgjöf, en það er jafn gott fyrir nýorðna foreldra að geta náð slökun. Ég mæli þó ekki með tónlistinni við vinnuna ef ekki stendur til að sofna,“ segir Jósep og hlær dátt.

*- þlg*


"... að vera alltaf glaður – svona eins og Óli frændi."

„Þegar ég verð stór langar mig að verða svona lagari sem getur lagað alls konar dót og svoleiðis. Svo langar mig að verða blómalæknir svo að öll blómin geti lifað þó að veturinn komi. Best væri samt að vera hjólamaður. Þá getur maður hjólað allan daginn og haft nesti með sér og skoðað fuglana á leiðinni og svoleiðis. Svo langar mig að vera alltaf glaður – svona eins og Óli frændi. Ég held að hann þurfi aldrei að sofa eða borða fisk.“



OKKAR Framtíð • fyrir „efin“ í lífinu og fjárhag fullorðinsáranna •

Er þitt barn okkar barn?

Öll börn og ungmenni eiga sér drauma um framtíðina. Undan sumum þeirra er fótunum kippt fyrirvaralaust vegna slysa eða sjúkdóma í æsku. OKKAR Framtíð er ný trygging fyrir börn og ungmenni sem skipt getur sköpum fyrir fjárhagslegt sjálfstæði þeirra á fullorðinsárum.

okkar

*Það er einfalt að ganga frá OKKAR framtíðartryggingu á* ***okkar.is***

zebra



LD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR
ILMKERTIN OG ILMIRNIR KOMIN AFTUR
KERTI
3 FYRIR 2
ILMIR 1190.-
ILMKERTI FRÁ: 790.-
STÓLAR 39.900.-
PAPASAN STÓLL 19.900.-
FERMINGAR
GJAFIRNAR OG SKRAUTIÐ
GJAFAVARA FRÁ: 490.-
SNYRTIVÖRUR - ÁN PARABEN EFNA FRÁ: 490.-
BORÐSKRAUT FRÁ: 290.-
the PIER
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

## GAGN&GAMAN



**Fjölskylduvæn vefsíða** Það er gefandi og gaman að fræðast um undur alheimsins. Af betri íslenskum vefsíðum er fjalla um fræðslutengt efni fyrir alla fjölskylduna er vefur námsgagnastofnunar, nams.is. Á vefnum eru sérstakar síður ætlaðar nemendum á yngsta og miðstigi grunnskólans og svo nemendum í elstu bekkjum grunnskólans. Má þar nefna sérstök svæði með leikjum og fróðleik um lönd heimsins, neðansjávarheima og tungumál.



**Vorundirbúningur** Vor er í lofti og hjól, hjólaskautar, hjólabretti og fleira skemmtilegt sem kannski hefur ekki litið dagsljósið í marga mánuði verður brátt dregið út úr geymslum. Því er ekki úr vegi að skerpa á öryggisatriðum og fara í göngutúr með barninu um hverfið og hjóla með því stuttar vegalengdir. Sunnudagsbíltúrinn gæti því frekar verið sunnudagshjólreiðatúr, jafnvel á morgun ef veður leyfir.

**Gömlu tímarnir** Það er erfitt að ímynda sér, sem fullorðin manneskja, að börnin manns hafi hvorki heyrt lög eins og Gleðibankann eða Abba-slagara. Það er fátt skemmtilegra en halda á vit fortíðarinnar og halda smá kynningartónleika á tónlist „fyrri tíma“ fyrir yngstu kynslóðina og jafnvel unglingana á heimilinu Kannski uppskerðu aðhlátur, en flestum þykir forvitnilegt að vita við hvaða lög mamma og pabbi dönsuðu á Tunglinu fyrir tuttugu árum.







EXPO · www.expo.is



# SUMARBÚÐIR KFUM OG KFUK

## SKRÁNING HEFST Í DAG 26. MARS KL. 12:00

VINDÁSHLÍÐ ★ VATNASKÓGUR
KALDÁRSEL ★ HÓLAVATN ★ ÖLVER



## GLÆSILEG VORHÁTÍÐ KFUM OG KFUK Í DAG KL. 12:00-16:00



- ★ HOPPUKASTALAR
- ★ KAFFIHÚS
- ★ CANDY FLOSS
- ★ ANDLITSMÁLUN
- ★ HÚLLAHRINGIR
- ★ VELTIBÍLL
- ★ KRAKKAHORN



Skráning hefst í dag
laugardaginn 26. mars 2011 kl. 12:00
að Holtavegi 28, Reykjavík.
Vorhátíð í Sunnuhlíð, Akureyri kl. 14:00
Netskráning hefst á sama tíma á
http://skraning.kfum.is



# Ekta stjarna

**Elísabet Taylor** sýndi stórleik í fjölda kvikmynda en oft var þó meira fjallað um einkalíf hennar en kvikmyndirnar sem hún lék í.

Elísabet Taylor fæddist í Bretlandi árið 1932 en í aðdraganda seinni heimsstyrjaldarinnar flutti fjölskyldan til Kaliforníu. Elísabet og Sara móðir hennar fóru oft í bíó og Sara sannfærðist um að Elísabet væri efni í kvikmyndastjörnu. Eftir brösuglega byrjun, en Elísabet þótti til að mynda ekki hafa nægilega barnslegan sjarma, hreppti hún fyrsta hlutverk sitt níu ára gömul. Hún sló þó fyrst í gegn í kvikmyndinni National Velvet þar sem hún leikur unga stúlku sem dreymir um að verða knapi. Í myndinni birtust vísbendingar um þá leikhæfileika sem Elísabet bjó yfir og þroskuðust er árin liðu. Fyrsta leiksigurinn vann hún fyrir leik sinn í kvikmyndinni A Place in the Sun sem frumsýnd var árið 1951 og við tóku ár Óskarstilnefninga þar til loks styttan var í húsi árið 1960, fyrir kvikmyndina Butterfield 8.

Þegar þarna var komið sögu var Elísabet Taylor orðin ein helsta kvikmyndastjarna Hollywood. Hún var fastagestur á slúðursíðum blaða sem höfðu mikinn áhuga á lífi þessarar gullfallegu stjörnu. Hún sá þeim líka fyrir fréttaefni; Árið 1960 var hún tæplega þrítug í sínu fjórða hjónabandi með söngvaranum Eddie Fischer. Hann var besti vinur Mick Todds, þriðja eiginmanns Elísabetar sem lést í flugslysi 1958. Þar sem Fischer var ennþá giftur ástsælli stjörnu, Debbie Reynolds, þegar samband þeirra hófst vakti það mikla hneykslan. Það var þó ekkert á við fjölmiðlafárið sem samband Elísabetar og fimmta eiginmanns hennar, Richards Burton, vakti. Þau Burton og Taylor kynntust við tökur á myndinni Kleópötru og leið ekki á löngu þar til þau tóku að draga sig saman á tökustað, nærvera Fischers virtist þar hafa lítið að segja. Þau giftu sig 1964, léku í fjölda mynda saman og vöktu mikla athygli fyrir óhóflegt líferni. Þau skildu en giftu sig aftur 1974 en seinna hjónabandið var skammvinnt. Þegar þarna var komið var tekið að fjara undan ferli Elísabetar en hún var áfram í sviðsljósi fjölmiðla. Tvisvar giftist hún eftir að hjónabandinu við Burton lauk. Henni leiddist í hjónabandinu með þingmanninum John Warner, drykkja og misnotkun lyfja fóru úr böndunum og hún endaði í meðferð á Betty Ford-stofnuninni. Nokkrum árum síðar var hún aftur í meðferð og kynntist þá síðasta eiginmanni sínum, Larry Fortensky.

Ekki er hægt að segja að Elísabet hafi verið heilsuhraust. Hún oft lögð inn á sjúkrahús vegna ýmissa kvilla sem hrjáðu hana. Það er því kannski ekki skrítið að helstu stórblöð heimsins áttu minningargrein um hana í handraðanum en það vakti athygli í vikunni að greinin sem birtist um hana í New York Times daginn eftir að hún lést, 23. mars síðastliðinn, var að uppistöðu skrifuð af manni sem dó árið 2005.

*- sbt*

NORDICPHOTOS/GETTY



**ÞÓTTI ÓFRÍÐ** Hér er Elísabet með eldri bróður sínum Howard. Elísabet þótti ekki fríður smákrakki.



**Á UPPLEIÐ** Elísabet færði sig áreynslulaust yfir í fullorðinskvikmyndir, sem mörgum barnastjörnum mistókst.



**ÁTJÁN ÁRA BRÚÐUR** Hótelerfinginn Nicky Hilton var fyrsti eiginmaður Elísabetar. Hjónabandið var skammvinnt enda beitti Hilton hana ofbeldi og drakk illa.



**VIÐ TÖKUR Á KLEÓPÖTRU** Elísabet átti fjögur börn, tvo drengi og tvær stúlkur. Hér fylgist yngri drengurinn, Christopher, með móður sinni á tökustað stórmyndarinnar Kleópötru.



**FEGURSTA KONA HEIMS** Fjólublá augu og fagrir andlitsdrættir urðu til þess að Elísabet var kölluð fegursta kona heims.



**EFTIRLÆTI FJÖLMIÐLA** Richard Burton og Elísabet Taylor léku saman í fjölda kvikmynda meðan þau voru gift.



**BARÁTTUKONA** Taylor var heiðruð fyrir fyrir framlag sitt í baráttunni gegn alnæmi.



**VINIR** Michael Jackson og Elísabet Taylor voru vinir allt til dauðadags Jacksons 2009.



**VAR OFT HÆTT KOMIN** Elísabet Taylor glímdi við ýmis veikindi um ævina, hún fór í nokkrar lífshættulegar aðgerðir en lést vegna hjartabilunar.

## TVENN ÓSKARSVERÐLAUN Á LITRÍKUM FERLI



**1946 Courage of Lassie** Elísabet Taylor vakti fyrst athygli í Lassie Come Home; nokkrum árum síðar lék hún í annarri Lassie-mynd.



**1960 Butterfield 8** Elísabet Taylor hlaut fyrstu Óskarsverðlaun fyrir leik sinn.



**1958 Cat on a Hot Tin Roof** Leikur Elísabetar Taylor og Paul Newman var frábær enda voru þau bæði tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir vikið.



**1963 Kleópatra** Elísabet fékk metlaun fyrir hlutverk sitt í myndinni um egypsku drottninguna.



**1966 Who's Afraid of Virgina Woolf?** Síðari Óskarsverðlaun Taylor fyrir kvikmyndaleik hlaut hún fyrir hlutverk sitt í mynd sem staðist hefur tímans tönn.



**1992 Magga** Eitt smæsta hlutverk Elísabetar Taylor hlýtur að vera þegar hún sagði daddy, eða pabbi, fyrir hönd Möggu, yngstu dóttur Hómers Simpson. Orðið er það eina sem Magga hefur sagt og hlutverkið því eftirminnilegt.

Nikon
At the heart of the image

## Með COOLPIX S2500 tekur þú skemmtilegri myndir

Nett og meðfærileg myndavél með 12.2 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 4x aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og hún fæst í 4 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**Verð 19.995.-**




Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

# I AM YOUR BEST DEAL




## NIKON D3100 Frábær fyrir alla

Frábær stafræn SLR myndavél með 14.2 megapixla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi, háu ljósnæmi (ISO 100-3200) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3"LCD skjá. Allir geta tekið betri myndir með D3100

**Verð 129.995.-**

**KAUPAUKI!**
Innifalið í kaupum á stafrænni SLR myndavél er 2,5klst byrjendanámskeið og Golla taska að verðmæti kr 17.995.-






**www.nikon.is**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**
Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÓDÝRUSTU PIZZURNAR GERIR ÞÚ HEIMA !
PIZZA DEIG 400g 198 KR.
SPELT PIZZA DEIG 400g 259 KR.
PIZZA OSTUR 200g 295 KR.
PIZZU SÓSA 420g 259 KR.
PIZZU SKINKA 125g 129 KR.
BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR 998 kr.kg
EMMESS HVERSDAGSÍS 1 LTR. 259 KR.
BÓNUS NÝBAKAÐAR MJÚKAR KRINGLUR 198 KR.4stk.
KORNBRAUÐ 1 KG.
BÓNUS KORNBRAUÐ 26 SNEIÐAR 198 KR.
FRÁ SUÐUR-AFRÍKU STEINALAUS RAUÐ VÍNBER 595 KR.KG
Smjörvi TILBOÐS ASKJAN 300g KOMIN Í BÓNUS 198 KR.
BÓNUS SALÖT Á BRAUÐIÐ
BÓNUS RÆKJUSALAT & TÚNFISKSALAT 198 KR. 200g
NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ 129 KR.STK
ÚRVALS FLATKÖKUR FRÁ GÆÐABAKSTRI 98 kr. 5stk.
PEPSI & PEPSI MAX 4 FL. x 2 LTR 698 KR.
SÆLGÆTIS BARINN
ENGINN AFSLÁTTUR
BARA LÁGT VERÐ ALLA DAGA
998 KR KG
100g / 100 kr.
COCA COLA KIPPUR 745 KR.
4 flöskur á verði 3ja
2 LTR. X 4 = 8 LTR.
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Íslandslamb úrbeinað og snyrt lambalæri
Pataks-Mangólamb
í álbakka tilbúið í ofninn
Frábært verð:
1998 kr.kg
Mango lamb úrbeinað lambalæri
100%
án MSG
ÍSLANDS LAMB
SPILUM SAMAN
GRÍSA Veisla
FERSKT GRÍSAGÚLLAS
995 KR.KG
FERSKT GRÍSASNITSEL
995 KR.KG
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
795 KR.KG
GRÍSAVEISLA FERSKT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT
Kycklingfilé Chicken fillets
1 kg
EUROSHOPPER FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 KR.KG
ÞÝSK KALKÚNABRINGA
1998 kr.kg
MINNA EN 1% FITA
FRYSTI VARA
FROSIÐ LAMBALÆRI
Í SNEIÐUM 1298 kr.kg
Sérskorið Bónus lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
BÓNUS FERSKT ÓKRYDDAÐ SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI
1359 kr.kg
10% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 998 KR.KG
GRÍSAVEISLU BAJONSKINKA ÚR GRÍSABÓG
898 kr.kg
GRÍSAVEISLU FERSKUR GRÍSABÓGUR
495 kr.kg
Cow&Gate barnamatur
SEX GLÖS Á VERÐI ÞRIGGJA
398
KR. 6 glös.
Suðrænir ávextir 6 glös x 125g
100% KJÖT: LAMB-NAUT-GRÍS
Barilla SPAGHETTI n.5
1Kg
FERSKT BLANDAÐ HAKK 898 KR.kg
BARILLA SPAGHETTI 1 kg. 259 KR.
EUROSHOPPER
KAFFIPÚÐAR 36 STK
REGULAR KAFFI & DARK ROAST
298 KR. PAKKINN
COFFEE PODS REGULAR
COFFEE PODS DARK ROAST
AÐEINS 8,2 KR. KAFFIBOLLINN
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**EINAR BRAGI SIGURÐSSON** rithöfundur (1921-2005) andaðist þennan mánaðardag.

*„Hver sem haldinn er sterkri löngun til að menntast fer líkt að og ræktunarmaður sem færir út jaðar akurlendis síns með ári hverju.“*



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Guðrún Gísladóttir**

síðast til heimilis að Hraunbrún 8,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þann 15. mars sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum innilega auðsýnda vináttu og samúð. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun og hlýhug. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á samúðarkort Hrafnistuheimilanna í síma 585-3000.

**Jóhanna Axelsdóttir**
**Þórhannes Axelsson** — **Aðalheiður Nanna Ólafsdóttir**
**Gísli Rafn Ólafsson** — **Sonja Dögg Dawson Pétursdóttir**
**Þorvarður Tjörvi Ólafsson** — **Anna Margrét Bjarnadóttir**
**Guðrún Edda Þórhannesdóttir** — **Davíð Kristján Pitt**
**Axel Ólafur Þórhannesson** — **Tinna Proppé**
**Sigurður Orri Þórhannesson** — **Sól Hrafnsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn**



†

*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur*

**Kolbeinn Arngrímsson**

framreiðslumeistari, Suðurhlíð 38b,

lést þann 15. mars sl. á deild 11-E á LSH. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Sérstakar þakkir færum við Höllu Skúladóttur lækni, Guðmundi Björnssyni lækni, Karitas heimahlynningu og öllu starfsfólki á deild 11-E fyrir góða umönnun.

**Svanhvít Óladóttir**
**Unnur Þórðardóttir**
**Óli Ragnar Kolbeinsson** — **Kristín Ásta Ólafsdóttir**
**Ísak Kolbeinsson** — **Ásdís Ingvadóttir**
**Sindri Snær Kolbeinsson**
**Daníel Dagur, Svanhvít Eva, Anna Kolbrún, Brynjar Óli**
**Regína Guðrún Arngrímsdóttir** — **Þorgeir Baldursson**
**Ragnheiður K. Arngrímsdóttir** — **Magnús Óskar Ólafsson**
**Arngrímur Arngrímsson** — **Sigrún S. Svavarsdóttir**
**Guðjón Emil Arngrímsson** — **Ekaterina Naryshkina**
**Unnur Arna Sigurðardóttir** — **Karl V. Stefánsson**
**Sigurvin Kristjónsson**
**Franz Baar**



†

*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Gunnar Þ. Lárusson**

áður til heimilis á Brekkustíg 14b,

lést á Líknardeild Landspítalans í Fossvogi 14. mars síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Svavar Baldursson.**



Rúnar Geirmundsson


Sigurður Rúnarsson


Elís Rúnarsson


Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990


**ÞETTA GERÐIST:** 26. MARS 1973

## *Konur starfa á hlutabréfamarkaði*

Konum var í fyrsta skipti leyft að starfa í höfuðstöðvum hlutabréfamarkaðarins í London þennan dag árið 1973. Þá voru tíu konur ráðnar.
Þótt þarna væri stigið stórt skref í kvennabaráttu Bretlands máttu konurnar ekki vinna á gólfinu við sölu hlutabréfa heldur voru þær í öðrum störfum.
Ein þeirra kvenna sem ráðnar voru, Susan Shaw, sagði þessi tímamót þó mikilvæg fyrir konur því nú gætu þær komið sér upp samböndum í fjármálakerfinu.
Þrátt fyrir þennan merka áfanga liðu 28 ár þar til kona var ráðin í eina mikilvægustu stöðuna á hlutabréfamarkaðinum í Bretlandi. Það var árið 2001 þegar Clara Furse varð þar framkvæmdastjóri.






**LEIKLISTARRÁÐUNAUTURINN** „Ég komst að því í Iðnó fyrir löngu að leikhús er frábær vinnustaður og þannig hefur það reynst hvar sem ég hef verið síðan,“ segir Hafliði Arngrímsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HAFLIÐI ARNGRÍMSSON LEIKLISTARRÁÐUNAUTUR: Á SEXTUGSAFMÆLI Í DAG

# Byrjar og endar með bravúr

„Það er ágætt að horfa á þetta sem tvisvar sinnum þrítugsafmæli,“ leggur Hafliði Arngrímsson leiklistarráðunautur til, inntur eftir þeirri tilfinningu að verða sextugur. „Þetta er hluti af lífinu. Talningin stoppar ekki. Maður færist bara nær almætinu sem stjórnar henni. Óskar sér stundum að það hætti að telja en það má ekki því þá er allt búið. Amma mín varð 102 ára þannig að það er langlífi í ættinni.“

Hafliði ólst upp í Odda á Rangárvöllum til tólf ára aldurs. Þar var faðir hans, séra Arngrímur Jónsson, prestur. „Það var gaman að eiga heima í Odda. Staðnum fylgir stór saga og líka álög sem maður varð að athuga hvort virkuðu eða ekki – og aldrei virkuðu þau,“ segir Hafliði grallaralegur og er krafinn nánari skýringa. „Á ákveðnum stað mátti til dæmis ekki grafa. Það var í Gammabrekku. Ef það væri gert átti Oddakirkja að standa í björtu báli. Þetta prófaði ég – með mikinn hjartslátt.“

Leiklistin hefur verið lagskona Hafliða alla hans starfsævi. Upphafið rekur hann til háskólaáranna þegar hann réði sig sem sviðsmann hjá Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnó. Í framhaldinu hélt hann til Vínarborgar að læra leikhúsfræði og leikstjórn og heimkominn stofnaði hann leikhús sem heitir Frú Emilía. Síðasta uppsetning þess var Hundrað ára hús eftir Jón Atla Jónasson sem var leikið fyrir fjórum árum í gömlu hersjúkratjaldi á sandinum í Nauthólsvík. „Ég hefði kannski frekar átt að setja það upp núna í tilefni af afmælinu því það fjallar um ellina og gleymskuna,“ segir Hafliði sposkur. Hann hefur unnið í flestum leiklistarstofnunum landsins, nú í Borgarleikhúsinu sem ráðunautur. „Ég komst að því í Iðnó fyrir löngu að leikhús er frábær vinnustaður og þannig hefur það reynst hvar sem ég hef verið síðan. Þótt misjafnlega gangi er alltaf gaman, það skiptir miklu máli.“

Spurningu um hvort hann ætli að gera eitthvað sérstakt í tilefni afmælisins svarar Hafliði heimspekilega – eftir smá þögn. „Þessi sextíu ár hafa meira og minna snúist um vangaveltur um hvað sé rétt og rangt. Ætli maður haldi því ekki bara áfram og líti bæði aftur og fram þegar maður fer yfir nýjan áratug? Það er ágætt að athuga hvað sé undir gólffjölunum manns. Vonandi er skaðlaust að skoða það.“

Listviðburðir ramma daginn inn því Borgarleikhúsið var með frumsýningu í gærkveldi á ruslóperunni Strýhærða Pétri, með tilheyrandi partíi á eftir. „Afmælið byrjar með bravúr og endar líka því konan mín, Margrét Pálmadóttir, stjórnar kvennakórum og hjá þeim verða vortónleikar í kvöld,“ segir Hafliði. „Svo maður lætur sig bara dreyma um vorið og framtíðina.“

**gun@frettabladid.is**



†

*Elskuleg eiginkona mín, dóttir okkar og tengdadóttir,*

**Anna Björk Magnúsdóttir**

læknir,

sem lést á heimili sínu mánudaginn 21. mars, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni mánudaginn 28. mars kl. 15. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Martin Johansson**
**Sigfríður Hermannsdóttir** — **Magnús Jónsson**
**Ingrid Johansson** — **Roland Johansson.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Þorgerður Árnadóttir Blandon**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni þriðjudaginn 15. mars, verður jarðsungin frá Háteigskirkju mánudaginn 28. mars kl. 13.00.

**Þorbjörg Skarphéðinsdóttir** — **Sigurður Þorgrímsson**
**Haraldur Sigurðsson** — **Guðleif Helgadóttir**
**Arnheiður E. Sigurðardóttir** — **Óskar Sæmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa*

**Sr. Ingimars Ingimarssonar**

fyrrverandi prófasts.

**Ingimar Ingimarsson**
**Þorkell Ingimarsson**
**Björn Ingimarsson**
**Sigurgísli Ingimarsson**
**Hrafnhildur Sigurgísladóttir**
**Hólmfríður Svavarsdóttir**
**Gunnþóra Önundardóttir**
**Sigrún Óskarsdóttir**
**Kristín Guðjónsdóttir**
**Bjarni Óskarsson**
**börn og barnabörn**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og jarðarför okkar ástkæra*

**Sigurbjörns Þorgrímssonar (Bjössa Biogen)**

Sérstakar þakkir til vina Bjössa sem stóðu að minningartónleikum honum til heiðurs.

**Jenný Sigurbjörnsdóttir**
**Atli Már Þorgrímsson**
**Hekla Atladóttir**
**Þorgrímur Baldursson**
**Kristín Björk Einarsdóttir**



*Innilegar þakkir sendum við ykkur öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra*

**Baldvins Einars Skúlasonar.**

Sérstakar þakkir sendum við til heimahjúkrunar Karitasar og deildar 11-E Landspítala.

**Unnur Tessnow**
**Helgi Magnús Baldvinsson**
**Hafdís Erla Baldvinsdóttir**
**Hulda Björg Baldvinsdóttir**
**Bára Mjöll Ágústsdóttir**
**Einar Ragnarsson**
**Jóhannes Kristjánsson**
**afa- og langafabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín*

**Jóhanna Berta Friðbjarnardóttir**

frá Hellissandi,
Sléttuvegi 11, Reykjavík,

lést á Hrafnistu Reykjavík miðvikudaginn 16. mars. Útför hennar fer fram frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 30. mars kl. 13.

**Aðalsteinn Guðmundsson**



*Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Unnur Kjartansdóttir**

Hvassaleiti 18, Reykjavík,

andaðist miðvikudaginn 23. mars á LSH Fossvogi.

**Hreinn V. Ágústsson**
**Björn Á. Ágústsson**
**Einar Ágústsson**
**Kjartan Ágústsson**
**Dóra Jónsdóttir**
**Þuríður Magnúsdóttir**
**Unnur H. Pétursdóttir**
**Þóra S. Ingimundardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

# Nýtt gallerí opnað á Ísafirði

Nýtt gallerí á Ísafirði hefur formlega starfsemi sína á morgun klukkan 14.01. Galleríið heitir Fjör 10 þrep og er til húsa í Listakaupstað, Norðurtangahúsinu, á þriðju hæð. Opnunarsýning gallerís Fjör 10 þrep nefnist Ein stök hús. Þar sýna listamennirnir Marsibil G. Kristjánsdóttir og Jóhannes Frank Jóhannesson verk sín byggð á eyðibýlum á Vestfjörðum. Jóhannes sýnir ljósmyndir en Marsibil teikningar en hvert eyðibýli er tekið frá nákvæmlega sama sjónarhorni. Eyðibýli eru fjölmörg á Vestfjörðum eins og um land allt en á sýningunni Ein stök hús má sjá eyðibýli úr Ísafjarðardjúpi, Dýrafirði og Arnarfirði. Við opnunina verður boðið upp á veitingar að hætti efnisins; rúgbrauð með kæfu og svart kaffi. Eftir það verður sýningin opin á fimmtudögum og föstudögum frá klukkan 15 til 17 og á laugardögum frá klukkan 13 til 15. - fsb



**EINSTÖK HÚS** Marsibil Kristjánsdóttir er annar listamannanna sem eiga verk á sýningunni Ein stök hús.



**BRÆÐINGUR** Blágresið blómgast á Café Haíti í kvöld klukkan 21.

# Bluegrass á Haíti

Hljómsveitirnar Brother Grass og Illgresi leiða saman hesta sína í brjáluðum bluegrass-bræðingi á Café Haíti í kvöld og byrja tónleikarnir kl 21. Báðar hljómsveitirnar segjast koma tiltölulega vel undan vetri og að spilagleðin sé gífurleg.

Munu þær flytja efni bæði saman og hvor í sínu lagi þannig að lofað er Suðurríkjaeyrnakonfekti fram eftir kvöldi.

Væntanlegum tónleikagestum er bent á að mæta tímanlega til að ná sætum því seinast var fullt út úr dyrum. Það kostar 1.500 krónur inn, enginn posi á staðnum.



**HÁSALIR** Kammerkór Hafnarfjarðar og Tríó Agnars Más flytja þekkt þjóðlög í ýmsum búningi.

# Þjóðlög á djössuðum nótum

Kammerkór Hafnarfjarðar og Tríó Agnars Más halda tónleika í Hásölum, Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, á sunnudaginn klukkan 17. Yfirskrift tónleikanna er Arfur þjóðar. Þar verða flutt þjóðlög og fimmundarsöngvar í ýmsum útsetningum með skemmtilegum árangri, enda ekki oft sem klassískur kór og djasstríó taka höndum saman á tónleikum.



**AGNAR MÁR MAGNÚSSON**

Kammerkór Hafnarfjarðar, undir stjórn Helga Bragasonar, mun hefja leikinn á nokkrum þjóðlegum lögum í hefðbundum útsetningum. Þá mun tríóið flytja nokkur lög en þess má geta að Agnar Már Magnússon gaf út diskinn Láð árið 2007 þar sem hann lagði áherslu á þjóðleg stef.

Í lokin munu kórinn og hljómsveitin syngja og leika saman nokkur þjóðlög í útsetningu Agnars Más. Má þar nefna lög á borð við Grafskrift, Blástjarnan, Nú vil ég enn í nafni þín og Einsetumaður einu sinni.

# Keppt í bogfimi

Íslandsmótið í bogfimi fer fram í dag og á morgun í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði. 31 keppandi hefur skráð sig til leiks og hefst mótið klukkan 11 báða dagana.

Fyrri keppnisdaginn skýtur hver keppandi 60 örvum. Á morgun verður svo útsláttarkeppni. Keppendur eru paraðir saman og hver skýtur 12 örvum í hverri lotu uns úrslit eru fengin.



Íslandsmótið í bogfimi fer fram un helgina.

Öllum er velkomið að koma og fylgjast með þessari spennandi og óvenjulegu keppni en aðgangur er ókeypis.

Nánari upplýsingar er að finna á www.bogfimi.net.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma*

**Karla Hildur Karlsdóttir**

Hrísalundi 4g, Akureyri,

lést laugardaginn 19. mars. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Jón Brynjar Gunnhallsson**
**Arngrímur Þór Gunnhallsson**
**Gunnhallur Gunnhallsson**
**Hildur Mary Thorarensen**
**Karl Jónas Thorarensen**
**Þórhildur E. Halldórsdóttir**
**Ása Sigurlaug Harðardóttir**
**Magnús Jón Bragason**
**Mary Jean Guino Malana**
**og ömmubörn**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og vinarhug vegna fráfalls okkar ástkæra*

**Jóns Ásgeirssonar**

*og heiðruðu minningu hans.*

**Steinunn Helga Jónsdóttir**
**Rebekka Dagbjört Jónsdóttir**
**Ásgeir Jónsson**
**Hallgrímur Gunnarsson**
**Björgvin Halldórsson**
**Hrafnhildur H. Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



„Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt,
sem dropi breytir veig heillar skálar.
Þel getur snúist við atorð eitt.
Aðgát skal höfð í nærveru sálar"

*Af hug og hjarta í kærleika þakkar fjölskylda öll innilega fyrir hlýhug, samúð og nærgætni sem okkur var sýnd í veikindum og við andlát vinar okkar, ástkærrar eiginkonu, móður, dóttur, systur, mágkonu og frænku,*

**Nínu Karenar Jónsdóttur**

Háagerði 67, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til Ljóssins, starfsfólks Tryggingastofnunar og Landspítala, ber sérstaklega að nefna fremsta meðal jafningja Elísabetu Örnu Helgadóttur lækni og Björk Unnarsdóttur hjúkrunarfræðing.

**Karl Gunnarsson**
**Anna Lilja og Unnur Karen Karlsdætur**
**Nína Soffía Hannesdóttir og Jón Gunnarsson**
**Gunnar Jónsson**
**Stefanía Ösp Guðmundsdóttir**
**Sigríður B. Árnadóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**


TOPPMYNDIN Í USA!
FRÁBÆR SPENNUMYND MEÐ
BRADLEY COOPER OG ROBERT DE NIRO
UNLOCK YOUR POTENTIAL
CLEAR PILL
EF ÞÚ GÆTIR TEKIÐ INN EINA PILLU...
LIMITLESS
...SEM GERÐI ÞIG RÍKAN OG ÖFLUGAN
BOÐSMIÐI
LIMITLESS
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
KOMIN Í BÍÓ!
LG
SMS LEIKUR
VILTU VINNA MIÐA?
SENDU SMS SKEYTIÐ
EST LIV Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR
TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!
9. HVER VINNUR!
FJÖLDI AUKAVINNINGA
VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

**WWW.WEBTOTS.CO.UK** ef vefsíða fyrir smábörn. Þar geta þau teiknað, málað, púslað og gert margt annað sér til dundurs.




# Þarf ekkert stærðfræðiséní

**Veronika Steinunn Magnúsdóttir, þrettán ára, sigraði í B-flokki kvenna á Íslandsmótinu í skák og er nú komin í A-flokk með þeim bestu. Hún sagði Krakkasíðunni frá áhuganum á skákinni og hvernig best væri að bera sig að til að læra að tefla.**

***Hvenær byrjaðirðu að tefla?*** „Pabbi byrjaði að kenna mér að tefla þegar ég var sex ára og ég byrjaði að keppa á skákmótum þegar ég var átta ára."

***Við hverja teflirðu þegar þú ert að æfa þig?*** „Ég tefli mjög oft við pabba, sem er mjög góð æfing, og svo tefli ég reglulega við krakkana sem eru með mér á skákæfingum í skákskólanum. Svo fer ég líka á alls konar aðrar skákæfingar."

***Nú ertu komin í hóp þeirra bestu í kvennaflokki í skákinni. Stefnirðu hærra?*** „Já, ég stefni hátt og ætla að halda áfram að æfa mig og æfa og ná eins langt og ég get."

***Finnst vinkonum þínum ekkert skrítið að þú sért alltaf að tefla?*** „Sumar eru ekki alveg að fatta þetta og sumar skilja bara ekki skáklistina, en sumar eru bara áhugasamar og tefla meira að segja stundum við mig."

***Hvert eiga krakkar að snúa sér ef þau langar til að læra að tefla?*** „Hjá Skáksambandi Íslands er mjög góð aðstaða fyrir krakka og þau þurfa ekkert að vera búin að læra að tefla þegar þau koma. Það er skipt niður í hópa eftir getu og þú þarft ekkert að vera eitthvað rosalega góður til að koma þangað, það eru byrjendaflokkar fyrir þau sem ekki kunna að tefla, sem er mjög gott. Ég hvet alla til að læra að tefla og sem betur fer hefur áhugi barna á skák vaxið rosalega undanfarin ár."

***Margir halda að maður þurfi að vera rosalega gáfaður til að geta teflt, er það satt?*** „Það eru margir sem fá hátt í stærðfræði sem eru snillingar í skák, en það er ekkert nauðsynlegt að vera stærðfræðiséní til að verða góður að tefla. Þetta byggist náttúrlega á rökhugsun en það geta allir skilið þetta ef þeir bara mæta á æfingar og leggja sig fram."


Veronika lærði að tefla sex ára gömul og fór að keppa tveimur árum seinna.

> Ég byrjaði að keppa á skákmótum þegar ég var átta ára. Ég stefni hátt og ætla að halda áfram að æfa mig og æfa og ná eins langt og ég get.



## BRANDARAKISTAN

**Faðir segir við son sinn: „Ég hef sagt þér milljón sinnum að þú átt ekki að ýkja þegar þú segir frá."**

**Jóna: Af hverju bindur þú fyrir munninn á litla bróður þínum?**
**Gunni: Hann á að fara út í búð til að kaupa sælgæti fyrir mig.**

**Steini: Hundurinn minn kann að tefla!**
**Geir: Hvað segirðu!? Hann hlýtur að vera bráðgáfaður!**
**Steini: Nei, það held ég ekki. Ég vinn oftast.**

**Sigga litla: Veistu hvað er mikið af tannkremi í einni túpu?**
**Mamma hennar: Nei, elskan mín!**
**Sigga: Tvisvar sinnum fram og aftur eftir sófanum.**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***

## VISSIR ÞÚ AÐ

### Justin Bieber…

**átti afmæli** fyrir rúmlega þremur vikum en hann varð 17 ára 1. mars síðastliðinn.

**á mömmu** sem heitir Patricia Malette, kölluð „Pattie" en hún ól hann upp sem einstæð móðir.

**á tvö** samfeðra hálfsystkini.

**er þýskur** að einum fjórða hluta en afi hans var Þjóðverji sem fluttist til Kanada.

**hafði og hefur** mikinn áhuga á íþróttum, svo sem fótbolta og skák.

**er sjálfmenntaður** á ýmis hljóðfæri, svo sem píanó, trommur, gítar og trompet.

**var uppgötvaður** á youtube.com af Scooter Braun sem síðar varð umboðsmaður hans. Því er gjarnan haldið fram að tónlistarmaðurinn Usher hafi uppgötvað Bieber en það er rangt.



## HITT OG ÞETTA

**HESTATEYMING verður á Ingólfstorgi á milli 14 og 15 í dag. Þar gefst krökkum færi á að fara á bak hestum frá hestaleigunni Íslenska hestinum.**

**KJARNASKÓGUR, helsta útivistarsvæði Akureyrarbæjar, býður upp á ýmsa spennandi möguleika til leikja og þar er einnig að finna leiktæki og stíga.**

**LEIKFÉLAG HAFNARFJARÐAR frumsýnir Fúsa froskagleypi eftir Ole Lund Kirkegaard hinn 2. apríl í Gaflaraleikhúsinu.**





ENNEMM / SÍA / NM45924

## FERMINGARGJÖFIN Í ÁR

# GOTT BAKLAND FYRIR UNGA FÓLKIÐ

Fermingarbörn eru flest á viðkvæmu vaxtarskeiði. Bein og vöðvar þroskast hratt og þegar setið er við heimavinnu löngum stundum þarf aðstaðan að vera góð. Hjá okkur færðu úrval skrifborða og skrifborðsstóla sem veita unglingnum góðan stuðning til framtíðar. Kíktu í kaffi & kruðerí í sýningarsal Pennans í Hallarmúla 2 og fáðu aðstoð hjá söluráðgjöfum okkar.

Dealer stóll
18.999 kr.



Skrifborð
14.999 kr.

Ef stóll og borð er keypt saman kostar borðið
9.999 kr.*

5 ára ábyrgð

Penninn
Með þér í vinnunni

*Tilboð gildir til 1. maí eða á meðan birgðir endast.

www.penninn.is | sími 540 2050 | husgogn@penninn.is

Opnunartími kl. 8-18 á virkum dögum og kl. 10-15 laugardaga

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. jarðsprungur, 6. strit, 8. nögl, 9. skammstöfun, 11. 999, 12. andúð, 14. ummælin, 16. fæddi, 17. kvk nafn, 18. slagbrandur, 20. ónefndur, 21. ær.

**LÓÐRÉTT**
1. borg í Portúgal, 3. í röð, 4. talinn, 5. borg, 7. drykkjarílát, 10. kirna, 13. svelg, 15. einn milljarðasti, 16. þrá, 19. utan.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. gjár, 6. at, 8. kló, 9. rek, 11. im, 12. óbeit, 14. orðin, 16. öl, 17. una, 18. slá, 20. nn, 21. kind.

**LÓÐRÉTT:** 1. faró, 3. jk, 4. álitinn, 5. róm, 7. teboll, 10. ker, 13. iðu, 15. nanó, 16. ósk, 19. án.




Myndir og upplýsingar, hibyliogskip.is og s. 821 73002 og 893 3985

**Til sölu**

1/6 hlutur í þessum glæsilega bát, Carver 53 Voyager, árgerð 1999. Stórglæsilegur bátur til að njóta frítíma og sumarleyfis.



**NATO útboð**

**Framkvæmdir, vörur og þjónusta**

**Þriðjudaginn 29. mars, kl. 8.30–10.00 verður haldinn fundur þar sem kynnt verða tækifæri á þátttöku í útboðum á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO). Fundurinn verður haldinn í Borgartúni 35, 6. hæð.**

Farið verður yfir reglur og útboðsferli og gefin hagnýt ráð um hvernig nálgast megi upplýsingar um einstök útboð og komast í samband við ábyrgðaraðila. Þá verður farið sérstaklega í útboð á vegum yfirherstjórnar NATO og veittar leiðbeiningar um tilboðsgerð og mat á tilboðum.

Dagskrá:

8.15 – Morgunkaffi
8.30 – Júlíus Hafstein sendiherra, setur fundinn
8.35 – Dr. Javier Carrasco Pena, yfirmaður útboðsmála í höfuðstöðvum NATO
9.05 – Mr. Danny Hovaere, yfirmaður innkaupa hjá yfirherstjórn NATO
9.35 – Erna Björnsdóttir, verkefnisstjóri hjá Íslandsstofu
9.50 – Fyrirspurnir

Eftir fundinn verða fulltrúar NATO til viðtals um einstök verkefni eða möguleika á samstarfi.

Þeir sem vilja skrá sig á fundinn eða panta viðtalstíma eru vinsamlegast beðnir að gera það sem fyrst í síma **511 4000.**

Nánari upplýsingar veita Erna Björnsdóttir, **erna@islandsstofa.is** og Hermann Ottósson, **hermann@islandsstofa.is.**

SI UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND

Borgartún 35 | 105 Reykjavík islandsstofa.is


# Exótískar matvöruverslanir

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Fólk hefur ýmsar leiðir til að takast á við erfiðleikana sem fylgja því að vera til. Sumir lesa sjálfshjálparbækur á meðan aðrir leggjast á bekk sérfræðinga. Ég gef lítið fyrir það, en sæki stundum huggun í tónlist. Það getur reynst skammgóður vermir því tónlistarmennirnir sem ég hlusta á kunna ekki á að takast á við vandamál hversdagsins án þess að bresta í söng. Hvað er málið, Matt Berninger?

**FLESTIR** þurfa einhvern tíma að flýja raunveruleikann. Sumir nota eiturlyf, en ég sest upp í bílinn minn og keyri í næstu matvöruverslun. Ekki til að birgja mig upp af hnausþykkum rjómaís, sem hefur á undraverðan hátt orðið að vinsælu verkjastillandi lyfi með góðri hjálp frá Hollywood. Nei, sáluhjálpin felst í að *versla* í matinn – ekki borða hann.

**MÉR** líður aldrei betur en þegar ég líð hægt um ganga matvöruverslunarinnar með skröltandi innkaupakerru fyrir framan mig. Það er eins og þá standi mér allir möguleikar opnir. Tóm karfa og einfalt verkefni; að fylla hana alls kyns hlutum í lofttæmdum umbúðum sem eru að fara að sjá til þess að ég haldi lífi næstu daga. Ef ég væri Bubbi og væri að skrifa þennan pistil segði ég að Guð væri í matarkörfunni. En ég er ekki Bubbi. Ég kann ekki einu sinni að spila á gítar.

**AÐ** versla í matinn er að mörgu leyti eins og ólgandi heitt kynlíf, fyrir utan þá staðreynd að samkvæmt 209. grein hegningarlaga er bannað að særa blygðunarkennd manna með lostugu athæfi og því erfitt að ætla sér að versla nakinn. Ég geri það allavega ekki aftur. En fyrir góða verslunarferð, rétt eins og fyrir 12 lotu bardaga í svefnherberginu, þarf maður að vera búinn að undirbúa sig lauslega, en alls ekki of vel. Ekki vill maður að innkaupaferðin verði of hefðbundin.

**TIL** að auka ánægjuna er sniðugt að koma á óvart og raða alls kyns hlutum í körfuna sem maður hefur oft séð, en aldrei smakkað (þú mátt líta á þetta ráð sem gjöf frá mér til þín). Ég vorkenni þeim sem líta á matvöruverslanir aðeins sem staði til að kaupa inn. Þær eru svo miklu meira. Sæluhallir; fullar af losta og exótík.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**LÆRLINGAR ÓSKAST** Rapparinn Ghostface Killah leitar meðal annars að penna og markaðsmanni.

# Ghostface Killah leitar að lærlingum

Rapparinn Ghostface Killah, sem gerði garðinn frægan með röppurunum í Wu-Tang Clan á árum áður, leitar nú að lærlingum til að hjálpa sér í daglegu amstri. Rapparann vantar sérstaklega hjálp við að koma sér á framfæri með hjálp veraldarvefsins og leitar því að penna, markaðsmanni, ljósmyndara, hönnuði og sérfræðingi í samfélagsmiðlum.

Ghostface Killah er einmitt væntanlegur til landsins um næstu helgi og kemur fram á Reykjavík Fashion Festival á Nasa á laugardaginn. Það er því spurning hvort áhugasamir Íslendingar nái í skottið á rapparanum á meðan hann er á landinu og sæki um starfið.

Áhugasömum er bent á að senda Ghostface Killah póst á netfangið ae.theodoreunit@gmail.com. Aðeins fólk sem tekur hreinlæti alvarlega virðist koma til greina, miðað við Twitter-síðu rapparans, en hann lýsti yfir á dögunum að karlmenn ættu að ekki að þvo á sér *hneturnar* rétt áður en þeir þvo á sér andlitið, heldur öfugt.

**- afb**

# Brown missir talsmann sinn

Chris Brown er í vondum málum eftir að hafa misst stjórn á sér eftir viðtal við morgunsjónvarpið Good Morning America. Fjölmiðlafulltrúi hans hefur ákveðið að segja skilið við hann eftir nokkurra ára samstarf, samkvæmt slúðurdálki New York Daily Post. Brown hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir framkomu sína í viðtalinu en þáttastjórnendur spurðu hann út í árás hans á þáverandi unnustu sína, Rihönnu, árið 2009.

Brown hefur beðist afsökunar á viðtalinu og framkomu sinni. „Ég þurfti bara að losa mig við þá reiði sem bjó innra með mér. Mér finnst ég hafa unnið svo mikið í minni tónlist og mér leið eins og einhver væri að reyna að hrifsa hana frá mér,“ sagði Brown í yfirlýsingu sinni. „Ég biðst því afsökunar á framkomu minni.“

Rapparinn hefur verið hálf utangátta eftir árásina á Rihönnu á meðan ferill söngkonunnar hefur blómstrað sem aldrei fyrr. Spekingar vestanhafs spá því þó að væntanleg plata hans, F.A.M.E., eigi eftir að fara á toppinn í Ameríku þegar hún kemur þar út í næstu viku.



**ENGINN FJÖLMIÐLAFULLTRÚI** Fjölmiðlafulltrúi Chris Brown hefur sagt upp störfum eftir að rapparinn missti stjórn á skapi sínu.













# menning

menning@frettabladid.is

**21.30** Styrktartónleikar fyrir Krabbameinsfélag Íslands verða á Sódómu í kvöld. Fram koma Böddi úr Dalton, Morgan Kane, Morning After Youth, Noise, UnderCover, Endless Dark og Finnegan. Allur ágóði rennur óskiptur til Krabbameinsfélagsins. Húsið verður opnað 21.30. Aðgangseyrir kr. 1.500, en kr. 1.000 fyrir þá sem skarta mottu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 26. mars 2011

**→ Tónleikar**

**15.00** Vortónleikar **Vox feminae**, Þar skein sól í heiði, verða haldnir í **Grensáskirkju** í dag kl. 15. Aðgangseyrir kr. 1.500. Miðar seldir við inngang.

**22.00** Hljómsveitin **Gæðablóð** heldur tónleika á **Bar og gallerí 46** í kvöld kl. 22. Leikin verða lög eftir aðra listamenn frá ýmsum löndum. Aðgangseyrir kr. 1.500.

**→ Sýningar**

**14.00** Listakonan **Aðalheiður S. Eysteinsdóttir** opnar sýninguna Þorrablót í **Menningarmiðstöðinni Gerðubergi** í dag kl. 14. Á opnuninni leikur **Friðjón Hallgrímsson** á harmoniku og **Gunnar Þorsteinsson** fer með kvæði.

**→ Myndlist**

**15.00** Myndlistamaðurinn **Ingimar Waage** opnar olíumálverkasýningu í **Gallerí Fold** í dag kl. 15. Sýningin stendur til 10.apríl.

**→ Útivist**

**10.00 Landssamtök hjólreiðamanna** bjóða til hjólreiðaferðar í dag kl. 10.15. Lagt af stað frá **Hlemmi**. Hjólað í 1-2 klst. Allir velkomnir. Þátttaka ókeypis.

### Sunnudagur 27. mars 2011

**→ Tónleikar**

**17.00** Orgeltónleikar **Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur** fara fram í **Hjallakirkju** kl. 17. Helga leikur verk eftir Buxtehude, Mendelssohn, Messiaen og Jón Nordal. Aðagangur er ókeypis.

**→ Sýningarspjall**

**15.00** Myndlistamaðurinn **Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** verður með listamannsspjall á sýningunni **Varanlegt augnablik**. Spjallið verður í **Hafnarborg** kl. 15. Enginn aðgangseyrir.

**→ Dansleikir**

**20.00 Dansleikur Félags eldri borgara** í Reykjavík og nágrenni verður að **Stangarhyl 4** í kvöld frá kl. 20-23. **Danshljómsveitin Klassík** leikur danslög.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**






## Áttu orð? Textasamkeppni Hugvísindasviðs Háskóla Íslands

*Aðalheiður Guðmundsdóttir:*

# Einhleypingurinn

Tilgangurinn með ferð minni var að safna fyrir prófessorinn dæmum um tvítölu, skrá þau niður ítarlega með upplýsingum um viðmælendur, svo sem heimkynni þeirra, aldur og stöðu. Söfnunin yrði að eiga sér stað í dreifbýli, því það var vitað mál að tvítalan lifði þar betur en í borgunum, þar sem hún var um það bil að deyja út.

Þar sem ég sat í þröngum lestarklefanum á leið minni til Ljubljana braut ég mjög heilann um það hvernig ég ætti að standa að söfnuninni. Takmarkið væri jú að ná á blað sem flestum setningum sem fælu í sér hina víkjandi tvítölu, það er að segja orðin við (nf.), okkur (þf. og þgf.) og okkar (ef.) í stað hinna algengari beygingarmynda vér, oss og vor. Samsvarandi orðmyndir í annarri persónu yrðu þá þið, ykkur og ykkar, í stað þér, yður og yðar. Skyndilega flaug mér í hug þetta snilldarráð: Ég skyldi skrifa niður auglýsingu, og fá hana birta í útbreiddasta dagblaði Slóvena! Ég bretti upp ermarnar, setti mig í skriftarstellingarnar og hripaði niður auglýsingu sem hljóðaði svo: „Vel stæður Frakki auglýsir eftir landsbyggðarstúlku með hjónaband í huga. Vinsamlegast skrifið niður og sendið á neðangreint póstfang helstu upplýsingar um yður sjálfa, sem og hugmynd yðar um hjónabandið og samvistir hjóna".

Það þurfti ekki að spyrja að árangrinum. Bréfin hrönnuðust upp og tugir kvenna tjáðu þar væntingar sínar til hjónabandsins, og ýmist skrifuðu þær við myndum eða vér myndum, við svæfum eða vér svæfum, heimili okkar eða heimili vort og svo framvegis. Dásamlegt! Nú þurfti ég ekki annað en að bæta við nokkrum viðtölum við karlmenn, svo að prófessorinn yrði ánægður.

Bréfin voru mörg hver tilfinningaþrungin og sneisafull af draumum um betra líf og bætta þjóðfélagsstöðu. Eitt bréfanna bar þó af, bæði hvað varðaði tvítölunotkun og hugmyndir um sambúð karls og konu. Þessu bréfi svaraði ég, og með þeim hætti tókst mér að ná kynnum við verðandi eiginkonu mína. Ég sneri því til baka, og býsna lukkulegur með áranguninn. Einhleypingurinn fyrrverandi hugsar nú í tvítölu.

**ÁTTU ORÐ?** Fréttablaðið birtir þrjá texta sem urðu hlutskarpastir í Áttu orð? – textasamkeppni Hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Tilkynnt var um úrslitin 19. mars. Hugvísindasvið efndi til keppninnar í tilefni af aldarafmæli Háskólans og var nemendum, kennurum og öðru starfsfólki skólans boðið að taka þátt. Hátt í 200 textar voru sendir inn. Þriggja manna dómnefnd, skipuð lektor í ritlist og tveimur rithöfundum, valdi úr þeim 25 texta sem voru til sýnis í Kringlunni 11. til 19. mars. Gestir Kringlunnar gátu látið skoðun sína í ljós og hafði dómnefnd atkvæði þeirra til hliðsjónar þegar hún valdi þá þrjá texta sem þóttu skara fram úr.



**1. SÆTI: Aðalheiður Guðmundsdóttir, aðjúnkt í þjóðfræði á Félagsvísindasviði.** Aðalheiður átti tvo af þeim 25 textum sem sýndir voru í Kringlunni. Báðir voru þeir í hópi 20 smásagna sem hún skrifaði nýlega en stytti fyrir keppnina. Hún segir skáldskapinn góða leið til að ljá fræðunum nýtt líf en í Einhleypingnum styðst hún við gamla munnmælasögu um hvernig franskur málfræðingur stóð að söfnun málfræðidæma. Í sigurlaun fékk Aðalheiður bókapakka frá Opnu.




Bændur flugust á

Í tilefni þess að Ísland verður heiðursgestur á Bókasýningunni í Frankfurt í haust hafa Bergur Ebbi Benediktsson, Ugla Egilsdóttir og Dóri DNA sett saman skemmtilega sýningu sem byggir á Íslendingasögunum. Sýningin heitir Bændur flugust á og er í léttum dúr þar sem sögurnar eru skoðaðar frá óvæntum og skemmtilegum sjónarhornum.

**Með stuðningi Landsbankans fer þessi sýning víða um land**

**28/3** Brúarásskóla við Egilsstaði, kl. 10
Menntaskólanum á Egilsstöðum, kl. 15
**29/3** Menntaskólanum á Akureyri, kl. 9
Framhaldsskólanum Húsavík, kl. 14
**30/3** Framhaldsskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, kl. 11
**31/3** Fjölbrautaskóli Suðurlands, kl. 9:45
**1/4** Fjölbrautaskóla Suðurnesja, kl. 11:10
**2/4** Njálusetrinu á Hvolsvelli, kl. 15
**6/4** Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi, kl. 12:10

SÖGUEYJAN ÍSLAND
BÓKASÝNINGIN Í FRANKFURT
HEIÐURSGESTUR 2011





**Þorrablót**

**Verið velkomin á opnun sýningarinnar í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi**
**Laugardaginn 26. mars kl. 14**

**Aðalheiður S. Eysteinsdóttir** fangar þorrablótsstemningu fyrr og nú með skúlptúrum og lágmyndum. Við opnun leikur Friðjón Hallgrímsson á harmoniku og Gunnar Þorsteinsson fer með kvæði.

**Listsmiðja**
**Sunnudaginn 27. mars kl. 14-16**
Aðalheiður býður börnum og aðstandendum þeirra að skapa listaverk í anda sýningarinnar Þorrablót. **Allir velkomnir!**

Ókeypis aðgangur!

Menningarmiðstöðin Gerðuberg | Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | gerduberg@reykjavik.is | www.gerduberg.is

# Skírskotun í heilunarmátt náttúru

„Þetta er skírskotun í heilunarmátt íslenskrar náttúru,“ segir myndlistarmaðurinn Tolli um sýningu sína Græðandi kraft, sem verður opnuð í galleríinu Listamenn við Skúlagötu í dag. Þar verða sýndar níu myndir sem eiga það sameiginlegt að túlka þennan kraft.

„Ég nota mjög jarðbundna liti,“ segir Tolli, „ég hef oft keyrt meira á sterkum litum en vildi halda mig meira á jörðinni í þetta sinn.“ Hugmyndin þar að baki er að náttúran sé eins og æðri máttur og leiki stórt hlutverk í lífi lands og þjóðar. Fólk eigi að horfa til þess og nýta sér á jákvæðan hátt.


TOLLI

„Við getum lært það af samskiptum við náttúruna að það er bara ein leið að lifa, það er meðalvegurinn. Náttúran hefur sín efnislegu mörk en græðgin sem knýr okkur áfram er takmarkalaus. Það er hins vegar engin leið fyrir okkur að komast af nema að finna þetta jafnvægi, ekki bara í umgengni okkar við náttúruna heldur líka innra með okkur. Þetta er auðvitað gömul saga og ný. Hvort þetta skili sér í verkunum er síðan annað mál en þetta er að minnsta kosti framlag mitt til umræðunnar.“

Sýningin verður opnuð klukkan 16 í dag og stendur til 17. apríl. Fyrstu hundrað gestirnir fá að gjöf disk með möntru eftir Dalai Lama sem veitir þeim sem fer með hana hugrekki, eldmóð og staðfestu. Tolli ætlar líka að gefa alþingismönnum eintak af möntrunni.

„Þetta er auðvitað táknræn gjöf en málið er að þetta virkar líka. Okkur veitir ekki síst af þori til að fyrirgefa í þessu samfélagi, því þá fyrst getum við farið að byggja aftur upp.“ - bs




**HELGA BRYNDÍS MAGNÚSDÓTTIR** Leikur ásamt Aladár Rácz verk eftir Ravel sem hefur aðeins einu sinni áður verið flutt á tvo flygla hér álandi.

## Flyglar fljúgast á í Salnum

**Boðið verður upp á tveggja flygla Tíbrár-tónleika í Salnum í Kópavogi á morgun. Þá setjast við slaghörpurnar Helga Bryndís Magnúsdóttir og Aladár Rácz og flytja verkin Tilbrigði við stef eftir Haydn eftir Johannes Brahms, Rondo eftir Frederic Chopin, Sónata fyrir tvö píanó í D-dúr eftir Mozart og La Valse eftir Maurice Ravel.**

**Tónsmíðar fyrir tvö píanó tíðkuðust hjá tónskáldum nítjándu aldar og við upphaf þeirrar tuttugustu. Þannig gafst tækifæri til að leyfa samtímamönnum tónskáldanna til að hlusta á stærri og viðameiri verk þar sem ekki var á færi allra hljómsveita að leika þau.**

**La Valse eftir Ravel hefur aðeins einu sinni áður verið flutt á Íslandi leikið á tvo flygla. Hér er því um fágætt tækifæri fyrir píanóunnendur að ræða.**

**Tónleikarnir hefjast klukkan 20.**

## Blásið í lúðra

**Lúðrasveit Reykjavíkur og Lúðrasveit Þorlákshafnar leiða saman lúðra sína og sameinast í rúmlega 80 manna stórblásarasveit um og eftir helgina. Saman munu þær halda tvenna tónleika, í Langholtskirkju á sunnudag klukkan 17 og í Íþróttamiðstöð Þorlákshafnar á mánudag klukkan 20.**

**Á efnisskránni eru verk eftir þekktustu tónskáld blásarasveitatónlistar síðustu ára, þá Frank Erickson, Clare Grundman, Alfred Reed, Jan Van der Roost, Gioacchino Rossini og Gustav Holst. Verkin á efnisskránni eru: Overture Jubiloso eftir Frank Erickson, Hebrides Suite eftir Clare Grundman og La Danza eftir Gioacchino Rossini.**

**Stjórnendur á tónleikunum eru Robert A. Darling og Lárus Halldór Grímsson.**


GILDI lífeyrissjóður

Starfsemi á árinu 2010

(Allar fjárhæðir í milljónum króna)

| Efnahagsreikningur: | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 74.934 | 79.975 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 135.603 | 120.167 |
| Veðskuldabréf | 15.394 | 14.407 |
| Bankainnstæður | 18.029 | 17.937 |
| Kröfur | 2.626 | 1.853 |
| Fasteign, rekstrarfjármunir og aðrar eignir | 268 | 232 |
| Skuldir | - 5.811 | - 7.265 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **241.043** | **227.306** |

| Breytingar á hreinni eign: | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 11.226 | 10.840 |
| Lífeyrir | - 7.785 | - 7.884 |
| Framlag ríkisins vegna örorku | 969 | 965 |
| Fjárfestingartekjur | 9.754 | 14.821 |
| Fjárfestingargjöld | - 162 | - 146 |
| Rekstrarkostnaður | - 303 | - 272 |
| Aðrar tekjur | 38 | 40 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 13.737 | 18.364 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 227.306 | 208.942 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **241.043** | **227.306** |

| Kennitölur: | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Hrein nafnávöxtun | 4,0% | 6,8% |
| Raunávöxtun | 1,5% | -1,5% |
| Hrein raunávöxtun | 1,4% | - 1,7% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | -3,9% | - 1,0% |
| Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal) | 2,2% | 2,0% |
| Eign umfram heildarskuldbindingar (%) | - 8,1% | -11,6% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 25.175 | 25.521 |
| Fjöldi sjóðfélaga með réttindi | 181.127 | 177.791 |
| Fjöldi launagreiðenda | 3.955 | 4.033 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 14.919 | 14.552 |

Afkoma

Hrein nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2010 var 4,0% sem jafngildir 1,4% hreinni raunávöxtun. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var 19,9% og erlendra hlutabréfa -3,3% í íslenskum krónum. Raunávöxtun skuldabréfa var 3,6%.

Eignir sjóðsins skiptast þannig: Innlend ríkistryggð skuldabréf eru 47,4%, veðskuldabréf 6,4%, önnur skuldabréf 9,2%, innlend hlutabréf 2,7%, erlend verðbréf 27,1% og bankainnstæður 7,2%.

Séreign

Hrein eign séreignardeildar í árslok 2010 var 2.557 milljónir króna og hækkaði um 97 milljónir króna frá fyrra ári. Raunávöxtun séreignardeildar sjóðsins var þannig: Framtíðarsýn I 5,6% (nafnávöxtun 8,4%), Framtíðarsýn II 6,9% (nafnávöxtun 9,7%) og Framtíðarsýn III sem er verðtryggður innlánsreikningur bar að meðaltali 4,2% raunvexti á árinu 2010. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild námu samtals 288 milljónum króna á árinu.

Ársfundur 2011

Ársfundur sjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl n.k. kl. 17.00 á Grand Hótel, Reykjavík. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.

Stjórn sjóðsins:

Sigurður Bessason, formaður
Friðrik J. Arngrímsson
Heiðrún Jónsdóttir
Sigurrós Kristinsdóttir
Vilhjálmur Egilsson, varaformaður
Guðmundur Ragnarsson
Hermann Magnús Sigríðarson
Sveinn Hannesson

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson

GILDI
Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is



Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Opnir málfundir...
...um vísinda- og nýsköpunarkerfið

Miðvikudaginn 30. mars kl. 15-17 í Náttúrufræðistofnun Íslands



Vísinda- og tækniráð efnir til opinnar og gagnrýninnar umræðu um vísinda- og nýsköpunarkerfið á fjórum opnum fundum í febrúar-apríl 2011 undir yfirskriftinni; „Með gæði og ávinning að leiðarljósi.“

Miðvikudaginn 30. mars kl. 15-17
í Náttúrufræðistofnun Íslands, Urriðaholtsstræti, Garðabæ

**Slá menntakerfið, háskólar og rannsóknastofnanir taktinn með atvinnulífinu?**

Inngangserindi
Eiríkur Hilmarsson, framkvæmdastjóri Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.
Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika.
Auður Þórhallsdóttir, fræðslustjóri Samskipa.
Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka Iðnaðarins.
Fundarstjóri: Þorsteinn Ingi Sigfússon, formaður tækninefndar Vísinda- og tækniráðs.

- Næsti málfundur
*Þekkingaryfirfærsla - stíflur eða opnar gáttir?*
*Miðvikudaginn 27. apríl kl. 15-17.*

Vísinda- og tækniráð
www.vt.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


# Á uppboði fyrir Japan

**Söngkonan Gwen Stefani úr No Doubt ætlar að bjóða sjálfa sig upp í von um að safna peningum handa fórnarlömbum hamfaranna í Japan. Hæstbjóðandinn fær að hitta Stefani í eigin persónu og vera með henni á fjáröflunarsamkomu í Los Angeles. Stefani hefur þegar gefið eina milljón dala, eða yfir eitt hundrað milljónir króna, til samtakanna Save the Children sem aðstoða börn sem hafa orðið illa úti vegna hamfaranna. „Japan hefur veitt mér innblástur í mörg ár og ég ber mikla virðingu fyrir Japönum og menningu þeirra,“ sagði Stefani.**



**GWEN STEFANI** Söngkonan býður sjálfa sig upp vegna hamfaranna í Japan.

# DJARFUR SIRKUS

**Listahópurinn Sirkus Íslands setur upp sýningu á skemmtistaðnum Bakkus í apríl næstkomandi. Sýningin er skemmtileg blanda af kabarettgjörningi og burlesque-dansi.**

Sjónvarpskonan Margrét Erla Maack er meðlimur í Sirkusi Íslands og segir hún tilefni sýningarinnar vera komu bandaríska burlesque-dansarans Freyu West til landsins. Freya mun koma fram ásamt Sirkusi Íslands og að sögn Margrétar Erlu standa nú yfir strangar æfingar þar sem hvert atriði er fínpússað. „Það mætti lýsa þessu sem sirkus fyrir fullorðna. Þarna verða atriði sem ekki hæfa börnum og eru jafnvel ekki allra, fólk þarf að mæta með opinn huga,“ segir hún og bætir við að sýningar sem þessar hafi verið að slá í gegn bæði í Bandaríkjunum og á meginlandi Evrópu.

Þeir sem þátt taka í sýningunni eru allir mikið hæfileikafólk og gengur sýningin því ekki aðeins út á að sýna bert hold og segja dónalega brandara. „Þetta er „hæfileika-show“. Þetta er allt fólk með ólíkan bakgrunn og við erum meðal annars með menntaðan trúð frá Danmörku á okkar snærum,“ segir Margrét Erla, sem líkir sýningunni helst við gjörningakvöld í anda þeirra sem Leikhús listamanna setur upp.

Spurð hvort hún hlakki til sýningarinnar svarar Margrét Erla því játandi. „Það er sagt að börn séu erfiðustu áhorfendurnir en þau eru einnig þeir bestu því þau eru svo einlæg. Ég held að Íslendingar með bjór við hönd verði engu verri áhorfendur, jafnvel skemmtilegri,“ segir hún og hlær.

Sýningin fer fram þann 9. apríl klukkan 22.30 og er aðgangseyrir 1.500 krónur. - sm



**BURLESQUE** Margrét Erla Maack og Sirkus Íslands munu setja upp skemmtilegan sirkus fyrir fullorðna hinn 9. apríl.



**MARGRÉT ERLA MAACK**

# Hræddur við að verða faðir



**FÖÐURHLUTVERKIÐ** Robbie Williams viðurkennir að hann sé byrjaður að hugsa um að fjölga sér og er hræddur við ábyrgðina sem því fylgir.

Breski söngvarinn Robbie Williams lét hafa það eftir sér í viðtali við þýskan sjónvarpsþátt að hann væri skíthræddur við ábyrgðina sem fylgdi því að vera faðir. Eiginkona hans, Ayda Fields, er víst byrjuð að huga að barneignum en Williams heldur því fram að ábyrðin sem fylgir föðurhlutverkinu eigi eftir að gera honum gott þótt honum finnist tilhugsunin ógnvekjandi. „Ég verð góður faðir þegar þar að kemur vegna þess að ég verð,“ viðurkenndi Williams og bætti við að hann hefði gott af því að hugsa um einhvern annan en sjálfan sig.




KOMDU MEÐ HUNDINN, BAÐAÐU OG BLÁSTU HANN FRÍTT

HUNDA-NUDDARI BÝÐUR UPP Á ÓKEYPIS NUDD

ÓKEYPIS TEIKNING
Jóhanna Geirdal teiknar myndir af hundum

DEKURDAGUR
FYRIR HUNDA Á SNYRTISTOFUNNI MIÐHRAUNI 2
Í DAG FRÁ KL 12-17

Á MIÐHRAUNI LAUGARDAG OG SUNNUDAG
25%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HUNDAMAT OG KATTAMAT!

FRÍTT!
NAGLA-KLIPPING OG RÁÐGJÖF



HAFNARFJÖRÐUR IKEA DÝRARÍKIÐ REYKJAVÍK
SNYRTISTOFAN
DÝRARÍKIÐ ...fyrir dýravini!
Dýraríkið Miðhrauni 2 Opið 12-18 Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins Sími 568 66 68

# Piven orðaður við hlutverk Sheens

Leikarinn Jeremy Piven hefur bæst í hóp þeirra sem eru orðaðir við hlutverk Charlie Sheen í þáttunum Two and a Half Men. Piven er þekktastur fyrir hlutverk sitt í þáttunum Entourage þar sem hann leikur umboðsmanninn ósvífna Ara Gold.

Mikil óvissa ríkir um framtíð Two and a Half Men eftir að Charlie Sheen var rekinn úr aðalhlutverki þáttanna. Sjónvarpsstöðin CBS er undir mikilli pressu að leysa úr flækjunni og annað hvort halda áfram framleiðslu þáttanna með nýjum aðalleikara eða hreinlega hætta framleiðslunni. Hafa leikararnir Rob Lowe og John Stamos einnig verið orðaðir við hlutverk Charlie Sheen.

„Jeremy er frábær leikari og afar vinsæll,“ er haft eftir heimildarmanni úr herbúðum CBS í fjölmiðlum vestanhafs. „Nafn hans hefur komið upp í umræðum um framtíð þáttanna. Ef einhver getur fyllt skarð Charlie þá er það hann.“

Þessi ummæli komu fjölmiðlafulltrúa Jeremy Piven á óvart, enda hefur enginn frá CBS haft samband við hann um hugsanlegt hlutverk í þáttunum, samkvæmt yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í vikunni.



**NÝR CHARLIE?** Jeremy Piven leikur umboðsmanninn Ara Gold í þáttunum Entourage og er nú orðaður við hlutverk Charlie Sheen í Two and a Half Men.

# Stjörnustríð sýnt í þrívídd

Allar sex Star Wars myndirnar verða sýndar í þrívídd í kvikmyndahúsum næstu sex árin í réttri röð. Þetta eru góð tíðindi fyrir hina fjölmörgu aðdáendur Stjörnustríðsins.

Byrjað verður á Star Wars I: The Phantom Menace og verður hún frumsýnd á Íslandi 10. febrúar 2012. Tæplega 65 þúsund manns sáu hana eftir að hún var frumsýnd á Íslandi 1999 og er hún á meðal vinsælustu mynda sem hafa verið sýndar hérlendis. Hún náði inn tæpum fjörutíu milljónum króna í aðgangstekjur. Star Wars II: Attack of the Clones verður næst sýnd árið 2013.



**STJÖRNUSTRÍÐ** Allar sex Star Wars myndirnar verða sýndar í þrívídd næstu sex árin.



**MÆTIR Á AIRWAVES** Bandaríska hljómsveitin Beach House spilar á Airwaves-hátíðinni í haust.

# Beach House á Airwaves

**Bandarísku draumpoppararnir í Beach House spila á Airwaves-hátíðinni í haust. Platan þeirra Teen Dream var af mörgum talin ein besta plata síðasta árs. Enska stuðsveitin Totally Enormous Extinct Dinosaurs mætir einnig á hátíðina ásamt norsku pönkrokkurunum í Honningbarna og Matthew Hemerlein frá Washington DC. Popparinn Friðrik Dór, Kira Kira, Retro Stefson og Valdimar hafa einnig bæst í hópinn. Forvitnilegt verður að sjá Friðrik Dór, sem hefur náð miklum vinsældum fyrir íslenska R&B-tónlist sína, spreyta sig á Airwaves-hátíðinni.**

# Arnold fer í sjónvarpið

**Fyrsta hlutverk Arnolds Schwarzenegger eftir að hann hætti sem ríkisstjóri Kaliforníu verður í nýjum sjónvarpsþáttum. Mikil leynd hvílir yfir þáttunum og hefur þeim eingöngu verið lýst sem alþjóðlegum. Þeir verða kynntir til sögunnar á blaðamannafundi í Cannes 4. apríl.**

**Schwarzenegger er einnig í viðræðum um að leika í framhaldi hasarmyndarinnar True Lies. Kraftakarlinn lagði leiklistina á hilluna þegar hann gerðist ríkisstjóri árið 2003 en fór þó með lítil hlutverk í myndunum The Expendables og Around the World in 80 Days.**



**GEFA ÚT DAGBLAÐ** Thom Yorke og félagar í Radiohead ætla að gefa út ókeypis blað.

# Frítt blað frá Radiohead

**Enska hljómsveitin Radiohead ætlar að gefa út ókeypis blað, The Universal Sigh, um allan heim síðar í þessum mánuði. Tilefnið er útgáfa plötunnar The King of Limbs á geisladiski og á vínyl 28. mars. Á vefsíðunni Theuniversalsigh.com er listi yfir löndin þar sem blaðið kemur út og er Ísland þar á meðal. 9. maí kemur síðan út sérstök útgáfa af nýju plötunni í blaðaformi. Blaðið sem kemur út 28. mars fylgir ekki með þeirri útgáfu. The King of Limbs, sem er áttunda hljóðversplata Radiohead, kom út stafrænt í febrúar.**




# Eina stelpan í keppninni fyndnasti Verzlingurinn

**Margréti Björnsdóttur, fyndnasta Verzlingnum, fannst vanta fleiri stelpur í keppnina, sem fór fram í vikunni. Hún bjóst ekki við að fólk myndi hlæja að uppistandinu sem tryggði henni sigur.**



**FYNDNUST Í VERZLÓ** Margrét var á gráu svæði í uppistandinu sem tryggði henni sigur í keppninni fyndnasti Verzlingurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Ég er mikill grínari en þetta er í fyrsta skipti sem ég flyt uppistand,“ segir Margrét Björnsdóttir, nemandi í Verzlunarskóla Íslands.

Margrét kom, sá og sigraði í keppninni Fyndnasti Verzlingurinn síðasta fimmtudagskvöld. Í dómnefnd sátu Ari Eldjárn, Dóri DNA og Bergur Ebbi úr grínhópnum Mið-Íslandi og Ugla Egilsdóttir úr Uppistöðufélaginu. Margrét var jafnframt eina stelpan sem tók þátt og segir að keppnin hafi verið hörð. „Mér fannst svolítið leiðinlegt að vera eina stelpan, ég hefði viljað sjá fleiri,“ segir hún. „En mér fannst ég ekki geta bakkað úr þessu. Ég varð að vera fulltrúi kvenfólksins.“

Margrét er formaður grínklúbbsins 12:00 í Verzló, en hún bjóst ekki við að vinna. „Ég var búin að ákveða að enginn myndi hlæja. Svo hlógu allir og skemmtu sér mjög vel,“ segir hún sátt. Spurð um umfjöllunarefni uppistandsins segist Margrét hafa verið á afar gráu svæði. „Ég byrjaði á að tala um reynslusögur,“ segir hún. „Ég hef lent í að pissa í mig úr hlátri og talaði aðeins um það. Svo talaði ég um prump og þá sérstaklega um stelpur sem prumpa.“

Hún tekur fram að húmorinn sé einfaldur, en settur fram á skemmtilegan hátt. Þetta kom henni í gegnum fyrstu umferð, en í úrslitaumferðinni fór hún ennþá lengra út á gráa svæðið. „Þá var ég með uppistand um píkuprump. Fólk tók vel í hvað ég var óviðeigandi.“ Margrét segir það hafa verið heiður að vinna keppnina, sérstaklega þar sem hún hefur mikið álit á dómurunum. Hún tekur þó fram að þá Ara Eldjárn og félaga í Mið-Íslandi vanti kvenmann í hópinn. „Þannig að þeir vita af mér,“ segir Margrét. „Þeir geta haft samband. Ég er einmitt að leita að skemmtilegu sumarstarfi.“

atlifannar@frettabladid.is





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 3 - 8 - 10:20 | VIP |
| UNKNOWN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| HALL PASS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 8 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 5:20 | VIP |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:40 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 10:20 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 2 - 3:50 | L |
| YOGI BEAR M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | L |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 5:50 - 8 | 10 |
| UNKNOWN | kl. 10:10 | 12 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 2 | L |
| JÓGI BJÖRN | kl. 4 - 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| UNKNOWN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ADJUSTMENT BUREU | kl. 8 - 10.30 | 10 |
| MARS NEEDS MOMS-3D M/ ísl. Tali | kl. 1.30 - 3.30 | L |
| BATTLE: LOS ANGELES | kl. 5.30 - 10.30 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 1.30 - 3.30 | L |
| JUSTIN BIEBER textalaus | kl. 5.30 | L |
| JÓGI BJÖRN-3D M/ ísl. Tali | kl. 1.30 - 3.30 | L |
| TANGLED-3D M/ ísl. Tali | kl. 1.30 - 3.30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CARMEN-3D Ópera Númeruð sæti | kl. 5 | L |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 6 - 8:20 - 10:30 | 10 |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 8:20 - 10:40 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 (sunnud. kl. 2 - 4 - 6:20 | L |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | L |
| YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali | sunnud. kl. 2 - 4 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 1:20 -3:30 | L |

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU




SMÁRABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| LIMITLESS SÝND Í LÚXUS | KL. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 1 (750 kr) - 5.40 - 8 - 10.25 | 12 |
| SEASON OF THE WITCH | KL. 10.15 | 14 |
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 1 (750 kr) - 3.20 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 3.30 | L |
| JUST GO WITH IT | KL. 1 (750 kr) - 3 - 5.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 3.20 (750 kr) | L |
| LOVE AND OTHER DRUGS | KL. 8 – 10.30 | 7 |
| BIUTIFUL | KL. 3 (750 kr) - 6 - 9 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| BLACK SWAN | KL. 3 (750 kr) - 5.30 | 16 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| LIMITLESS | KL. 8 - 10 | 14 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 8 - 10 | 12 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 2 (600 kr) - 4 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 2 (600 kr) | L |
| BLACK SWAN | KL. 6 | 16 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 4 | L |
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 5.50 | 12 |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is AUKAKRÓNUR 5%
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| NO STRINGS ATTACHED | 5.50, 8 og 10.10 |
| RANGO - ENS TAL | 1.50(700 kr), 8 og 10.10 |
| RANGO - ISL TAL | 1.50(700 kr), 3.40 og 5.50 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 4, 6, 8 og 10 |
| ALFA OG ÓMEGA 2D | 1.50(700 kr) og 4 |







SPARBÍÓ

VERIÐ ÖRUGG - VERSLIÐ Á SPARBÍÓSÝNINGARNAR Á WWW.SAMBIO.IS




TILBOÐSSÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 950 Á GRÆNT OG KR. 650 Á APPELSÍNUGULT
SAMBÍÓIN

BÍÓ ★ PARADÍS

LAUGARDAGUR

| | |
|---|---|
| THE FIGHTER (14) | 22:20 |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE)(14) | 17:40 |
| FAR FROM HEAVEN (L) | 20:10 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40 |
| FOUR LIONS (L) | 18:00,20:00,22:20 |
| JACQUES DEMY: LES DEMOISELLES DE ROCHEFORT (L) | 20:00 |
| ÞÝSKIR DAGAR: LILA, LILA (L) | 18:00 |
| ÞÝSKIR DAGAR: IM WINTER EIN JAHR (L) | 20:00 |
| ÞÝSKIR DAGAR: SASCHA (L) | 22:00 |
| ÞÝSKIR DAGAR: POLL (12) | 22:20 |

SUNNUDAGUR

| | |
|---|---|
| FOUR LIONS (L) | 18:00, 22:40 |
| BOYS DON'T CRY (16) (Q&A) | 20:00 |
| ANOTHER YEAR (L) | 17:40 |
| THE FIGHTER (14) | 22:10 |
| ROKLAND (L) | 17:40, |
| ONE HOUR PHOTO (16) | 22:20 |
| JACQUES DEMY: LES DEMOISELLES DE ROCHEFORT (L) | 20:00 |
| ÞÝSKIR DAGAR: VIER MINUTEN (L) | 22:10 |
| ÞÝSKIR DAGAR: GOETHE! (L) | 20:10 |
| ÞÝSKIR: RENN, WENN DU KANNST (L) | 20:00 |
| ÞÝSKIR DAGAR: SCHERBENTANZ (L) | 18:00 |

BAR & CAFÉ
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

SPILUM SAMAN

# FLOTTAR Fermingargjafir
## Á FRÁBÆRU VERÐI!



4.990

4.490

Fyrir áttavillta!

**VIEWLUX 10 X 25** Nettur sjónauki. Stækkun: 10 x 25.
**SILVA FIELD 26** Áttaviti.



Fyrir körfukrakka!

18.990
(fullt verð 21.990)

2.490

**NIKE AIR MAX FULL COURT** Körfuboltaskór með loftpúðum og Flywire-styrkingu. Stærðir: 41-47,5.
**NIKE BALLER** Körfubolti.




15.990

Fyrir boxara!

4.490

**ENERGETICS SANDS FYLLD 25 KG** Boxpúði. Þyngd: 25 kg.
**ENERGETICS BOX FRENCH** Boxhanskar.



17.990
(fullt verð 19.990)

3.990

Fyrir boltasparkara!

**NIKE TOTAL 90 STRIKE III FG** Fótboltaskór úr léttu og slitsterku efni. Stærðir: 38,5-45,5.
**PRO TOUCH FORCE 3000 HS** Fótboltalegghlífar.



16.990
(fullt verð 19.990)

Fyrir fjallageitur!

**SALOMON VEGA GORE-TEX** Gönguskór með vatnsheldri GORE-TEX öndunarfilmu. CONTAGRIP- sóli með góðu gripi og dempun.



18.990
(fullt verð 21.990)

**MCKINLEY DENALI 19** Svefnpoki. Þyngd: 1.850 g. Þægindamörk: -3°C. Jaðarmörk: -19°C.



12.990
(fullt verð 15.990)

Fyrir ferðalanga!

**MCKINLEY BORA 45** Göngubakpoki. Stærð: 45 l. Þyngd: 1.580 g.



33.490
(fullt verð 47.980)

Fyrir brettatöffara!

**FIREFLY BRETTI OG BINDINGAR** Firefly Rampage snjóbretti. Stærðir: 143 - 163 cm. Firefly C20 bindingar.

# INTERSPORT

**AKUREYRI SÍMI 460 4890** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDUM SÍMI 585 7260** OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI SÍMI 480 4611** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO - www.expo.is

# sport

sport@frettabladid.is



**GUÐJÓN ÞÓRÐARSON** er eini landsliðsþjálfarinn sem hefur náð stigi í marsmánuði í undankeppni EM eða HM, en íslenska karlalandsliðið í fótbolta leikur sinn sjöunda mótsleik í mars á Kýpur í dag. Íslenska liðið náði í fjögur stig á móti Andorra (2-0) og Úkraínu (1-1) í mars 1999 en hefur síðan tapað öllum fjórum alvöru landsleikjum sínum í mars.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express deild kvenna*

**ÚRSLITAKEPPNI, UNDANÚRSLIT**

**Keflavík - KR 76-64 (38-25)**

**Stig Keflavíkur**: Bryndís Guðmundsdóttir 18/5 fráköst, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 17/5 fráköst/5 stoðsendingar, Ingibjörg Jakobsdóttir 14, Lisa Karcic 12/12 fráköst/6 stolnir/4 varin skot, Hrund Jóhannsdóttir 5, Marina Caran 5/4 fráköst, Marín Rós Karlsdóttir 3, Pálína Gunnlaugsdóttir 2/6 fráköst/5 stoðsendingar.

**Stig KR**: Margrét Kara Sturludóttir 19/6 fráköst, Hildur Sigurðardóttir 12/9 fráköst, Melissa Ann Jeltema 12/14 fráköst, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 9/9 fráköst, Hafrún Hálfdánardóttir 7, Signý Hermannsdóttir 4/7 fráköst, Helga Einarsdóttir 1.

*Keflavík leiðir einvígið, 2-1, en liðin mætast næst á sunnudagskvöldið á heimavelli KR.*

### *Sænska úrvalsdeildin*

**ÚRSLITAKEPPNI, 8-LIÐA ÚRSLIT**

**Solna Vikings - Norrköping Dolphins 81-80**

Logi Gunnarsson var með sjö stig og fimm fráköst fyrir Solna. Jafnt er í einvíginu, 1-1.

**Jämtland Basket - Sundsvall Dragons 86-75**

Jakob Sigurðarson skoraði 29 stig, þar af sextán í fjórða leikhluta, og gaf sjö stoðsendingar fyrir Sundsvall. Hlynur Bæringgson var með níu stig og tíu fráköst. Jafnt er í einvíginu, 1-1.

### *Undankeppni EM 2012*

**A-riðill: Austurríki - Belgía 0-2**

0-1 Axel Witsel (6.), 0-2 Axel Witzel (50.)

**C-riðill: Serbía - Norður-Írland 2-1**

0-1 Chris Baird (40.), 1-1 Marko Pantelic (65.), 2-1 Zoran Tosic (74.)

**C-riðill: Slóvenía - Ítalía 0-1**

0-1 Thiago Motta (73.)

**D-riðill: Lúxemborg - Frakkland 0-2**

0-1 Phillipe Mexes (28.), 0-2 Yoann Courcuff (72.).

**E-riðill: Ungverjaland - Holland 0-4**

0-1 Rafael van der Vaart (8.), 0-2 Ibrahim Affelay (45.), 0-3 Dirk Kuyt (53.), 0-4 R. van Persie (62.).

# Möguleikinn er til staðar á Kýpur

## Ísland mætir Kýpur í undankeppni EM 2012 í dag. Tveir af þremur markvarða Íslands eru meiddir og þurfti því að kalla á Harald Björnsson úr U-21 liðinu. „Þurfum að nýta okkar tækifæri," sagði landsliðsþjálfarinn.

**FÓTBOLTI** Það er ekki oft að tveir markverðir meiðast með fótboltalandsliðinu í sömu ferðinni en þegar ljóst varð á æfingu í gær að ökklinn á Ingvari Kale þyldi ekki álagið varð þjálfarinn að grípa til þess ráðs að hringja í fjórða markvörðinn. Valsmaðurinn Haraldur Björnsson kemur til Kýpur klukkan hálf þrjú í dag, nokkrum klukkutímum fyrir leik Íslands gegn Kýpur í undankeppni EM 2012. Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari hafði ákveðið fyrir nokkru að Stefán Logi Magnússon yrði í markinu í sínum 5. landsleik.

Í gærmorgun meiddist sá sem staðið hafði í markinu í síðustu leikjum, Gunnleifur Gunnleifsson. Og á sama tíma varð ljóst að Kolbeinn Sigþórsson, sem hefur verið sjóðheitur með AZ Alkmaar í Hollandi, yrði ekki með vegna meiðsla.

### Áhersla á varnarleikinn

Ólafur segist svekktur með að geta ekki nýtt Kolbein en hann, Heiðar Helguson, Alfreð Finnbogason og Gylfi Sigurðsson hafa verið að skora með liðum sínum að undanförnu. Það hefur ekki alltaf verið þannig þegar íslenska landsliðið hefur spilað að markaskorarar okkar hafi verið sjóðheitir daginn fyrir landsleik.

Ólafur leggur áherslu á varnarleik íslenska liðsins á morgun. „Kýpurmenn eru góðir þegar þeir hafa boltann en þeir eru ekkert sérstaklega duglegir að verjast, þar þurfum við að nýta okkar tækifæri," sagði Ólafur en hann gerir sjö breytingar á liði sínu frá síðasta leik, gegn Portúgal í haust.

Hermann Hreiðarsson er nú með á nýjan leik eftir meiðsli en þessi baráttujaxl heldur uppi móralnum í liðinu. Hann er orðinn 36 ára en þegar hann slæst við unglingana á milli æfinga er hann jafningi þeirra. Kraftur Hermanns og eldmóður heldur „unglingunum" við efnið. Hermann segir að nú sé tími til kominn að fá stig í þessari keppni. „Möguleikinn er til staðar, ungu strákarnir vilja allir sanna sig og festa sig í sessi."

Hermann, sem lék sinn fyrsta landsleik gegn Kýpur fyrir fimmtán árum, man vel eftir þeim leik. „Ég kom tvisvar þrisvar við boltann í leiknum, en við unnum," segir baráttujaxlinn, sem verður fyrirliði í 18. sinn í kvöld í sínum 87. landsleik.



**Á STUTTBUXUNUM** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari Íslands freistar þess að ná í sín fyrstu stig í undankeppni EM 2012 í dag.

Völlurinn sem spilað verður á tekur um 23 þúsund áhorfendur en þeir verða vart fleiri en 3-5 þúsund á morgun. Þrátt fyrir góðan árangur í Portúgal, þegar Kýpur gerði 4-4 jafntefli við Ronaldo og alla hina snillingana, er landsliðið ekki í miklum metum hér á Kýpur. Meira líf er á vellinum þegar erkifjendurnir Omonia og Apoel mætast, þá er völlurinn fullur og fjölga þarf í lögregluliðinu. Kýpurmenn hafa nefnilega fengið sinn skammt af fótboltabullum.

### Gengið betur en ég þorði að vona

En „strákarnir okkar" mæta til leiks í kvöld með það að markmiði að vinna leikinn. Það markmið hefur reyndar nokkrum sinnum áður verið sett. Heiðar Helguson er vís til að skora þriðja mark sitt í keppninni og Gylfi Sigurðsson er draugfúll að fá ekki að spila meira með Hoffenheim, þrátt fyrir að skora næstum því alltaf þegar hann reimar á sig skóna.

Á bekknum bíður Alfreð Finnbogason eftir tækifæri. „Mér hefur gengið miklu betur hjá Lokeren en ég þorði að vona. Þjálfarinn hefur trú á mér og ég finn fyrir miklum stuðningi frá stuðningsmönnum félagsins," sagði Alfreð. Leikur Kýpur og Íslands verður sýndur beint á Stöð 2 Sport klukkan 18.00.

**Arnar Björnsson**
skrifar frá Kýpur
arnar.bjornsson@365.is








**MIKILVÆGT** Pálína Gunnlaugsdóttir, lengst til vinstri, og félagar í liði Keflavíkur eru aðeins einum sigri frá sæti í lokaúrslitunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Keflavík tók 2-1 forystu gegn KR á heimavelli í gær:

# Mikilvægur sigur eftir erfiðan sólarhring

**KÖRFUBOLTI** Keflavík vann virkilega mikilvægan sigur, 76-64, gegn KR í undanúrslitum Iceland Express deild kvenna og leiðir því einvígið 2-1. Keflvíkingar byrjuðu leikinn frábærlega og náðu mest 21 stigs forskoti í fyrri hálfleik. KR-stúlkur neituðu aftur á móti að gefast upp og minnkuðu muninn niður í tvö stig í síðari hálfleik, en lengra komust þær ekki og heimastúlkur fóru því með sigur af hólmi. Bryndís Guðmundsdóttir, leikmaður Keflavíkur, átti stórleik og skoraði 18 stig. Hjá KR var Margrét Kara Sturludóttir atkvæðamest með 19 stig en hún var að spila sinn fyrsta leik í rimmunni eftir að hafa tekið út tveggja leikja bann.

„Það er alveg gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að hafa náð að landa þessum sigri," sagði Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavík, eftir sigurinn í gær.

„Við sýndum flottan karakter í þessum leik og þetta var algjör sigur liðsheildarinnar. Við spiluðum alveg einstaklega vel í fyrri hálfleik og KR-ingar áttu erfitt með að komast í gegnum vörnina okkar en það lagði grunninn af þessum sigri," sagði Jón Halldór.

Keflavík missti hina bandarísku Jacquline Adamshick í meiðsli fyrr í vikunni og fékk nýjan Kana með litlum fyrirvara fyrir þennan leik. „Síðasti sólarhringur hefur verið erfiður fyrir okkur en mér fannst stelpurnar standa sig alveg frábærlega í kvöld og ég er stoltur af þeim," sagði Jón Halldór.

„Við komum alveg hræðilega til leiks hér í kvöld," sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, eftir ósigurinn í gær.

„Liðið var greinilega ekki rétt innstillt fyrir þetta verkefni og það sást á spilamennsku okkar. Mér fannst við koma virkilega sterkar til baka í síðari hálfleik og þetta leit vel út þegar munurinn var aðeins tvö stig, en þá skyndilega hurfu mínir leikmenn af vellinum með of margar villur og það hafði mikið að segja," sagði Hrafn að lokum.

- sáp



SPORT
besta sætið
BORGUN
ÓJ&K
KÝPUR – ÍSLAND
Ísland sækir Kýpur heim í undankeppni EM í dag.
Fylgstu með Gylfa, Heiðari og félögum berjast
fyrir stolti þjóðarinnar!
Í DAG KL. 17:45
ORKA
Arion banki
VIÐ RÆSUM
Formula 1
FORMÚLUNA UM HELGINA
Nú verður Formúla 1 meira spennandi en nokkru sinni fyrr. Fimm heimsmeistarar eru í hópi þeirra sem berjast um titilinn og ýmsar tækninýjungar gera kappaksturinn enn snarpari og æsilegri en áður.
VERTU Á RÁSPÓL ÞEGAR KAPPAKSTURINN HEFST Á MORGUN
ALLTAF Í OPINNI DAGSKRÁ
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
Fyrir 203 krónur færð þú:
0,9 LÍTRA AF BENSÍNI
EÐA
UM 2 KLST. Í STÖÐUMÆLI
EÐA
1/4 AF BÍÓMIÐA
EÐA
2 DL AF BJÓR Á BARNUM
EÐA
BEINAR ÚTSENDINGAR FRÁ FORMÚLUNNI OG MARGT FLEIRA
Stöð 2 Sport kostar aðeins 203 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR
